

# Mótun stefnu um nám alla ævi

Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi

---



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Education and Culture  
Education and Training 2010

## Efnisyfirlit

<b>Grundvöllurinn að framtíðinni – ávarp ráðherra</b> .....	<b>5</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>8</b>
<b>Íslensk menntastefna í evrópsku samhengi</b> .....	<b>9</b>
<b>Mýkt í menntamálum</b> .....	<b>10</b>
<b>Lykilhæfni og lærdómsviðmið í námskráargerð</b> .....	<b>17</b>
<b>Ávarp verkefnisstjóra</b> .....	<b>19</b>
<b>Framkvæmd verkefnisins</b> .....	<b>21</b>
Umræðuhópar veturinn 2008-2009 .....	21
Niðurstöður ráðstefnu 26. febrúar 2009 .....	22
<b>Skýrsla umræðuhóps A</b> .....	<b>24</b>
<b>- viðmiðarammi um nám alla ævi</b> .....	<b>24</b>
1. Inngangur .....	24
2. Staða .....	24
Stefna Evrópusambandsins .....	24
Stefnumótun menntamálaráðuneytis .....	26
Raunfærnimat og NQF.....	26
3. Áskoranir .....	27
Samstarf skóla og atvinnulífs.....	27
4. Leiðir til úrbóta .....	28
5. Viðbrögð og umræður á ráðstefnu.....	29
Viðbrögð álitsgjafa.....	29
Samantekin umræða á ráðstefnu .....	29
<b>Skýrsla umræðuhóps B</b> .....	<b>31</b>
<b>- brotthvarf frá námi</b> .....	<b>31</b>
1. Inngangur .....	31
2. Staða .....	31
Stefna Evrópusambandsins .....	31
Stefnumótun menntamálaráðuneytis .....	33
Brotthvarf .....	34
Upplýsingaöflun.....	35
3. Áskoranir .....	35

Brotthvarfshópurinn.....	35
Starfshættir skóla .....	37
4. Leiðir til úrbóta .....	37
5. Viðbrögð og umræður á ráðstefnu.....	38
Viðbrögð álitsgjafa.....	38
Samantekin umræða á ráðstefnu .....	39
<b>Skýrsla umræðuhóps C.....</b>	<b>40</b>
<b>- efling framhaldsfræðslu .....</b>	<b>40</b>
1. Inngangur .....	40
2. Staða .....	41
Nýleg stefnumörkun á vettvangi Evrópusambandsins.....	41
Þróun og skipulag á Íslandi .....	43
Frumvarp um framhaldsfræðslu .....	44
3. Áskoranir .....	44
4. Leiðir til úrbóta .....	45
5. Viðbrögð og umræður á ráðstefnu.....	46
Viðbrögð álitsgjafa.....	46
Samantekin umræða á ráðstefnu .....	46
<b>Skýrsla umræðuhóps D.....</b>	<b>48</b>
<b>- þróun kennaramenntunar .....</b>	<b>48</b>
1. Inngangur .....	48
2. Staða .....	48
Stefna Evrópusambandsins um kennara og kennaramenntun .....	48
Ný kennaramenntun .....	50
3. Áskoranir .....	51
4. Leiðir til úrbóta .....	52
5. Viðbrögð og umræður á ráðstefnu.....	53
Viðbrögð álitsgjafa.....	53
Samantekin umræða á ráðstefnu .....	53
<b>Skýrsla vinnuhóps E.....</b>	<b>55</b>
<b>- styrking starfsmenntunar .....</b>	<b>55</b>
1. Inngangur .....	55
2. Staða .....	55
Stefna Evrópusambandsins .....	55

Stefna menntamálaráðuneytis.....	57
3. Brýnustu viðfangsefni.....	58
4. Leiðir til úrbóta.....	59
5. Viðbrögð og umræður á ráðstefnu.....	60
Viðbrögð álitsgjafa.....	60
Samantekin umræða á ráðstefnu.....	61
<b>Helstu upplýsingaveitur umræðuhópanna.....</b>	<b>63</b>
<b>Hugtakaskýringar.....</b>	<b>65</b>
<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>67</b>
<b>Viðauki I. Dagskrá ráðstefnu.....</b>	<b>69</b>
<b>Viðauki II. Rýnifundir.....</b>	<b>71</b>
Greining á umræðunni á rýnifundunum.....	71
Samantekið sérstaklega fyrir hvern vinnuhóp.....	76
<b>Viðauki III. Lykilhæfni og lærdómsviðmið.....</b>	<b>80</b>
<b>Viðauki IV. Listi yfir ráðstefnugesti.....</b>	<b>85</b>

# Grundvöllurinn að framtíðinni – ávarp ráðherra

---

*Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra*

Góðir ráðstefnugestir,  
13 ára sonur samstarfsmanns míns sagði að *Nám alla ævi* hljómaði ekki vel, *Nám **alla ævi*** hljómaði eins og nafn á hryllingsmynd.

Viðhorf til náms hefur breyst og viðhorf til náms breytist með aldrinum. Ég held að þeim skiptum fari fækkandi sem ungt fólk er spurt hvað það ætli að *verða*. Einn af kostum nútímans er að innritun í skóla er ekki endanleg ákvörðun, ekki að því leyti að þá sé ákveðið við hvað maður fást það sem eftir er ævinnar. Við vitum, og við ætlumst til þess, að við munum endurskoða reglulega við hvað við viljum fást og hvernig við viljum nýta krafta okkar. Nám alla ævi er hluti af því að hlúa að sjálfum sér, hluti af því að vera tilbúnari fyrir ófyrirsjáanlegar breytingar, *nám alla ævi* er í raun hluti af því að líða vel.



Ég vil bjóða ykkur öll hjartanlega velkomin til þessarar ráðstefnu, en hún fjallar um menntastefnuna, sem er í mótun á Íslandi í kjölfar lagasetningar um öll skólastig og kennaramenntun. Það eina sem vantar á að löggjöfin nái til allra þátta menntunar eru lög um framhaldsfræðslu, en það frumvarp liggur nú fyrir Alþingi.

Ísland er í hópi þeirra landa í Evrópu, sem hafa unnið að því undanfarin ár að endurskoða menntakerfi sín. Við höfum tekið stefnuna á nám alla ævi eins og flest önnur Evrópulönd. Evrópusambandið hvatti til þessarar endurskoðunar bæði til þess að þróun menntunar haldist í hendur við þróun á sviði tækni og efnahagsmála og til þess að hver einstaklingur fái betur notið hæfileika sinna og standi til boða nám alla ævi.

Ráðstefnan í dag er hluti af verkefni á vegum Evrópusambandsins, sem nefnist "Menntun og þjálfun 2010". Íslendingar hafa eins og önnur EFTA ríki innan Evrópska efnahags-svæðisins tekið þátt í verkefninu frá 2002. Þetta verkefni er frábrugðið þeim samstarfs-áætlunum Evrópusambandsins, sem við þekkjum að því leyti, að hér er starfað eftir annarri aðferð. Þessi aðferð nefnist opið samráð og kynnir Ágúst Hjörtur Ingbórsson hana hér á eftir. Þar er byggt á valfrjálsu samstarfi ríkjanna og gengið út frá því að menntakerfin eru ólík eins og þær lausnir og áherslur, sem löndin velja. Stefnt er að evrópsku menntasvæði þar sem hver heldur sérkennum sínum, en nemendum er auðveldað að fá nám sitt metið milli landa.

Haustið 2007 barst tilboð frá Evrópusambandinu um styrk til að undirbúa og halda ráðstefnu, innan verkefnisins "Menntun og þjálfun 2010". Þá lágu fyrir í drögum frumvörpin um endurskoðun skólakerfis og kennaramenntunar. Ákveðið var að nota styrkinn til að fjalla um mikilvæg viðfangsefni í undirbúningi framkvæmdar endurskoðaðrar menntastefnu eftir að lögin hefðu verið samþykkt. Haft var í huga að viðfangsefnið tengdust einnig vinnunni á Evrópuvísu.

Í haust hófu störf fimm umræðuhópar sem fengu það verkefni að fjalla um eftirfarandi atriði: Viðmiðaramma fyrir nám alla ævi; brotthvarf frá námi; eflingu fullorðinsfræðslu; þróun kennaramenntunar - og styrkingu starfsmenntunar. Í umræðuhópunum áttu sæti fulltrúar menntamálaráðuneytisins, hagsmunasamtök og annað áhugafólk um menntamál. Í gögnum sem dreift er á ráðstefnunni eru drög að skýrslu umræðuhópanna. Gengið verður frá skýrslunni að ráðstefnunni lokinni og verður tekið tillit til ábendinga, sem fram koma í umræðunum hér í dag.

Ef litið er á kafla hópsins, sem fjallaði um viðmiðaramma fyrir nám alla ævi kemur fram að hugmyndum um slíkan ramma hefur verið vel tekið bæði í formlega skólakerfinu og í atvinnulífinu. Viðmiðaramminn byggist á útkomumiðuðu (learning outcomes) aðferðafræðinni, sem hefur þegar verið innleidd á háskólastiginu. Þessari vinnu er ekki lokið, en Ólafur Grétar Kristjánsson og Björg Pétursdóttir gera nánari grein fyrir henni hér á eftir. En það er sjálfsagt að geta þess að útlit er fyrir að Ísland verði eitt af fyrstu löndum í Evrópu til að innleiða viðmiðaramma fyrir framhaldsskólastigið, framhaldsfræðslu og óformlegt nám.

Umræðuhópur um brotthvarf frá námi telur nauðsynlegt að rannsaka frekar ástæður brotthvarfs, þannig að hægt sé að skipuleggja fyrirbyggjandi aðgerðir á markvissan hátt. Brotthvarfshópurinn er margleitur og ástæður til brotthvarfs margar, eins og fram kemur hjá Sigurði Sigursveinssyni hér á eftir. Bent er á að í mörgum löndum hefur gefist vel að koma upp stuðningskerfi til að aðstoða nemendur, sem eru í brotthvarfshættu við að ljúka námi.

Hjá umræðuhópi um framhaldsfræðslu kemur fram að þegar sé unnið öflugt starf á vegum fræðsluaðila, kerfið sé sveigjanlegt og geti brugðist við aðstæðum í samfélaginu. Þó sé mikilvægt að bæta þjónustu einkum við ýmsa jaðarhópa, eins og öryrkja, fatlaða og innflytjendur. Einnig þurfi að beina sjónum að þeim, sem minnsta menntun hafa m.a. með því að efla náms- og starfsráðgjöf. Skilvirkt raunfærnimat er ennfremur mikilvægt fyrir þá sem standa höllum fæti. Stefán Stefánsson gerir nánari grein fyrir starfi hópsins hér á eftir.

Kennaramenntunarhópurinn vísar til nýrra laga um kennaramenntun, sem samþykkt voru á síðasta ári. Telur hópurinn mikilvægt að lenging námsins, sem ákveðin er í lögunum verði nýtt til þess að auka starfsþjálfun kennaranema. Miða eigi kennaramenntun við ólík hlutverk kennara eftir skólastigum og námsgreinum. Einnig er bent á mikilvægi endurmenntunar eins og Sigurjón Mýrdal kemur að.

Hópurinn, sem ræddi styrkingu starfsmenntunar bendir á að nota beri þau tækifæri, sem ný framhaldsskólalög fela í sér til að auka fjölbreytni í starfsnámi. Lögin bjóði til dæmis þann möguleika að skólar og fyrirtæki sameinist um að skipuleggja námsbrautir. Lögð er áhersla á góð tengsl við atvinnulífið og bent á að í mörgum tilvikum sé hagkvæmast að starfsþjálfun fari fram í fyrirtækjum þar sem vélakostur og fagþekking eru til staðar. Þórir Ólafsson gerir nánari grein fyrir tillögum hópsins.

Af því sem ég hef talið upp má gera ráð fyrir að umræður dagsins eigi eftir að vera fjörugar og árangursríkar. Allar tillögur sem koma fram á ráðstefnunni munu nýtast við þá vinnu, sem nú fer fram í menntamálaráðuneytinu í kjölfar lagabreytinganna.

Menntakerfið er eitt það mikilvægasta sem hver þjóð á. Þar er grundvöllurinn að framtíðinni lagður. Barn sem byrjar í leikskóla í dag er að útskrifast úr háskóla á fjórða áratugi 21. aldarinnar. Við megum aldrei gleyma því að menntakerfið snýst um þetta barn, þennan nemanda, það snýst um framtíðina og því er mikilvægt að menntakerfið sé gott, framsýnt og lýðræðislegt.

Ég vil þakka öllum þeim sem tekið hafa þátt í undirbúningi ráðstefnunnar og undirstrika mikilvægi þess að hafa sem víðtækast og best samstarf við aðila utan ráðuneytisins þegar menntastefna er mótuð.

# Inngangur

---

Á fáum árum hefur nær öll löggjöf um menntun hér á landi verið endurskoðuð. Árið 2006 voru sett ný lög um háskóla og vorið 2008 samþykkti Alþingi ný lög um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um framhaldsfræðslu og boðuð hafa verið frumvörp um breytingar á lögum um tónlistarfræðslu og búnaðarfræðslu. Umtalsverðar breytingar hafa átt sér stað í stofnanaskipulagi innan skólakerfisins t.d. með sameiningu háskóla, breytinga á rekstrarformi og nýjum stofnunum á sviði framhaldsfræðslu.

Sú nýja menntastefna sem liggur að baki nýrri löggjöf hefur verið unnin í samráði við fjölda aðila hér innan lands m.a. kennarasamtök, sveitarfélög og aðila atvinnulífsins. Í stefnumótuninni hefur verið stuðst við áherslur í þróun menntunar á alþjóðavettvangi ekki síst innan Evrópusambandsins. Hefur þar nýst vel þátttaka íslenskra fulltrúa í fjölmörgum stefnumótunarhópum sem settir hafa verið á fót með aðild landa innan Evrópska efnahagsvæðisins til að fylgja eftir svokallaðri Lissabonáætlun.

Menntun og þjálfun skipa mikilvægan sess í stefnu Evrópusambandsins um vöxt og atvinnusköpun sem kennd er við Lissabon. Hluti af áætluninni varðar almenn stefnumið um menntun og þjálfun sem stefnt er að því að ná fram innan Evrópusambandsins fyrir árið 2010. Með opnu samráði, þróun tölulegra mælikvarða og viðmiða er ætlað að leggja grunn fyrir stefnu sem byggir á raungögnum (evidence-based policy). Í maí 2007 samþykkti ráðherraráð sambandsins 16 árangursvísa sem mæla eiga framgang Lissabon markmiðanna. Þessir árangursvísar eru eftirfarandi:

- |                                |  |
|--------------------------------|--|
| 1. þátttaka í leikskólamenntun | 10. hlutfall ungs fólks sem lýkur framhaldsskóla |
| 2. sérkennsla                  |  |
| 3. brotthvarf úr námi          | 11. fagleg þróun kennara                         |
| 4. færni í lestri              | 12. hlutfall þeirra sem ljúka háskólamenntun     |
| 5. stærðfræði og vísindum      | 13. hlutfall þeirra sem sækja nám erlendis       |
| 6. færni í tungumálum          | 14. þátttaka í símenntun                         |
| 7. færni í upplýsingatækni     | 15. raunfærni fullorðinna                        |
| 8. borgara- og samskiptafærni  | 16. fjárfesting í menntun og þjálfun.            |
| 9. færni í að læra             |  |

Íslensk menntastefna kemur inn á flesta þessa þætti og í mörgum þeirra stendur Ísland mjög vel. Á öðrum mælikvörðum kann að vera lengra í land og beinist sú umræða sem nú á sér stað hér á landi meðal annars að þeim sviðum. Sú skýrsla sem hér er lögð fram lýsir niðurstöðum umræðuhópa sem fjallað hafa um tiltekna málaflokka sem allir snerta viðfangsefni íslenskrar menntastefnu sem skoðuð er í ljósi áhersla Evrópusambandsins í menntun. Nám alla ævi og áhersla á þá hæfni sem nemendur tileinki sér er þar rauður þráður.



# Íslensk menntastefna í evrópsku samhengi

---

*Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu*

Á undanförunum árum hefur átt sér stað heildarendurskoðun löggjafar um íslenskt menntakerfi. Árið 2006 voru samþykkt á Alþingi rammalöggjöf um háskóla þar sem sett voru fram skýr viðmið um uppbyggingu og tryggingu gæða náms á háskólastigi. Vorið 2008 samþykkti Alþingi fimm frumvörp er vörðuðu öll skólastigin og menntun og ráðningu kennara. Þetta voru lög um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda ásamt lögum um opinbera háskóla. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um framhaldsfræðslu (continuing education).

Að baki þessari löggjöf allri liggur stefna um nám alla ævi þar sem horft er að menntakerfið sem eina heild frá leiksskóla til háskóla og framhaldsfræðslu. Einnig er lögð áhersla á að horfa til óformlegrar menntunar sem fer fram utan skólakerfisins og meta að verðleikum þá hæfni sem einstaklingurinn tileinkar sér í lífi og starfi. Litið er á þekkingu, kunnáttu og færni ekki einungis út frá forsendum skólakerfisins heldur einnig út frá þörfum og óskum einstaklings og samfélags. Svar menntakerfisins við örum breytingum á þjóðfélagsháttum er að bjóða tækifæri og val um menntun, í víðum skilningi þess orðs, alla ævi og koma þannig til móts við breytilegar þarfir hverju sinni. Sú menntastefna sem hin nýja löggjöf markar tekur um margt mið af áherslur Evrópusambandsins um menntun og þjálfun. Má þar nefna áherslu á nám alla ævi, lykilhæfni, lærdóm (learning outcomes), lærdómsviðmið (qualification framework), að draga úr brotthvarfi frá námi, auka gæði kennaramenntunar og að auka tengsl menntunar og atvinnulífs, m.a. með raunfærnimati. Þessir þættir koma með skýrum hætti fram í lögnum um skólastigin og menntun kennara og gert er ráð fyrir að þeir verði áfram mótaðir í námskrám, reglugerðum og framkvæmd laganna. Frekari mótun stefnunnar í þeirri innleiðingu sem framundan er mun markast af þessum sameiginlegum áherslum en jafnframt taka mið af aðstæðum hér á landi og sjónarmiðum sem hér eru uppi.

Sé litið til þeirra mælikvarða sem settir hafa verið um framgang þeirra markmiða sem Evrópusambandið hefur sett sér til ársins 2010 kemur í ljós að margt má betur fara hér á landi. Þó svo að menn kunni að greina á um hvort þessir séu einu réttu mælikvarðarnir á árangur í menntakerfum þá verður ekki hjá því vikist að taka alvarlega vísbendingar svo sem um hnignandi lestrarkunnáttu og mikið brotthvarf frá námi. Nýrri stefnumótun og lagasetningu um íslenskt menntakerfi er ætlað að skapa forsendur til að efla íslenskt menntakerfi á þessum og fleiri sviðum. Innleiðing nýrrar menntastefnu og laga sem framundan er mun þurfa að metast á slíka mælikvarða á árangur og fylgjast verður með hvert þau skref sem tekin verða á næstu mánuðum munu leiða. Þannig verður stöðugt að fylgja ferli þróunar, innleiðingar, framkvæmdar og gæðatryggingar.

Nú þegar hugað er að því hvaða áherslur eigi að setja í menntun í Evrópu næstu tíu árin er ljóst að vissrar óþreyju gætir meðal almennings og stjórnámálanna meðal annars í ljósi efnahagskreppunnar. Er menntakerfið í raun að koma til móts við þarfir einstaklinga og samfélags um menntun? Eru þeir mælikvarðar sem settir eru á árangur í menntun of þröngir, t.d. hvað varðar hæfni til sköpunar, samskiptahæfni, siðferðisþroska o.s.frv. Nauðsynlegt er að leita svara við slíkum spurningum jafnt á Íslandi sem á Evrópskum vettvangi og í þeirri viðleitni, umræðum, mati og framkvæmd felst sproti áframhaldandi framþróunar í menntun.

# Mýkt í menntamálum

---

## Vangaveltur um „opið samráð“ og mjúka og harða stjórnhætti á vettvangi Evrópusambandsins<sup>1</sup>

Ágúst H. Ingbórsson, framkvæmdastjóri Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands

Góðir ráðstefnugestir,

Það stóð til að hér tæki til máls fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, Gordon Clark, sem lengi hefur leitt úti í Brussel það starf sem okkar vinna hér í dag er hluti af. Af því gat ekki orðið og þá varð að ráði að ég héldi hér fyrirlestur um aðferðafræði samstarfs í menntamálum, nánar tiltekið um opið samráð eða „Open Method of Coordination.“ Ég hef lengi bæði fylgst með og tekið þátt í evrópsku samstarfi, eins og mörg ykkar vitið, en hitt vita sjálfsagt færri að ég er einnig að vinna að rannsókn sem er hluti af doktorsnámi mínu við Háskóla Íslands, sem meðal annars beinist að áhrifum af þátttöku Íslands í evrópsku samstarfi á stefnumótun á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar.

Það er fernt sem ég hyggst fara yfir: Í fyrsta lagi bakgrunninn að opnu samráði á vettvangi ESB í menntamálum; í öðru lagi að útskýra stuttlega þetta fyrirbæri „opið samráð“ frá sjónarhóli stjórnsýslufræða; í þriðja lagi að ræða hvernig opið samráð er ein af stjórnunaraðferðunum á vettvangi ESB, flokkuð með mjúku stjórnækjunum sem ESB beitir; og loks í fjórða lagi að meta hvernig til hefur tekist sérstaklega með opið samráð um markmið í menntamálum, bæði á vettvangi ESB og með þátttöku Íslands.

Bakgrunnurinn að opnu samráði ESB ríkjanna á vettvangi menntamála er Lissabon markmiðssetningin frá 2000 sem flestir kannast eflaust við. Til upprifjunar, þá settu leiðtogar Evrópusambandsríkjanna á fundi sínum í Lissabon árið 2000 fram það yfirmarkmið að Evrópa yrði orðið „samkeppnishæfasta og sveigjanlegasta þekkingarhagkerfi jarðarinnar árið 2010, fært um viðvarandi hagvöxt sem einkenndist af fleiri og betri störfum og aukinni félagslegri einingu.“ (European Council, 2000)

Það hefur orðið mörgum óviðráðanleg freisting að henda gaman að þessari markmiðssetningu og líklega hefði hóflegri markmiðssetning verið heppilegri þar sem tala hefði mátt um að gera Evrópu samkeppnishæfari o.s.frv. – fremur en setja sér markmið sem augljóslega var ekki hægt að ná á sama tíma og sambandið var að stækka og takast á við ný og flóknari verkefni. En þrátt fyrir slíkan oflátungshátt og hugsanlega vegna þess hvernig hefur verið úr þessu unnið – þá hefur þessi markmiðssetning haft heilmikil áhrif að mínu mati á starf á vettvangi Evrópusambandsins sem síðan hefur aftur haft áhrif í sumum málaflokkum á stefnumótun og framkvæmd í einstökum aðildarríkjum. Það fylgdu nefnilega yfirmæli um hvernig unnið skyldi að því að ná fram þeim markmiðum sem leiðtogarnir voru sammála um. Í langri yfirlýsingunni er m.a. að finna tilmæli til framkvæmdastjórnar og þings um lög og reglugerðir er lúta að hinum innri markaði,

---

<sup>1</sup> Erindið birtist hér óbreytt frá því sem það var flutt á ráðstefnunni og ber framsetningin þess merki. Einungis var bætt inn allra nauðsynlegustu tilvísunum. Hér er því ekki um að ræða fræðilega greinargerð um viðfangsefnið, eða framsetning á niðurstöðum rannsókna höfundar á því. Það bíður betri tíma.

aðgerðir til að ýta undir þróun upplýsingasamfélags í Evrópu og að komið yrði á evrópsku vísinda- og nýsköpunarsvæði.

### **Opið samráð sem aðferðafræði**

Til að fylgja markmiðssetningunni frá Lissabon eftir á sviðum menntunar, rannsókna og nýsköpunar, sem og atvinnu- og félagsmála, lögðu leiðtogarnir áherslu á að nýttar yrðu aðferðir opins samráðs. Í yfirlýsingu leiðtoganna er þessi aðferð sögð fela í sér fjóra meginþætti:

1. Að setja markmið í hverjum málaflokki og gera tímaáætlun um hvenær stefnt er að því að ná þeim markmiðum, bæði til skemmri tíma og lengri;
2. Að setja mælikvarða og viðmið (*benchmarks & indicators*) til að grundvalla á samanburð milli Evrópuríkja innbyrðis, en ekki síður samanburð milli frammistöðu ESB annars vegar og þess sem best er gert hins vegar (og þá vegur samanburður við Bandaríkin og Japan ævinlega þungt – sérstaklega þegar kemur að mati á samkeppnishæfni);
3. Að útfæra í hverju landi og á hverju sviði sértæk markmið sem tekin eru upp í stefnumótun sem tekur tillit til staðbundinnar sérstöðu;
4. Reglubundna vöktum með framgangi, úttektir og jafningamat sem skipuleggja beri sem gagnkvæman lærdóm. (European Council, 2000 sjá málsgrein 37)

Ef við lítum á þetta frá sjónarhóli stjórnsýslufræða, þá má greina hér fimm mikilvæg atriði, sem rétt er að gera greinarmun á en sem mynda þó saman eina heild:

### **Fimm mikilvæg atriði opins samráðs**

Í fyrsta lagi er **Afmörkun** (e. *Framing*); þ.e. ferlið að setja stefnu og markmið, setja mál á dagskrá og gera tímaáætlanir. Það má orða það svo að í þessu felist að afmarka **rammann** sem er utan um allt ferlið sem leiddi af yfirlýsingu leiðtoganna í heild sinni, en einnig afmarkaða þætti þess.

Í öðru lagi er **Magngering** (*quantification*) viðfangsefnisins sem felst í því að setja bæði **mælikvarða** (þ.e. hvað er það sem við ætlum að mæla – t.d. er brotthvarf úr hópnunum 20-24 ára mikilvægur mælikvarði í menntamálum) og **viðmið** (þ.e. hvað telst viðunandi magngerður árangur – og þar er viðmiðið að 85% af árgangi ljúki framhaldsskólanámi svo haldið sé áfram með sama dæmi). Þessi magngering er forsenda fyrir næstu þremur atriðum;

Í þriðja lagi er hugtakið **árangur** kynnt til sögunnar; sett er upp reglubundið ferli til að gera **grein fyrir árangri** (monitoring í yfirlýsingu ráðherranna) og það er um leið ferli til að **meta árangur** (í þessu felst að hvert land gerir grein fyrir árangri eftir ólíkum sviðum sem gerir margvíslegan innbyrðis samanburð mögulegan og þessi árangur er síðan allur lagður saman í heildarárangur ESB sem er aftur borinn saman við t.a.m. árangur Bandaríkjanna í heild en þó sérstaklega á ákveðnum sviðum);

Í fjórða lagi er *Policy learning* – sem vefst aðeins fyrir mér að þýða – stefnumótunar-lærdómur er ekki sérlega þjálft; það ferli að allir noti sömu mælikvarða og beri saman mælingar sínar og mat á árangri felur í sér hvatningu til að læra hver af annars opinberri stefnu. Grunnhugmyndin er sáræinföld: Með því að draga fram og vekja athygli á góðum fordæmum (*best practice*) er í senn verið að gefa mönnum hugmyndir um hvernig hægt er að gera hlutina og um leið verða góðar hugmyndir að fyrirmyndum sem virkar

hvetjandi á að einhverju sé breytt á heimaslóð. Ég vil halda því til haga hér, þótt ekki sé tími til að fara mikið út í það, en hér hefur framkvæmdastjórn ESB haft mikilvægu hlutverki að gegna og ólík nálgun mismunandi stjórnardeilda ESB sem fara með mismunandi málaflokka á þennan þátt hefur að mínu mati haft mikið með það að gera hversu misjafnlega hefur tekist til að nýta opið samráð.

Í fimmta lagi er félagslegi þátturinn í þessu (*social sanctioning*) – félagslegt taumhald sem í tilfalli opins samráðs má kalla **hópþrýsting jafningja**; almenn skilgreining á *social sanctioning* er sú að hópar hafa taumhald á meðlimum sínum með því að sýna félagslega velþóknun/vanþóknun sem hvetur einstakling eða letur eftir atvikum til að haga sér á tiltekin máta. Hegðun þjóða er vitaskuld miklu mun flóknara mál þar sem hún er samtala af hegðun margra ólíkra einstaklinga; en hópurinn „Evrópuþjóðir“ getur haft áhrif á hegðun einstakra ríkja með óbeinum hætti með því að sýna – t.a.m. með samanburði á árangri – velþóknun/vanþóknun sem hreinlega liggur í tölunum sjálfum; fjarlægðin frá viðmiðinu felur þá í sér dóminn. Þetta taumhald virkar þannig að það eru alltaf einstaklingar sem eru fulltrúar þjóða sinna og þegar þeir koma saman þá myndast félagslegur þrýstingur í hópi jafningja. Þannig bera leiðtogar Evrópuríkjanna sig saman, þegar fagráðherrar eins og menntamálaráðherrar hittast þá getur þessi félagslegi þáttur haft áhrif og ekki síður þegar embættismenn hittast og jafnvel þeir sem sjá um að hrinda í framkvæmd opinberri stefnu – eins og stjórnendur í skólakerfum.

Rammi (*frame-ing*) er hér lykilhugtak – leiðtogarnir setja rammann og fagráðherrar útfæra þessi markmið og embættismennirnir útfæra síðan leiðirnar að þessum markmiðum en þurfa að gera það innan þess ramma sem settur er og þá með þeim viðmiðum og mælikvörðum sem ákveðnir hafa verið. Þetta felur síðan í sér (1) ferli til að gera grein fyrir því hvar menn standa með tilliti til þessa ramma, bæði í heild (þ.e. Lissabon ferlið allt) og á afmörkuðum sviðum (t.d. menntun), (2) ferli til að menn geti lært hver af öðrum varðandi bæði útfærslu á stefnu og hvernig er mögulegt að hrinda henni í framkvæmd hver á sinni heimaslóð og loks (3) félagsleg aðhald á öllum stigum stjórnsýslunnar sem fæst með því að gera grein fyrir árangri manna út frá þeim markmiðum og viðmiðum sem menn hafa sjálfir undirgengist og í greinargerðinni sjálfri felst þannig velþóknun/vanþóknun eftir því hvernig menn standa sig. Þessi félagslegi þrýstingur er þannig bæði á vettvangi embættismanna sem og stjórnámálanna – nema auðvitað íslenskra stjórnámálanna sem standa að mestu utan við pólitíska þáttinn í þessu ferli.

### **Mjúkir stjórnhættir**

Snúum okkur þá að því hvernig opið samráð er hluti af samstarfi ríkja á vettvangi ESB – og orð mín um félagslegt taumhald eru raunar innlegg í þá umræðu. Þetta verklag allt sem ég hef lýst, einkennist öðru fremur af því sem kallaðir eru mjúkir stjórnhættir (*soft governance*) sem eru þá andstæða við „harða“ stjórnhætti (*hard governance*) sem fela í sér lög og reglugerðir sem fylgt er eftir með framkvæmda- og dómsvaldi – þessi hefðbundna hugmynd sem við höfum um hvernig einstökum ríkjum er stjórnað.

En hvers vegna opið samráð fremur en önnur hefðbundnari og harðari stjórnæki til að ná ofur-metnaðarfullum markmiðum leiðtoga Evrópusambandsríkjanna? Fyrir því eru almennt tvíþætt rök og í tilfalli menntunar og e.t.v. fleiri málaflokka þriðju rökin einnig. Þau fyrstu eru skýr og einföld. Það blasir við á vettvangi ESB að sambandið sem slíkt hefur ekki yfirráð yfir mörgum málaflokkum í þeirri merkingu að ekki er unnt að setja lög

og reglur á vettvangi Evrópusambandsins, heldur liggur forræðið hjá þjóðríkjunum. Menntun er klárlega eitt slíkt svið og þar er því ekki möguleiki á harðri stjórnun í boðhætti, heldur verða menn að leita annarra leiða.

Önnur rökin lúta að greinarmun sem gera má á málaflokkum eftir eðli þeirra. Mjúkir stjórnhættir eiga við þar sem ekki eru augljóslega rétt eða röng svör við tilteknum spurningum eða afgerandi réttar leiðir til lausna tiltekinna vandamála. Að sama skapi eigi harðir stjórnhættir við þar sem til eru rétt svör og röng, réttar leiðir og rangar. Þetta er best að skýra með dæmum – af vettvangi ESB: Tökum matvöru – sumt er hollt og annað óhollt, en síðan er fullt af efnum sem eru allt að því eða jafnvel beinlínis banvæn. Ef ég fæ of mikið af þungmálum eða tilteknum litarefnum þá drepst ég líklega á endanum. Til að hafa stjórn á þeim sem framleiða matvæli á evrópska efnahagssvæðinu hefur ESB sett mikinn reglugerðarbálg þar sem nánast öll þekkt efni undir sólinni eru tilgreind og lögfestar ýmsar takmarkanir á notkun þeirra við hinar ýmsu aðstæður og þ.á.m. við framleiðslu matvæla. Fari menn ekki að þessu, þá er hægt að fara með þá fyrir dómstóla og á endanum að taka þá úr umferð og setja í fangelsi ef brotin réttlæta það.

Það er hins vegar ekki til eitt rétt svar við því hversu hátt hlutfall þjóðar þurfi að hafa háskólamenntun, hvað þá hvaða menntunarlega samsetning er „rétt“. Þess vegna væri út í hött, jafnvel þótt ESB hefði yfirráð fyrir málaflokknum, að setja um slíkt tilskipanir eða reglugerðir. Ekki frekar en menn setja tilskipanir um að öllum Evrópubúum beri að borða eitt epli á dag, annars fá þeir sekt, þótt öllum megi vera ljóst að það sé hollt að borða eitt epli á dag. Það gildir raunar einu hér hvar forræðið liggur; sumir málaflokkar eru mjúkir í eðli sínu í þessum skilningi að lagasetningar og formleg eftirfylgni með því að lögum sé framfylgt henta ekki sem stjórnæði. Það þarf þannig aðra nálgun til að stjórna – í þeim hefðbunda skilningi hugtaksins „að stjórna“ að hafa bein áhrif á atferli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana og marka ramma þess sem er leyfilegt.

Þriðja atriðið sem ég vil nefna tengist hugtakinu „samráð“ og skiptir miklu máli í menntamálum. Enska orðið „co-ordination“ felur raunar ekki síður í sér það sem við köllum samræmingu, enda kemur vel til álita að þýða „Open method of co-ordination“ sem „opin samræming“ með vísun í samræmingu í tilteknum málaflokkum milli ólíkra Evrópuríkja. Það felur jafnframt í sér það sem við köllum „samhæfingu“ og er eitthvað aðeins meira en samræming. Það sem fyrir leiðtogum ESB vakti með því að leggja áherslu á opið samráð var aukin samræming og samhæfing milli ESB ríkja í málaflokkum sem ekki eru á forræði ESB, en hafa klárlega mikil áhrif á samkeppnishæfni Evrópu. Forsendan fyrir samræmingu og samhæfingu er samráð og þetta held ég séu rökin fyrir því að opið samráð varð fyrir valinu sem hið opinbera íslenskt heiti á þessari aðferðafræði í evrópsku samhengi árið 2005 eða jafnvel fyrr.

Í málaflokki eins og menntun og þjálfun er ekki síður þörf á samráði, samræmingu og samhæfingu innanlands, en milli landa, eins og allir sem til þekkja vita og þekkja ugglaut á eigin skinni. Stóra verkefnið framundan í íslensku menntakerfi er að mati margra að samhæfa betur ólík skólastig, starf ólíkra menntunaraðila o.s.frv. þannig að kerfið virki sem ein heild. Það er mikilvægur þáttur í að hrinda í framkvæmd nýrri eða nýlegri löggjöf um menntakerfið frá vöggju til grafar – þótt ennþá vanti síðasta hlutann í lagabálginn, þ.e. nám fullorðinna. Það verður ekki tekist á við þessi stóru verkefni án þess að þeir sem eiga hlut að máli komi mjög mikið að málum. Í málaflokkum eins og menntun eru skilin milli (opinberrar) stefnu og innleiðingar eða framkvæmdar á stefnu

ekki skörp, því segja má að stefnan fái ekki fyllilega merkingu fyrr en í framkvæmdinni og útfærslunni sjálfri.

Því til áréttingar nægir að lesa hluta úr 2. gr. framhaldsskólalaga:

Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. ("Lög um framhaldsskóla [Act on secondary schools]," 2008)

Hlutverkið er svo víðfemt og í raun opið í þeirri opinberu stefnumótun sem birtist í lögunum að það er ekki einfalt mál að setja fram starfhæfar skilgreiningar (*operational definition*) á því hvað beri að gera og hvað megi ekki gera. Það verður bara gert í starfinu sjálfu.

Eitt mikilvægt atriði til viðbótar, áður en ég sný mér að lokahlutanum: Hugtakið „open“ – í „Open Method of Co-ordination“ á vettvangi ESB felur í sér að engin þjóð er þvinguð til þátttöku í þessu ferli, umfram þá félagslegu þvingun sem kann að felast í því fyrir embættismenn og ráðherra að mæta á sameiginlega fundi og vera ítrekað á tossabekk. En er það í reynd opið? Við vitum að í menntamálunum og raunar einnig í vísindamálunum hefur verið mjög misjafnt hversu virkan þátt ESB ríkin taka í starfi einstakra undirhópa – en sú spurning er áleitin hvort þau ríki sem eru aðilar að ESB eigi í reynd mikið val með að reyna að ná þeim markmiðum sem leiðtogar þeirra hafa sjálfir undirgengist.

### **Mat á heildarárangri**

Þá erum við komin að því að fjalla um hvernig hefur til tekist. Það er ljóst að stóru markmiðin sem sett voru í Lissabon árið 2000 munu ekki nást. Yfirmarkmiðin voru mjög óraunsæ, eins og reyndar kom fram þegar árið 2004 í frægri skýrslu fyrrverandi forsætisráðherra Hollands sem stýrði úttekt á Lissabon ferlinu. (European Union, 2004) Mörg þau tölulegu viðmið eða takmörk sem sett voru hafa einnig reynst óraunhæf. Í rannsóknageiranum var t.a.m. sett fram það takmark að útgjöld til rannsókna og þróunarmála samanlagt innan ESB ættu að ná 3% af þjóðarframleiðslu árið 2010. Því fer fjarri að það muni nást heldur hafa menn nú áhyggjur af því að halda þeim hlut sem var í upphafi aldarinnar.

Er þá þessi vegferð öll sem hófst í Lissabon tóm endaleysa? Um það eru menn ekki sammála. Til að svara því þarf að líta dýpra heldur en bara á barnalegar yfirlýsingar þjóðarleiðtoga um vilja til að verða stærstir og bestir og horfa ekki eingöngu á töluleg viðmið – heldur á þróun í stefnumótun og á ferlið í heild sinni. Hér skiptir heildarnálgunin ekki síður máli en einstakir málaflokkar eins og menntamál.

Í framhaldi af markmiðssetningunni árið 2000 var sett á laggirnar einskonar framkvæmdaráð fyrir það sem fylgdi í kjölfarið og fljótlega var farið að kalla Lissabon-ferlið. Reglulega er fylgst með framgangi mála á fjölmörgum undirsviðum – þar sem þessi yfirmarkmið voru brotin niður í smærri markmið sem voru magngerð þar sem því var við komið. Á tveggja ára fresti senda síðan einstök aðildarríki sínar skýrslur um framgang mála og loks er lögð heildarskýrsla fyrir leiðtogana á tveggja ára festi um hvernig gengur – sem er misjafnt eftir sviðum. Það er niðurstaða þeirra rannsókna sem ég þekki til að það sem **þó** hefur áunnist, sé ekki síst þessu ferli að þakka og því hversu ákveðið er gengið fram í að fylgjast með og segja frá árangri eða skorti á honum hjá einstökum

ríkjum og ESB sem slíku. Segja má að Lissabon ferlið í heild sé í eðli sínu opið samráðferli Evrópusambandsríkjanna um samstíga samfélagsþróun ríkjanna á fyrsta áratug 21stu aldarinnar. Hið minnsta má segja að það sé tilraun til slíkrar samstíga þróunar.

### **Árangur opins samráðs**

Við vitum að það hefur gengið mjög misjafnlega eftir málaflokkum, en ef við lítum sérstaklega á menntun og þjálfun þá virðast mér rök standa til þess að álykta að aðferðafræði opins samráðs hafi virkað einna best í menntamálum af þeim málaflokkum þar sem hún hefur verið tekin upp á vettvangi Evrópusambandsins. Þannig hefur norskur fræðimaður Åse Gornitzka fært fyrir því nokkuð sannfærandi rök að sú stefnumótunarvinna Evrópusambandsins í menntamálum sem við köllum *Menntun og þjálfun 2010* marki vatnaskil í þróun evrópskrar menntastefnu (Gornitzka, 2006). Með því á hún við að málaflokkurinn taki núna pólitískt rými á vettvangi ESB sem hann gerði ekki áður. Hér er tvennt sem skiptir máli: Í Lissabon yfirlýsingunni eru menntun og þjálfun kyrflega sett fram sem lykilatriði fyrir samkeppnishæfni og þar með sem hlut af efnahagsstefnu. Opið samráð í menntamálum hefur síðan leitt af sér aukið samráð og samhæfingu á vettvangi stefnumótunar. Hvortveggja hefur ýtt þessum málaflokki ofar á forgangslista evrópskra stjórn mála.

Mínar eigin rannsóknir lúta að þátttöku Íslands á tveimur málaflokkum sem Ísland hefur haft aðgang að og tekið einhvern þátt í: Menntun og þjálfun 2010 annars vegar og samstarfi undir hatti Vísindastefnunefndar ráðherraráðs ESB (CREST) hins vegar. Á þessum tveimur málaflokkum er mikill munur get ég fullyrt – bæði hvað varðar þátttöku Íslands og einnig árangurinn af starfinu á vettvangi ESB.

Í menntun og þjálfun gefur mat sérfræðinga til kynna að ferlið sem slíkt hafi gengi vel og fulltrúar ríkjanna telja að það hafi skilað árangri og það þrátt fyrir að árangur á sumum af þeim tölulegu mælikvörðum sem settir voru fram hafi látið á sér standa. Þátttaka Íslands í þessu starfi hefur haft bein áhrif á vinnu við stefnumótun á Íslandi. Sem dæmi má nefna að við sömdum okkar fyrstu heildstæðu stefnu um nám alla ævi árið 2006. Sú staðreynd að þátttaka okkar í þessu starfi fól í sér „kröfu“ um að við skiluðum okkar skýrslu til framkvæmdastjórnar ESB, eins og allir hinir, knúði á um að sett var fram heildstætt stefnuplagg í þessum málaflokki.

Þau tvö verkefni sem unnin hafa verið hér á landi með stuðningi átaksverkefnisins „Menntun og þjálfun 2010“ hafa aukið samráð umfram það sem annars hefði verið. Ég tel að það samráð hafi skilað sér árið 2006 í því að það var nokkuð góð sameiginleg sýn á að heildræn nálgun væri nauðsynleg og sú hugsun skilaði sér síðan aftur inn í lagafrumvörp um þrjú skólastig sem lögð voru fram árið 2007 og samþykkt 2008. Af þeirri reynslu má leiða af líkum að sú samvinna sem hefur átt sér stað núna geti stuðlað að sameiginlegri sýn á það hvernig við getum framkvæmt þá stefnu sem sett hefur verið fram í nýrri löggjöf og jafnframt búið okkur undir ný verkefni sem við stöndum frammi fyrir í ljósi breyttra efnahagsaðstæðna.

Í vísinda- og rannsóknámálunum er þessu allt öðruvísi farið. Þar er árangurinn á vettvangi ESB mun snautlegri og þá er ég ekki fyrst og fremst að tala um hvernig gengið hefur að ná tölulegum árangri – sem lítill hefur verið.

Skýringin á mismuninum á þessum tveimur málaflokkum er sú sama bæði á vettvangi ESB og varðandi þátttöku Íslands. Í menntamálanum hefur framkvæmdastjórn ESB verið virk í að greiða fyrir samstarfi landanna og séð til þess að vinnuhópar sem settir hafa verið í gang hittist og skili einhverjum árangri. Menntamálaráðuneytið hefur að sama skapi tekið virkan þátt í þessu starfi og haldið utan um það með skipulegum hætti þannig að þátttökunni var dreift á starfsfólk ráðuneytisins og reynt að sjá til þess að sá lærdómur sem fékkst út úr samráðinu væri inn í myndinni í stefnumótunarvinnu.

Í vísinda- og rannsóknamálanum hélt framkvæmdastjórnin sig miklu meira til baka þar sem ferlið var keyrt undir einni af nefndum ráðherraráðsins. Fyrir vikið var undir hælinn lagt hversu virkir vinnuhóparnir sem settir voru á laggirnar voru – það fór eftir áhuga og drifkrafti viðkomandi formanna hópanna sem allir voru auðvitað upptekið fólk í stjórnáslu sinna heimalanda. Það var heldur ekki sama skipulag á því hvernig gerð var grein fyrir framgangi starfsins og ferlið við að segja frá árangri og bera saman árangur var allt í skötulíki. Útkoman var því ófullnægjandi að mati margra fulltrúa ríkjanna og um þessar mundir er verið að ræða öðruvísi nálgun til að reyna að koma þessu ferli aftur af stað – væntanlega þá ekki með markmiðssetningu ársins 2010 í huga, heldur er horft til lengri framtíðar. Þátttaka Íslands var einnig ómarkviss og ekki samhæfð á neinn máta eða tengd innra starfi á vegum menntamálaráðuneytis eða Vísinda- og tækniráðs að stefnumótun á sviðinu. Því kom lítið út úr mjög takmarkaðri þátttöku Íslands.

### **Veldur hver á heldur**

Lexían af þessu er ekki frumleg – en mikilvæg engu að síður. **Veldur hver á heldur.** Aðferðafræði opins samráðs er í sjálfu sér ekki annað en nákvæmlega það – ein **aðferð** sem hægt er að nýta bæði vel og illa. Við stefnumótun og innleiðingu umbóta í menntun og þjálfun hefur hún verið vel nýtt að mínu mati, í rannsóknageiranum illa nýtt.

Að lokum þetta: Ef lagt er saman það sem ég hef hér sagt og það sem Arnór hafði fram að færa, þá er niðurstaðan sú að menntastefna á Íslandi hefur þróast í evrópsku samhengi og **er** nú mótuð því; öll ráðstefnan er vitnisburður um það eins og sjá má af undirtitli hennar. Þess vegna kann fjarvera fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB að vera hið besta mál; það er enginn hér **að utan** til að þröngva neinu uppá okkur, heldur erum við í sameiningu að leggja okkar í púkkið við að móta og útfæra menntastefnu á Íslandi – en við gerum það í evrópsku samhengi:

- ... í þeim skilningi að við erum upplýst um markmið annarra, viðmið og mælikvarða;
- ... í þeim skilningi að við veljum sjálf hvað við viljum nýta frá öðrum;
- ... í þeim skilningi að okkur er ekki sama um hvernig við komum út í samanburði við aðrar þjóðir. Við höfum heilbrigðan metnað til að gera vel – og á sviði menntunar og þjálfunar er það að „gera vel“ alltaf skilgreint með vísun í þá sem standa sig best.

Sem starfsmaður Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands treysti ég því að þetta starf okkar verði engin erindisleysa, heldur framlag til að gera enn betur í menntun og starfsþjálfun á Íslandi.



# Lykilhæfni og lærdómsviðmið í námskrárgerð

## Áhersla á hæfni í stað inntaks

*Björg Pétursdóttir sérfræðingur, menntamálaráðuneyti*

Ný lög fyrir leik-, grunn-, og framhaldsskóla voru samþykkt sumarið 2008. Nú er unnið að því að skrifa nýjan almennan hluta fyrir öll skólastigin (National Curriculum Guide for Pre-Schools, National Curriculum Guide for Compulsory School/ General Section and National Curriculum Guide for Upper Secondary School/General Section). Í þeim öllum er mikil áhersla lögð á lykilhæfnipættina. Gert er ráð fyrir að námskrárnar verði gefnar út árið 2010.

Unnið er út frá þeirri hugmynd að þróa íslenska útfærslu af hinum átta Evrópu-sambandans Key Competences. Þeir íslensku eru í stórum dráttum samhljóma þeim evrópsku, en eru enn í þróun. Hugsunin er að hinir íslensku lykilhæfnipættir verði hryggjarsúla sem gangi í gegnum allt skólakerfið frá leikskóla til framhaldsskóla og jafnvel upp í háskólakerfið. Þeir endurspeгла áherslur og markmið innan almennrar menntunar í leik- og grunnskóla, bóknáms, listnáms, starfsnáms og náms fyrir fatlaðra í framhaldsskóla, og innan óformlegrar og óformaðrar símenntunar.

## Átta lykilhæfnipættir (key competences)

1. *Communication in the mother tongue*
  - Tjáning og samskipti á íslensku sem móðurmáli
2. *Communication in foreign languages*
  - Tjáning og samskipti á erlendum tungumálum
3. *Mathematical competence and basic competences in science and technology*
  - **Stærðfræði daglegs lífs**
  - **Náttúra, vísindi og tækni**
4. *Digital competence*
  - Námsleikni
5. *Learning to learn*
  - Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar
6. *Social and civic competences*
  - Menning, listir og sköpunarkraftur
7. *Sense of initiative and entrepreneurship*
  - Félagshæfni og borgaravitund
8. *Cultural awareness and expression*

Ný lög um framhaldsskóla fela í sér miklar breytingar fyrir íslenskt skólakerfi þar sem fallið er frá því að menntamálaráðuneyti setji fram námsbrautir, ákveði innihald þeirra og gefi út áfangalýsingar. Í staðinn eiga framhaldsskólarnir að gera tillögur að námsbrautum, (listnám, bóknám, starfsnám, nám fyrir fatlaða) og skrifa áfangalýsingar. Menntamálaráðuneyti setur fram viðmið og sniðmát um uppbyggingu brauta en þau byggja á hinum evrópska viðmiðaramma EQF þar sem hvern námsbraut er skilgreind eftir því á hvaða hæfniprepi hún skilar nemandanum. Enn fremur skulu allir skólar skilgreina hvern námsáfangi á hæfniprep. Meiningin er að eitt af þeim skilyrðum sem ráðuneytið setji til að framhaldsskóli geti fengið námsbraut staðfesta, hvort sem um er að ræða listnám, starfsnám, bóknám eða námsbraut fyrir fatlaða, er að fram komi í námsbrautarlýsingu hvar og hvernig nemendur námsbrautarinnar öðlast grunnhæfni í lykilhæfnipáttunum átta. Þessi skilyrði, sniðmát og viðmið eru enn í þróun en stefnt er á niðurstöðu í lok árs 2009.

Frá því í ágúst 2008 hefur farið fram viðamikil kynning á hæfnihugtakinu innan framhaldsskólans. Því er almennt vel tekið en bóknámskennarar eiga þó erfiðara með að venjast því. Jafnframt því að kynna hæfnihugtakið hefur verið opið samráð um þróun viðmiða og sniðmáta um námsbrautir sem byggja á hæfni.

Markmið viðmiðaramma er að aðstoða skólana við að hanna námsbrautir og ennfremur:

- að leggja áherslu á hæfni nemandans að loknu námi, þ.e. hæfnimiðaða framsetningu
- að muna eftir öllum þeim lykilhæfnipáttum sem við viljum að nemendur búi yfir
- að tryggja stíganda í námi
- að endurskilgreina námsframboð

Menntamálaráðuneytið stefnir á að styrkja í vor mörg þróunarverkefni innan framhaldsskólans en öll lúta þau að því að þróa áherslu á hæfni í skólastarfi, útbúa dæmi um hæfnimiðaðar námsbrautir, hæfnimiðaða námsáfangu og tilraunakennslu. Öll verkefni verða framkvæmd í sumar 2009 og næsta vetur 2009-2010.

# Ávarp verkefnisstjóra

---

## *Sólrún Jensdóttir verkefnastjóri, menntamálaráðuneyti*

Við ráðstefnuslit er rétt að horfa bæði til fortíðar og framtíðar, fara nokkrum orðum um verkefni Evrópusambandsins „Menntun og þjálfun 2010“, vinnuna til loka 2010 og tillögur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um áhersluatriði frá 2010 til 2020.

Eins og fram hefur komið grundvallast verkefnið „Menntun og þjálfun 2010“ á ákvörðun leiðtoga Evrópusambandsins í Lissabon árið 2000. Þá var sett það markmið að efnahagskerfi sambandsins yrði öflugast í heimi 2010, en þrátt fyrir góðan ásetning og mikla vinnu varð fljótt ljóst að þetta gengi ekki eftir, og ekki hafa líkurnar aukist eftir að efnahagsumhverfi heimsins tók óvæntum stakkaskiptum.

Íslendingar hafa tekið virkan þátt í „Menntun og þjálfun 2010“ með setu í fjölda vinnuhópa á vegum Evrópusambandsins og vinnu hér innanlands við að marka stefnu um nám alla ævi. Þegar ákvarðanir um þátttöku okkar í þessu verkefni hafa verið teknar hefur verið haft að leiðarljósi að stefna á þá vinnuhópa, sem fjalla um efni, sem eru ofarlega á baugi hér á landi. Einkum efni, sem tengjast heildar endurskoðuninni á menntakerfinu, sem hér fór fram og endaði með lagasetningu. Einnig hefur samstarfið innan „Menntunar og þjálfunar 2010“ gert mikið gagn við undirbúning framkvæmdar hinnar nýju menntastefnu, eins og komið hefur fram á ráðstefnunni.

Þetta er þriðja ráðstefnan, sem haldin er hér á landi undir merkjum „Menntunar og þjálfunar 2010“. Evrópusambandinu er mikið í mun að verkefnið hljóti kynningu í þátttökulöndunum og hefur veitt styrki í þeim tilgangi. Ráðstefnurnar og undirbúningur þeirra eru afrakstur af því.

Fyrsta ráðstefnan var haldin 2003. Þá var verkefni Evrópusambandsins lítið komið af stað, en kynnt voru helstu markmið þess. Ráðstefnan bar yfirskriftina „Umhverfi, sem hvetur til náms“ og fjölluðu fyrirlestrarnir um ýmsa þætti slíks umhverfis. Næsta ráðstefna var haldin 2006 undir heitinu „Menntun í mótun, þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi“. Mikið hefur áunnist síðan þar sem stefna um nám alla ævi hefur nú verið mörkuð með lögum. Hugtök eins og raunfærnimat, opið samráð, viðmiðarammi um nám alla ævi, lykilmærni og lærdómsviðmið flugu líklega fyrir á ráðstefnunni 2006, en nú hafa þau fengið merkingu.

Það er menntamálaráðuneytið sem fær styrkina frá Evrópusambandinu, en ráðuneytið hefur falið Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands að sjá um undirbúning og framkvæmd verkefnanna í samráði við starfsmenn ráðuneytisins. Niðurstöður ráðstefnunnar verða gefnar út í skýrslu bæði á íslensku og ensku og verður þar tekið tillit til umræðnanna hér í dag.

Árið 2010 nálgast óðfluga og þar sem markmiðin sem sett voru með „Menntun og þjálfun 2010“ á evrópuvísu hafa ekki náðst hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagt fram tillögur um aðgerðir síðustu tvö ár verkefnisins eða til loka árs 2010 og einnig er farið að ræða um framhaldsverkefni til 2020.

Fram til loka 2010 verður megináherslan á að tryggja að öll þátttökulöndin hafi markað sér stefnu um nám alla ævi. Viðmiðaraminn, sem skýrt hefur verið frá hér í dag, verði kominn til framkvæmda og kennaramenntun verði löguð að hröðum þjóðfélagsbreytingum.

Innan „Menntunar og þjálfunar 2010“ hefur verið unnið markvisst að því að draga úr brotthvarfi frá námi, en árangurinn hefur látið á sér standa og því verður aukin áhersla á þá vinnu. Einnig er horft til fleiri sviða þar sem framfarir hafa ekki staðið undir væntingum eins og til dæmis nemenda-kennara-og starfsmannaskipta, þróunar nýrrar hæfni til að takast á við nýjungar í atvinnulífinu og enn þykir skorta á samstarf atvinnulífs og skólasterfs.

Síðastliðið vor efndi framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til víðtæks samráðs meðal þátttökulandanna um framtíð verkefnisins til 2020. Í samræmi við niðurstöðurnar lagði framkvæmdastjórnin fram drög að tillögum. Í fyrsta lagi verður horft til þess að festa stefnuna um nám alla ævi í sessi. Lögð er áhersla hreyfanleika nemenda og kennara milli landa, til að auka hæfni fólks til að takast á við mismunandi störf og stuðla að aðlögunarhæfni.

Í öðru lagi þykir nauðsynlegt að auka gæði og bæta árangur menntakerfa m.a. með því að sinna þeim betur, sem hafa litla menntun, efla tungumálakunnáttu, og gera framlag menntunar til atvinnulífsins markvissari. Einnig er áhersla á aukið jafnræði í skólakerfinu og lýðræði í skólasterfi

Áhersla er á eflingu nýsköpunar og skapandi hugsunar og frumkvöðlafræðslu á öllum skólastigum. Árið 2009 er Evrópuár nýsköpunar og skapandi hugsunar og verður sú umræða, sem þar spinnst notuð til að undirbúa frekari aðgerðir.

Í tillögum framkvæmdastjórnarinnar segir að varast beri að áherslan á lausn yfirstandandi efnahagserfiðleika dreifi athyglinni frá langtíma markmiðssetningu, aðeins þannig megi forðast að Evrópa dragist aftur úr öðrum heimshlutum.

Markmið Evrópusambandsins til framtíðar eru samhljóma þeirri stefnumótun, sem unnið er að innan íslenska menntakerfisins og miðað við árangurinn af samstarfinu til þessa virðist einsýnt að halda ótrauð áfram til 2020.

Að lokum ber að þakka öllum þeim, sem tekið hafa þátt í þessari ráðstefnu og undirbúningi hennar og stuðlað að því hve vel hún hefur heppnast.

## Framkvæmd verkefnisins

---

Sú skýrsla sem hér birtist er afrakstur af vinnuferli sem tók mið af opnu samráði. Í fyrsta lagi fólst slíkt samráð í tveimur rýnifundum þar sem þátt tóku um 20 manns í hvorum; sérfræðingar víðsvegar að úr atvinnulífi, menntageira og frá hagsmunasamtökum. Í öðru lagi unnu fimm umræðuhópar að tillögugerð hver á sínu sviði, 7-8 í hverjum hópi. Haldnir voru um fimm fundir í hverjum hópi auk þess sem þátttakendur unnu úr gögnum á milli funda. Í þriðja lagi var haldin ráðstefna með þátttöku rúmlega 80 aðila og er framlag þeirra hluti skýrslunnar. Þessu vinnuferli var stýrt af Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands.

Líta má svo á að þess konar vinnulag sé hluti af breyttu verklagi þar sem lögð er áhersla á samráð og heildarstefnu. Skýrslan er ekki síst heimild sem nýta ætti við það langtímaverkefni að þróa áfram menntastefnu og ljá henni merkingu í framkvæmd.

Fjallað er um niðurstöður umræðuhópa í þeim fimm köflum sem hér gefur að líta. Hver hópur skilgreindi helstu áskoranir og lagði fram tillögur að leiðum til úrbóta auk þess að fjalla um stefnu Evrópusambandsins og menntamálaráðuneytis í hverjum málaflokki fyrir sig. Að þeirri umfjöllun lokinni eru tekin saman viðbrögð álitsgjafa og önnur umræða sem átti sér stað á ráðstefnunni 26. febrúar. Í lokin eru tekin saman helstu fylgigöng sem varpað gætu frekara ljósi á vinnu hópanna.

### Umræðuhópar veturinn 2008-2009

Frá hausti 2008 fram að ráðstefnu í febrúar 2009 störfuðu fimm umræðuhópar hér á landi. Þeir hafa fjallað um viðmiðaramma um nám alla ævi, brotthvarf frá námi, eflingu framhaldsfræðslu, þróun kennaramenntunar og styrkingu starfsmenntunar.

Markmið með störfum umræðuhópanna er að varpa ljósi á stöðu mála á Íslandi með hliðsjón af þróuninni í Evrópu. Rædd hafa verið fram ýmis álitamál með það að markmiði að hvetja til opinna umræðu um þróun menntamála hér á landi.

Skipan umræðuhópanna var sem hér segir:

#### Hópur A – Viðmiðarammi um nám alla ævi

Ólafur Grétar Kristjánsson menntamálaráðuneyti, formaður  
María Kristín Gylfadóttir Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands  
Frímenn Ingil Helgason Tækniskólanum  
Heimir Jón Guðjónsson Fjölbrautaskólanum í Breiðholti  
Hildur Elín Vignir Iðunni  
Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins  
Sigurður Albert Ármannsson Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja  
Sigurður Sigursveinsson menntamálaráðuneyti

#### Hópur B – Brotthvarf frá námi

Sigurður Sigursveinsson menntamálaráðuneyti, formaður  
Jón Karlsson Vinnumálastofnun  
Björg Birgisdóttir Listaháskóla Íslands

Þorbjörn Jensson Fjölsmiðjuni  
Atli Lýðsson Eflingu stéttarfélagi  
Hulda Anna Arnljótsdóttir Starfsmennt  
Maríanna Traustadóttir Alþýðusambandi Íslands

#### Hópur C – Efling framhaldsfræðslu

Stefán Stefánsson menntamálaráðuneyti, formaður  
Stefanía Magnúsdóttir VR  
Emil Björnsson Þekkingarneti Austurlands  
Bryndís Þráinsdóttir Farskólanum  
Irma Matchavariani Mími símenntun  
Atli Harðarson Fjölbrautaskóla Vesturlands  
Guðrún Eyjólfsdóttir Samtökum atvinnulífsins  
Sigrún Jóhannesdóttir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

#### Hópur D – Þróun kennaramenntunar

Sigurjón Mýrdal menntamálaráðuneyti, formaður  
Ari Ólafsson verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands  
Þór Pálsson Iðnskólanum í Hafnarfirði  
Svandís Ingimundardóttir Sambandi íslenskra sveitarfélaga  
Júlíus Björnsson Námsmatsstofnun  
Guðmundur Kristmundsson menntavísindasviði Háskóla Íslands  
Guðrún Ebba Ólafsdóttir Laugalækjarskóla

#### Hópur E – Styrking starfsmenntunar

Þórir Ólafsson menntamálaráðuneyti, formaður  
Baldur Gíslason Tækniskólanum  
Gylfi Einarsson Iðunni  
Hafdís Helgadóttir myndlistamaður  
Hrönn Ríkharðsdóttir Grundaskóla  
Margrét Jóhannsdóttir Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands  
Sigríður Anna Guðjónsdóttir Samtökum verslunar og þjónustu  
Þóra Sigurðardóttir Tækniskólanum

Með hópunum störfuðu Sigurður Guðmundsson frá Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, Dóra Stefánsdóttir, Ástríður Guðlaugsdóttir og Eyrún María Rúnarsdóttir.

### **Niðurstöður ráðstefnu 26. febrúar 2009**

Við úrvinnslu þess sem rætt var á ráðstefnunni var leitast við að draga fram rauða þræði og mikilvæg þemu sem fram komu bæði í framsöguerindum, í umræðum hópa yfir kaffi og í pallborði.

Í pallborðsumræðum var fjallað um þær spurningar sem vöknðu „yfir kaffi“ í hópunum fimm. Umræðan var fjörug og mörg brýn mál rædd. Fyrst bar á góma lengingu kennaranáms í 5 ár og spurt var hvernig sú lenging yrði framkvæmd. Fram kom að vinna að útfærslunni væri hafin á vettvangi kennaramenntunarstofnana. Þá var rætt um brotthvarf

og spurt hvort og hvernig þyrfti að breyta grunnskólanum til að koma betur til móts við alla nemendur þannig að þeim mætti forða frá brotthvarfi úr framhaldsskóla. Í framhaldi beindist umræðan að verklega þætti grunnskólanámsins og var pallborðið sammála um að auka ætti þennan þátt til muna. Þriðja atriðið í umræðu pallborðsins snerist um viðurkenningu óformlegs náms. Nokkuð var rætt um gagnsemi og takmarkanir raunfærnimats í þessu sambandi. Í lokin var hnykkt á mikilvægi þeirrar menntunar sem aflað er í starfi og hversu vel menntuð þjóðin sé í raun.

Ákveðin þemu komu víða upp á ráðstefnunni bæði í máli framsögumanna, viðbragðsaðila, í umræðum hópa eða í pallborði. Þessi þemu áttu skírskotun í vinnu í öllum hópum og fléttuðust þræðirnir einkum saman á tveimur eftirfarandi sviðum:



### **Færniuppbygging og menntun í atvinnulífinu**

Fundargestir veltu fyrir sér þeirri mynd sem fram kemur í evrópskum samanburði á tölum um brotthvarf og hlutfalli þeirra á vinnumarkaði sem hafa litla menntun. Samkvæmt þessum tölum má ljóst vera að Íslendingar eru ekki vel menntuð þjóð. Fallist var á að betur mætti gera hér á landi en varasamt væri að horfa framhjá sérstöðu íslensks samfélags.

Þótt margir hefðu litla formlega skólagöngu að baki væri þjóðin þó ekki illa menntuð. Hér væri atvinnuþátttaka mikil og til þessa næga vinnu að fá. Þetta hefði þau áhrif að ungt fólk frestaði námi og færi út á vinnumarkaðinn. Spurt var: Er menntunarstig sem fæst með atvinnuþátttöku vanmetið þegar menntunarstig þjóðarinnar er metið? Einfalt svar ráðstefnugesta var já. Ekki mætti vanmeta þá færniuppbyggingu sem fer fram í starfi og var raunfærnimati fagnað sem leið til að leggja mat á slíka færni.

### **Viðmiðarammi og raunfærnimat**

Mjög víðtæk sátt ríkir um gagnsemi viðmiðaramma og ekki síður um raunfærnimatið. Var þetta rætt sérstaklega í tengslum við framhaldsfræðslu og brotthvarf. Talið er að með þessum aðferðum sé unnt að öðlast haldgóðar upplýsingar um raunverulega menntunarstöðu landsmanna.

Þá veltu fundargestir fyrir sér áhrifum viðmiðaramma á inntak náms. Nú þegar væru komnar fram vísbendingar um að vinna við færnilýsingar gæti leitt af sér slíkar breytingar. Einnig var talið varhugavert að líta á raunfærnimat sem svar við öllum vanda. Tryggja þyrfti að gæðaviðmið séu skýr. Lýst hefur verið áhyggjum af því að þetta takist ekki í starfsmenntuninni þar sem atvinnulífsprófanir s.s. sveinspróf gefast vel.

Að öðru leyti beindist umræðan að þeim viðfangsefnum sem fengist var við í hópnum fimm og er gerð nánari grein fyrir henni í köflunum um hópana.

# Skýrsla umræðuhóps A

## - viðmiðarammi um nám alla ævi

---

### 1. Inngangur

Í áfangaskýrslu menntamálaráðuneytis um þróun menntastefnu frá 2006 (sjá Menntamálaráðuneyti, 2007) er lagt til að kannaðir séu kostir þess að innleiða á Íslandi kerfi sambærilegt við „European Qualifications Framework - EQF“ sem þróað hefur verið á vegum stjórnarskrifstofu Evrópusambandsins um menntamál. Þar eru markmið náms á framhaldsskóla- og háskólastigi flokkuð eftir þrepum (lóðrétt flokkun) og eftir færni-, þekkingar- og hæfnimarkmiðum (lárétt flokkun). Með nýjum framhaldsskólalögum 2008 og innleiðingu viðmiðaramma (National Qualifications Framework - NQF) á Íslandi er gerð tilraun til að byggja upp eitt samþætt menntakerfi, sem hafi þann eiginleika að laga sig að breytingum í samfélaginu og undirstrikar að nám einstaklings varir alla ævina.

Nauðsynlegt er að afla óformlegu námi viðurkenningar. Með því er fólki sem hætt hefur námi auðveldað að hefja nám að nýju. Brýnt er að auka þátttöku í námi með því að fjarlægja óþarfa hindranir fyrir aðgengi að námi, koma til móts við ólíkar þarfir einstaklinga og gera sýnilega þá þekkingu sem fólki hefur aflað sér í starfi. Mikilvægt tæki í þessari viðleitni er ný framsetning námsmarkmiða, learning outcomes, eða lærdómur. Þessi nýja nálgun byggir á því að það er ekki hægt að reka mörg ósamræmd menntakerfi í landinu.

### 2. Staða

#### Stefna Evrópusambandsins

Evrópuríkin samþykktu árið 2006 að innleiða heildstæða og fjölþætta stefnu um nám alla ævi. Nám alla ævi vísar til náms á öllum aldri; frá leikskólaaldri fram á efri ár og í ólíku samhengi, þar með er talið formlegt, óformlegt og formlaust nám. Slík innleiðing er áskorun en áfangi í þessu ferli náðist þegar settur var fram evrópskur viðmiðarammi (EQF) sem hratt af stað sambærilegri vinnu að viðmiðaramma fyrir skólakerfi í mörgum landanna. Við þá vinnu er lögð til grundvallar ný framsetning námsmarkmiða í formi lærdóms (learning outcomes). Með auknu gagnsæi sem fæst með evrópska viðmiðarammanum er námsfólki og fólki á vinnumarkaði gert auðveldara að flytja sig á milli landa og um leið eykur hann aðgang þeirra að námi alla ævi.

Vinnunni er langt í frá lokið og sveigjanleiki er ekki talinn nægur í skólakerfum Evrópu til að mynda á milli starfsmenntunar og háskólastigsins. Háskóla þarf að opna betur fyrir nemendum sem fara óhefðbundna leið í námi sínu og meta þarf betur óformlegt nám. Nám á að vera aðlaðandi og aðgengilegt fyrir alla og í því skyni skal stefnt að auknu samstarfi á milli ólíkra stofnana sem annast menntun og þjálfun, annarra stofnana og hagsmunaaðila. Vilji fólki flytja sig á milli landa hvort sem er til að stunda nám eða atvinnu ætti að auðvelda það og sýna verkefni á vegum ESB hvernig nám alla ævi styður þessa þróun. Hreyfanleiki milli landa eykur samgang milli einstaklinga og hópa og bætir stöðu fólks á evrópskum vinnumarkaði.



Evrópuríkin og Framkvæmdastjórn ESB setja eftirfarandi menntamál í forgang:

- **Nám alla ævi:** Að ljúka innleiðingu náms alla ævi, með sérstakri áherslu á að meta óformlegt og formlaust nám.
- **Viðmiðarammi:** Að tengja viðmiðaramma landanna við EQF og styðja við beitingu lærdómsviðmiða (learning outcomes) við að meta aðferðir, halda uppi gæðum, meta loknar einingar og við námskrárgerð.
- **Hreyfanleiki til náms:** Að ryðja úr vegi hindrunum og auka möguleikana á að nemendur geti flutt sig á milli landa í námi sínu á háskólastigi jafnt sem öðrum skólastigum

Eftirfarandi mynd er úr skýrslu Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins *Progress towards the Lisbon objectives in education and training* frá 2008.



Heimild: Skýrsla Framkvæmdastjórnar Evrópusambands. Gögn: Eurostat. Tölur frá 2006 í stað 2007: Króatía, Ísland og Noregur. Tölur frá 2002 í stað 2000: Ungverjaland.

**Mynd 1. Hlutfall Evrópubúa á aldrinum 20-24 sem lokið hafa að minnsta kosti prófi úr framhaldsskóla árin 2000 og 2007**

Hér kemur í ljós að nokkuð langt er í land að Ísland nái þeim markmiðum sem sett hafa verið um hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsskólaprófi, með tæplega 50% fólks á aldrinum 20-24 ára sem lokið hafa slíku prófi. Nánast allar aðrar þjóðir sem mælingin nær til sýna hærra hlutfall. Þessi staða veldur vissulega áhyggjum en einnig má benda á að tölurnar segja ekki alla söguna. Annars vegar er íslenska skólakerfi sveigjanlegt og býður upp á að nemendur komi inn aftur til að ljúka námi sínu síðar en þessi aldur segir til um. Hins vegar vantar inn í tölurnar þann hóp sem lokið hefur töluverðu námi á framhaldsskólastigi án skilgreindrar námsgráðu. Viðmiðaramma (NQF) og raunfærnimati er meðal annars ætlað að bæta úr stöðu þess hóps. Þá er jákvætt að þátttaka Íslendinga í símenntun er með því mesta sem gerist í Evrópu og íslensk stjórnvöld hafa að mati Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins náð langt í að innleiða heildstæða símenntunarstefnu.

## **Stefnumótun menntamálaráðuneytis**

Í nýjum framhaldsskólalögum (nr. 92/2008) sem tóku gildi 1. ágúst 2008 er að finna ákvæði er varða bæði viðmiðaramma og raunfærnimat. Þar segir að menntamálaráðherra gefi út reglur um flokkun og þrepaskiptingu náms í samræmi við færni- og lokamarkmið námsins (23. gr.), um að nemandi sem innritast í framhaldsskóla eigi rétt á raunfærnimati (31. gr.) og að ráðherra setji reglur um raunfærnimat í aðalnámskrá. Hér er annars vegar á ferðinni ákvörðun um að komið skuli á ramma um lærdómsviðmið (e. national qualifications framework) sem hægt verður að tengja evrópska rammanum EQF. Hins vegar liggur fyrir að komið verði á raunfærnimatskerfi sem býður upp á möguleika fyrir fullorðna á alhliða mati á fyrra námi, formlegu sem óformlegu, og á starfsreynslu, til styttingar á námi til lokaprófs á framhaldsskólastigi.

Í nýju lögum er hlutverki starfsgreinaráða breytt. Skólarnir taka við því verkefni af starfsgreinaráðum að semja námskrár, en ráðin vinna þarfagreiningu fyrir þá og veita umsagnir um einstakar starfsnámsbrautir. Ekki er lögð sú skylda á skólana að fara eftir þarfagreiningu þó mælst sé til þess og vonast er eftir samvinnu skóla og atvinnulífs um þróun námsleiða. Starfsgreinaráð segja til um hvort þau telja einstakar leiðir að markmiðum vænlegar.

## **Raunfærnimat og NQF**

Hærra menntunarstig í íslensku samfélagi verður til þess að stór hluti þjóðarinnar telur það eðlilegt og sjálfsagt að læra alla ævina. Aðgengi að upplýsingum eykst og jafnframt sú krafa að einstaklingar búi yfir þeirri færni að geta aflað sér upplýsinga og kunni að vinna úr þeim. Mikilvægt er við þessar aðstæður að skapa hvatningu til að allir nýti og hafi tækifæri til að nýta sér þá möguleika sem þeir hafa til að læra. Í dag eru þessir möguleikar víða, bæði innan og utan hins formlega skólakerfis.

Formleg og óformleg menntun eru og verða aðskilin kerfi sem öðlast betri möguleika til samgangs þegar útkomu náms verður lýst í lærdómi sem hægt er að bera saman. Að sama skapi verður auðveldara að fara úr öðru kerfinu yfir í hitt. Þekkingaraukningin sem verður til utan hins formlega skólakerfis fær aukið vægi við þessa breytingu. Því er verið að reyna að skapa og ná sátt um hugmyndafræði eða ramma sem getur fallið bæði að bóknámskerfinu, starfsnámskerfinu eða hefðinni og einnig þeirri þekkingu og færniuppbyggingu sem verður í lífi og starfi.

Umræðuhópurinn hefur orðið þess var að hugmyndinni um viðmiðaramma (NQF) hefur verið vel tekið bæði í formlega skólakerfinu og í atvinnulífinu. Svo virðist sem hugmyndafræðin falli vel að hugsunarhætti þeirra sem láta sér annt um menntun þjóðarinnar. Það verður samt ekki komist hjá þeirri staðreynd að hugmyndafræðin kallar á nýja nálgun. Hefðbundið bóknám hefur verið leiðandi í að viðurkenna og meta nám og leggur þar til grundvallar formlegt nám og gráður. Ekkert samræmt skráningarkerfi er til fyrir vinnustaðanám. Viðmiðarammi (NQF) með lærdómsmiðuðu (e. learning outcome) aðferðafræðinni og raunfærnimati eru verkfæri til að mæta sanngirnis- og hagræðingarsjónarmiðinu.

Raunfærnimat felst í að staðfesta og meta raunfærni einstaklinga án tillits til þess hvernig eða hvar hennar hefur verið aflað. Í raunfærnimati eru fimm skref. Ráðgjafi er viðkomandi innan handar og leiðbeinir við skráningu. Í upphafi eru markmið mats, hlutverk matsaðila, mögulegar niðurstöður og réttur einstaklinga útskýrður. Næsta skref er að skrá raunfærni sem aflað hefur verið í gegnum störf, nám og frístundir. Þriðja skref felst í greiningu þar sem einstaklingur og fagaðili fara yfir skráninguna og komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvort raunfærni nægi til viðurkenningar og hvort og að hve miklu leyti raunfærnin uppfyllir viðmið. Í fjórða skrefi er raunfærni sannreynd eða staðfest. Staðfesting raunfærni felst í að bera saman raunverulega færni og færni viðmið. Í lokin er matið bókað í námsferilsskrá einstaklings (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.).

Það sem m.a. hefur staðið raunfærnimati fyrir þrifum er að erfitt hefur reynst að fá metna þá þekkingu sem aflað hefur verið í starfi á vinnustað.

### 3. Áskoranir

Markmið þeirra kerfisbreytinga sem nú eiga sér stað eru meðal annars að skapa skilyrði til að leiða saman formlegt og óformlegt nám. Þetta er hægt með því að lýsa og meta færni og hæfni einstaklingsins út frá skilgreindum þáttum og útbúa færnilýsingar í stað þess að tiltaka hversu mörg ár viðkomandi hefur setið á skólabekk, eins og hingað til hefur verið gert. Áskorunin er að setja fram færnilýsingar sem flestir geta sæst á og þessar lýsingar þarf að gera í samvinnu skóla, launafólks og atvinnurekenda.

Viðmiðaramminn og raunfærnimatið byggir á nýrri hugmyndafræði sem koma þarf skýrt á framfæri. Hún kallar á hugarfarsbreytingu þeirra sem að málum koma. Ein af áskorunum er að finna leið til að ýta við formlega skólakerfinu og að koma raunfærnimati inn í bóknámið.

### Samstarf skóla og atvinnulífs

Það er áskorun að skapa samstarfsgrundvöll milli skóla og atvinnulífs á grunni nýrra starfshátta. Að ýmsu er að hyggja í þeim efnum. Við breytt hlutverk starfsgreinaráða þarf að tryggja að þau hafi nægilega sterkt bakland til að sinna sínu hlutverki sem umsagnaraðilar. Skólarnir, sem taka við samningu námskráa, eru einnig misvel til þess fallnir að taka við því verkefni. Líklegt er að sumir þeirra þurfi stuðning til verksins.

Til eru dæmi þess að skapaðar séu námsleiðir á grundvelli tillagna frá atvinnulífi sem fáir hafa áhuga á að stunda. Eins hafa vinsælar námsleiðir meðal nemenda ekki alltaf skilað þeim nemendum störfum í atvinnulífinu. Eitt dæmi um þetta er skortur á menntunar-úrræðum fyrir starfsfólk í verslunum. Gengið hefur illa að koma á menntun á því sviði.

Atvinnulífsprófanir hafa gefist vel þar sem þær eru stundaðar en hætta er á að gæðakröfum sé ekki viðhaldið séu engar slíkar prófanir gerðar. Þegar settar eru á stofn nýjar námsbrautir og styttri námsbrautir er brýnt að þær standist gæðakröfur atvinnulífsins. Lykilatriði er að framkvæmd og eftirlit sé ekki á sömu hendi.

## 4. Leiðir til úrbóta

### 1. Upplýsingaátak í samvinnu allra hagsmunaaðila

Viðmiðaramma (NQF) hefur verið vel tekið þar sem hann hefur verið kynntur. Ákveðinni grunnvinnu er lokið og komið er að því að upplýsa fleiri, festa hugmyndafræði og hugtakanotkun í sessi. Brýnt er að viðmiðaramminn verði „eign“ alls menntasamfélagsins á Íslandi og verði nothæfur leiðarvísir um nám alla ævi.

### 2. Framkvæmd tryggð

Tryggja þarf framkvæmd raunfærnimats. Útfærslan þarf að vera þannig að allir treysti því að hún sé samræmd og eins hjá öllum. Skýr stjórnsýsla og framkvæmd sem sát ríkir um hjá öllum hópum sem hagsmuna hafa að gæta er mikilvæg í þessu efni. Starfsmenn skóla og símenntunarmiðstöðva þurfa þjálfun í nýjum vinnubrögðum og væri æskilegt að taka kennslu í raunfærnimati inn í kennaranám. Stjórnkerfið og skólarnir verða að ráða við kerfið.

### 3. Gæðaeftirlit

Tryggja þarf trúverðugleika raunfærnimatskerfisins. Mikilvægt viðfangsefni raunfærnimats er að gæta að því að ekki verði slegið af kröfum við matið. Með markvissu eftirlitsstarfi þarf að tryggja að hæfni nemanda sem hlotið hefur viðurkenningu sé sýnileg, metanleg og/eða mælanleg. Hægt sé að vísa ágreiningsmálum til viðurkenndrar málsmeðferðar sem gefi úrslitamat. Hér er mikilvægt að ferlar séu skýrir og að sát ríki um þann farveg.

### 4. Samstarf skóla og atvinnulífs

Finna þarf skýran samstarfsvettvang þannig að skólar nýti þarfagreiningu atvinnulífsins við þróun námsleiða. Ábyrgðin á samráði þarf að vera hjá báðum aðilum og er æskilegt að framlög hins opinbera verði skilyrt við það að samráð og samstarf hafi farið fram og umsögn aðila atvinnulífsins liggi fyrir.

## 5. Viðbrögð og umræður á ráðstefnu

### Viðbrögð álitsgjafa

*Ólafur Jónsson, Iðunni*

Að lokinni upprifjun á helstu eiginleikum viðmiðarammans og hlutverk við að efla íslenskt skólakerfi greindi Ólafur frá reynslu Iðunnar af vinnu með viðmiðarammann. Þar hefur staðið yfir vinna við að setja matreiðslunám inn í rammann. Reynsla hópsins af þeirri vinnu hefur verið jákvæð og áhugaverð. Hópnum þótti gefandi að takast á við verkefnið og að það gæfi náminu sterkari undirstöðu. Hugsunin í matreiðslunáminu reyndist passa áherslum viðmiðarammans vel. Ólafi þótti þetta dæmi sýna hvers megnugur viðmiðaramminn væri og sagði starfsfólk Iðunnar afar áhugasamt um þennan nýja hugsunarhátt sem viðmiðaramminn innleiðir.

Mikilvægt sé þó að líta til þeirra hindrana sem gætu orðið á vegi innleiðingar. Þá er fyrst að nefna mikilvægi samstarfs en án þess er ólíklegt að takist sem skyldi. Gæta þarf þess að ramminn henti menntakerfinu í heild sinni en ekki einungis formlega skólakerfinu. Líklega þurfi að veita óformlega kerfinu meira vægi þannig að markmið um nám alla ævi náist. Líta þurfi til þeirra skilyrða sem þurfi að uppfylla þannig að nám standi undir væntingum um gæði. Ólafur taldi að skoða ætti þrep rammans vel; hversu mörg er hentugast að hafa og hver útfærslan ætti að vera á hverju þrepi. Spyrja má hvort nemendur hafi lokið fyrsta þrepi í grunnskóla og hver sé staða fólks að loknu námi á 4. þrepi.

### Samantekin umræða á ráðstefnu

#### 1. Gagnleg tæki

Raunfærnimatið er talið þýðingarmikið við mat á námi sem fullorðnir hafa stundað víðsvegar í formlega og óformlega kerfinu þannig að þeir þurfi ekki að taka sömu einingar aftur og aftur hefji þeir formlegt nám. Ekki er síður mikilvægt að meta þá reynslu, sem fengist hefur með atvinnuþátttöku. Mikið var rætt um brotthvarfshópin sem fer snemma út úr formlega skólakerfinu en aflar sér síðan töluverðar færni og þekkingar í atvinnulífinu. Þannig byggist upp menntun sem þurfi að meta til þess að raunveruleg mynd fáist af menntunarstiginu. Lengd formlegrar skólagöngu segi ekki alla söguna. Þetta muni lagfæra tölfræðina í samanburði Íslands við önnur lönd hvað varðar brotthvarf og menntunarstig.

#### 2. Tæknileg færni eða heildstæð hæfni

Ekki má líta á raunfærnimat sem svar við öllum vanda. Sameiginlegur skilningur þarf að vera á því um hvers konar tæki er að ræða. Í raunfærnimati er tekin saman sú færni sem einstaklingur hefur aflað sér á ýmsum vettvangi. Slík færni er verðmæt en varast ber að líta á hana á sama hátt og þá hæfni sem fæst þegar einstaklingar lýkur heildstæðu námi. Sá sem kann vel til verka á afmörkuðu sviði er oft ekki fær um að taka ákvarðanir eða leggja mat á flóknari viðfangsefni. Sem dæmi var nefnt að einstaklingur sem þjálfður er í böðun og heimaþjónustu hefði ekki bakgrunn til að meta og greina húðvandamál, sár og þess háttar hjá þeim sem hann sinnir. Til þess þyrfti aðila með annarskonar menntun.

### **3. Verkefni framundan**

Færnilýsingar voru sérstaklega ræddar. Á mörgum sviðum er þessi vinna ekki hafin og því nokkuð í land að hægt sé að beita raunfærnimati og viðmiðaramma. Þá þarf að ræða og komast að niðurstöðu um hæfnihugtakið (qualification) sem er víðtækara en íslenska prófskírteinið. Mönnum varð einnig tíðrætt um stöðu óformlega kerfisins gagnvart viðmiðarammanum og óttuðust að ekki tækist að tengja þetta tvennt saman. Þarna væri mjög mikilvægt verkefni og lykilatriði í því að tengja saman óformlega og formlega skólakerfið. Þessi vinna gæti orðið vandasöm, sérstaklega vegna þess að mismunandi gildismat og menning lægju til grundvallar á hinum ýmsu sviðum menntunar.

# Skýrsla umræðuhóps B

## - brotthvarf frá námi

---

### 1. Inngangur

Í gegnum árin hafa verið gerðar margar tölfræðilegar rannsóknir á brotthvarfi. Það getur þó verið flókið að bera saman brotthvarfstölur vegna þess að skilgreiningar eru mismunandi. Í rannsóknum Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Stellu Blöndal hefur brotthvarfshópurinn verið skilgreindur sem þeir einstaklingar sem ekki hafa farið í nám að loknum grunnskóla eða hafa hætt í framhaldsskóla. Í niðurstöðum þeirra kom fram að rúm 40% þeirra sem fæddir eru 1975 höfðu ekki lokið framhaldsskóla við 24 ára aldur (Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2003).

Það er almennt viðhorf að öllum skuli koma til nokkurs þroska og að mikilvægt sé að einstaklingar ljúki því námi sem þeir hefja. Á Íslandi einu fárra landa missa menn ekki réttinn til að stunda nám eftir ákveðinn aldur og hér þykir ekki óeðlilegt að nemendur taki sér tímabundið hlé og vinni um nokkurt skeið. Hluti brotthvarfshópsins er líklegur til að ljúka námi sínu síðar.

Þó að brotthvarfstölurnar gefi ekki nákvæma mynd af ástandinu í samfélaginu þá er ljóst að brotthvarf frá námi á Íslandi er miklu meira en ásættanlegt er og ekki í samræmi við markmið í skólakerfinu.

### 2. Staða

#### Stefna Evrópusambandsins

Brotthvarf er margslungið hugtak og þannig hefur Evrópusambandið sett sér tvö konar markmið í brotthvarfsmálum fram til 2010. Annars vegar "Early school leavers", hins vegar "Youth education attainment". Í stórum dráttum er munurinn á þessum hugtökum sá að það fyrra vísar almennt til þeirra sem einungis hafa lokið skyldunámi/unglingastigi við 24 ára aldur en það síðara til þeirra er lokið hafa framhaldsskóla við 24 ára aldur.

Hvað síðara markmiðið varðar er stefna Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (2008) að árið 2010 hafi 85% þeirra sem eru 22 ára lokið framhaldsskólaprófi. Nokkuð langt er í að Ísland nái þeim markmiðum en tæplega 50% aldurshópsins 20-24 ára höfðu lokið slíku prófi árið 2006. Ýmislegt getur skýrt þessar tölur. Í fyrsta lagi er líklegt að hluti nemenda haldi áfram námi síðar en þessi aldur segir til um, þá vantar inn í tölurnar þann hóp sem lokið hefur töluverðu námi á framhaldsskólastigi án skilgreindrar námsgráðu. Í þriðja lagi getur meira að segja verið um formlega námsgráðu að ræða sem passar ekki í þennan samanburð. Skv. alþjóðlegri flokkun menntunar (ISCED) telst nemandi ekki hafa lokið framhaldsskóla ef hann hefur lokið námi sem er meira en einu ári styttra en hefðbundið nám til stúdentsprófs. Þannig telst nemandi sem lokið hefur almennu verslunarprófi (tveggja ára námi) til brotthvarfshópsins í þessu samhengi þar sem nám hér til stúdentsprófs er skilgreint sem fjögurra ára nám. Tveggja ára námsleiðir í nágrannalöndunum telst hins vegar fullnægjandi til að ljúka framhaldsskólanámi í þessari umræðu um brotthvarf.

Hagstofa Íslands birti 2008(b) rannsókn sína á námsstöðu þeirra er fæddust 1982 24 árum síðar, þ.e. árið 2006. Niðurstöðurnar voru sem hér segir:

Á Íslandi eru 4.352 einstaklingar fæddir árið 1982. Nám og námslok þessara einstaklinga eru skoðuð í nemendaskrá og prófaskrá Hagstofu Íslands til ársins 2006. Það ár er þessi árgangur 24 ára. Niðurstöðurnar sýna að 62,1% árgangsins höfðu lokið einhverju námi á Íslandi árið 2006. Langflestir höfðu lokið stúdentsprófi og eru brautskráningar úr bóknámi um 60% brautskráninga á framhaldsskólastigi. Þeir sem teljast hafa menntunarstöðu framhaldsskólastigs, það er geta haldið áfram námi á næsta skólastigi fyrir ofan, voru 58,3% árgangsins. Fleiri konur luku námi en karlar. Þannig hafa 65,8% kvenna lokið framhaldsskólastiginu en 51,4% karla. Fleiri íbúar á höfuðborgarsvæðinu luku námi en nemendur á landsbyggðinni. Alls luku 62,4% þeirra sem voru búsettir í Reykjavík árið 1997 framhaldsskólastiginu en 48,3% íbúa á Suðurnesjum og á Vestfjörðum. Úr þessum árgangi hafa 1.427 stundað nám að loknum grunnskóla á Íslandi án þess að hafa lokið námi árið 2006. Þar af er tæpur fjórðungur enþá í námi haustið 2006, alls 334 nemendur. Í árganginum eru 224 einstaklingar sem ekki hafa stundað nám á Íslandi að loknum grunnskóla, eða 5,1% árgangsins.



Heimild: Skýrsla Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins *Progress towards the Lisbon objectives in education and training*. Gögn: Eurostat

## Mynd 2. Brotthvarf frá námi árin 2000 og 2007 á Evrópska efnahagssvæðinu.



Fyrri markmið framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem snýr að brotthvarfi miðar að því að hlutfall ungmenna á aldrinum 18-24 ára sem ekki hafa lokið neinu prófi í framhaldsskóla eða eru ekki í námi eða þjálfun verði ekki hærra en 10% árið 2010. Eftirfarandi mynd sýnir þetta hlutfall árin 2000 og 2007 á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt myndinni er Ísland meðal þeirra landa sem hafa hvað hæst brotthvarf eða um 30%. Aftur má hafa í huga eðli íslenska skólakerfisins hvað varðar sveigjanleika.

Sem fyrr segir eru ýmsir mælikvarðar notaðir til að mæla brotthvarfið. Í ritinu *Education at a Glance -2008* kemur fram að brautskráningarlutfall úr framhaldsskóla, þ.e. hlutfall brautskráðra nemenda á einu ári miðað við mannfjölda við dæmigerðan brautskráningaraldur, var 90% á Íslandi 2006 og er Ísland þar í 8. sæti af 28 þjóðum, einu sæti neðar en Norðmenn og með hærra hlutfall en bæði Danmörk og Svíþjóð, en meðaltal OECD landa er 83%. Árið áður hafði hlutfallið á Íslandi verið 80% og Ísland í 18. sæti. Ekki liggur fyrir hvort þetta er vísbending um að brotthvarfið skv. áður nefndum mælikvörðum er á undanhaldi en 353 fleiri nemendur virðast hafa brautskráðst 2006 borið saman við 2005.

## **Stefnumótun menntamálaráðuneytis**

Það er ekki einungis á evrópskum vettvangi sem brotthvarf úr skólum er áhyggjuefni. Um langt skeið hefur sú staðreynd verið ljós hér á landi að of margir hverfa frá námi í framhaldsskóla án þess að ljúka skilgreindum lokaprófum. Fyrstu almennu lögum um framhaldsskóla (nr. 57/1988) fólu m.a. annars í sér þá stefnumörkun að framhaldsskólinn ætti að vera fyrir alla. Aukin skólasókn fylgdi í kjölfarið. Samkvæmt tölum Hagstofunnar (2008c) var hún 89% 1999 (þ.e. hlutfall 16 ára nemenda af viðkomandi árgangi í framhaldsskólunum 15. október ár hvert) og jókst jafnt og þétt upp í 94% 2005 en var 93% 2006 og 2007. Vísbendingar eru því að strax á fyrstu mánuðum í framhaldsskóla heltist 1-2% úr lestinni þar sem innritunartölur hafa sýnt að 94-95% árgangsins hefji nám í framhaldsskóla.

Endurskoðun löggjafarinnar 1996 (Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996) fól m.a. í sér að gerðar voru skýrari kröfur til inngöngu á einstakar námsbrautir framhaldsskólans ásamt því að einstökum framhaldsskólum var falið það verkefni að þróa eins til tveggja ára almennar námsbrautir fyrir þá sem ekki uppfylltu inntökuskilyrði á einstakar námsbrautir framhaldsskólans. Jafnframt voru innleiddir árangursstjórnunarsamningar við einstaka framhaldsskóla þar sem fjárhagsuppgjör við skólana byggðu á því hversu vel þeim gekk að skila nemendum til prófa í lok annar. Tilgangur þessa var einmitt að leitast við að draga úr brotthvarfi í skólakerfinu.

Á undanförunum þremur árum hefur löggjöf um skólalald í landinu verið endurskoðuð. Ný lög um háskóla voru sett 2006, um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 2008 og um kennaramenntun 2008. Þá hefur Alþingi til meðferðar stjórnarfrumvarp um framhaldsfræðslu. Eitt megineinkenni nýrrar löggjafar um framhaldsskólann er að stórauka dreifstýringu hvað varðar skilgreiningu námsbrauta og opnað er á þann möguleika að samtvinna bóklegt og verklegt nám til stúdentsprófs í meira mæli en áður. Eitt af því sem greinir skólakerfið hér frá nágrannalöndunum er að færri stunda starfsnám hér, og einnig að margir ljúka því eftir að unglingsárunum sleppir. Þá er bæði í lögum um grunnskóla og framhaldsskóla skilgreindur réttur nemenda til náms- og

starfsráðgjafar af til þess bærum sérfræðingum enda ljóst að með auknu vali nemenda og sveigjanleika í skólastarfinu eykst þörfin á ráðgjöf.

Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um eflingu náms- og starfsráðgjafar í mars 2007 þar sem menntamálaráðherra var falið að skipa nefnd sem m.a. skyldi kanna gildi þess og gagn að auka náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum sem úrræðis gegn brotthvarfi nemenda í framhaldsskólum. Nefndin var skipuð og skýrsla hennar lögð fyrir Alþingi á haustþingi 2008. Í tillögum nefndarinnar er m.a. gert ráð fyrir frekari athugun á stöðu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sem undanfara endurskipulagningar sem hafi að leiðarljósi aukna skilvirkni náms- og starfsráðgjafar. Þá var lagt til að menntamálaráðuneytið mótaði skýra stefnu um markmið og framkvæmd náms- og starfsráðgjafar og náms- og starfsfræðslu, og komið yrði á heildstæðri náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum.

## **Brotthvarf**

Ástæður fyrir brotthvarfi eru margar. Ýmsir telja að brotthvarf sé ferli frekar en atburður og ákvörðun um að hætta í skóla er sjaldan tekin í skyndi. Nemendur virðast ganga í gegnum ákveðið ferli sem leiðir að lokum til þess að þeir hætta námi. Sérfræðingar í umræðuhópnum halda því fram að hægt sé að spá fyrir um það strax í grunnskóla hvort einstaklingur muni hverfa úr námi. Til þess unnt sé að fyrirbyggja brotthvarf vantar markvissar forvarnaraðgerðir og fjölbreytt og heildstæð úrræði. Ýmsir vinna að því að þróa úrræði og aðferðir innan skólakerfisins og sumar þeirra skila góðum árangri. Náms- og starfsráðgjöf er mikilvæg í þessu sambandi sem og önnur sérfræðiþjónusta. Þennan þátt mætti efla og nýta betur til að finna og koma þeim til hjálpar sem eiga við vanda að stríða í skólanum. Í þessu sambandi má einnig nefna vinnu Hugarheilla sem sannanlega skilar árangri en þá þjónustu fær aðeins hluti grunnskólanemenda.

Rétt er að leggja áherslu á að brotthvarf er ekki einangrað vandamál skólayfirvalda heldur einnig félagslegt og heilbrigðislegt vandamál og því er nauðsynlegt að margir aðilar starfi saman og leita leiða til að draga úr brotthvarfi. Þessir aðilar eru t.d. Menntamálaráðuneyti, Heilbrigðisráðuneyti og Félagsmálaráðuneyti ásamt stjórnarsýslustofnunum sveitarfélaga. Ljóst er að brotthvarf hvers nemenda getur verið dýrkeypt fyrir einstaklinginn og samfélagið.

Viðurkenning á námi skiptir nemendum miklu máli. Eitt einkenna íslensks samfélags er að umtalsverður hluti atvinnulífsins gerir ekki kröfu um nám í skóla. Eitt dæmi um þetta er verslun. Ýmsar námsleiðir sem hafa verið prófaðar svo sem skrifstofunám og sjávarútvegsnám en þær hafa ekki fengið viðurkenningu atvinnulífsins og hafa þar af leiðandi lognast út af. Vert væri að efla samstarf við fulltrúa atvinnulífsins enn frekar við þróun styttri námsleiða og koma á fót fleiri viðurkenndum námsmöguleikum.

Stuðningur, áhugi og hvatning foreldra og annarra aðstandenda barna og ungmenna eru lykilatriði í námi þeirra. Foreldrar eru misjafnlega í stakk búnir að rækja þetta hlutverk. Ýmsar ástæður geta legið þar að baki s.s. veikindi og misregla. Ástæða er til að nefna sérstaklega foreldra af erlendum uppruna sem eiga oft erfitt með að styðja börn sín vegna tungumálaörðugleika og mikils vinnuálags. Í sumum tilfellum getur stuðningur og aðstoð við foreldra gert gæfumuninn á meðan í öðrum tilfellum þarf að finna barni stuðning við námið utan heimilis. Rétt er einnig að benda á vanda vegna atvinnuleysis

sem nú fer vaxandi. Gera má ráð fyrir að aukið atvinnuleysi skapi álag á margar fjölskyldur og að áhyggjur og streita minnki möguleikar þeirra foreldra til að styðja börn sín í náminu.

## Upplýsingaöflun

Umræðuhópurinn var sammála um að frekari rannsóknir á brotthvarfi á Íslandi séu nauðsynlegar. Það þarf að skoða sérstaklega vel ástæður brotthvarfs til að hægt sé að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum með markvissum hætti. Atriði sem vert er að kanna frekar að mati hópsins eru:

- Samsetning brotthvarfshóps
- Fjöldi eftir ástæðum brotthvarfs s.s. þegar um er að ræða erfiðleika í skóla, persónulegar aðstæður, áhættuhópa, sérkennslunemendur eða þá sem hætta af sjálfsdáðum.
- Hve umfangsmikið brotthvarf er sem rekja má til örorku (t.d. þunglyndis) og náms sem ekki hentar, félagslegrar einangrunar, eineltis og útilokunar.
- Kostnaður samfélagsins og einstaklinganna og ávinningur af minnkuðu brotthvarfi. Í slíkri athugun þarf að gera greinarmun á því brotthvarfi sem má rekja til upplýstrar ákvörðunar nemandans og því að nemandinn lendir í aðstæðum sem hann ræður ekki við og er ekki sáttur við.
- Félaglegt umhverfi þeirra sem hverfa frá námi.

## 3. Áskoranir

### Brotthvarfshópurinn

Brotthvarfshópurinn er margleitur hópur og þegar unnið er með einstaklinga sem eiga á hættu að hverfa frá námi þarf að beita margs konar úrræðum sem krefjast sértækra lausna. Í umræðuhópnum var ákveðið að reyna að líta á brotthvarfshópinn út frá eftirfarandi skiptingu:

1. Nemendur sem eiga í erfiðleikum í skólanum
2. Nemendur sem vilja vera í skólanum en geta það ekki vegna persónulegra ástæðna (t.d. verða að vinna)
3. Nemendur í áhættuhópi (áhugalausir, lágar einkunnir, slæmar mætingar)
4. Nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð, sérkennslu.
5. Nemendur sem hætta af sjálfsdáðum og eru sáttir við það (t.d. vegna vinnu)

#### 1) Nemendur sem eiga í erfiðleikum í skólanum

Hér er um að ræða nemendur sem eiga erfitt með að uppfylla kröfur hefðbundins bóknáms. Í hópnum eru einnig nemendur af erlendum uppruna.

Áskorunin felst í að finna þessa nemendur snemma á skólagöngunni og veita þeim markvissan og kerfisbundinn stuðning. Námsefni, kennsluaðferðir þurfa að miðast við ólíka nemendur jafnt sem bjóða ætti námsleiðir og námstækifæri sem henta þessum hópi. Stuðningur við foreldra og forráðamenn skiptir hér miklu máli.

## **2. Nemendur sem vilja vera í skólanum en geta það ekki vegna persónulegra ástæðna (t.d. verða að vinna)**

Í þessum hópi eru nemendur sem hafa ekki tækifæri til að fara í það nám sem þeir vilja vegna t.d. fjárhagsaðstæðna, fjölskylduaðstæðna og stundum er námsleiðin sem nemendur vilja fara í ekki í boði í þeirra heimabyggð.

Áskorunin hér er að hafa á boðstólnum fleiri tækifæri s.s vinnustaðanám, bjóða persónulega ráðgjöf og fjárhagsaðstoð. Í sumum tilfellum þarf að leita uppi þá sem ekki hafa frumkvæði að því að leita sér aðstoðar.

## **3) Nemendur í áhættuhópi (áhugalausir, lágar einkunnir, slæmar mætingar)**

Þessi hópur er væntanlega fjölmennastur og líklega þarf að beita fleiri en einni aðferð til að ná árangri með þennan hóp. Í brotthvarfshópnum eru meðal annars nemendur sem ekki geta stundað nám af ýmsum heilsufarstengdum ástæðum, þeir sem hafa orðið fyrir barðinu á einelti og útilokun.

Áskorunin felst í að finna nemendur í áhættuhópi snemma á skólagöngunni, greina styrkleika og veikleika og skapa þeim viðeigandi úrræði. Þau gætu falist í stuðningi við foreldra og forráðamenn, námsleiðum við hæfi, betri upplýsingum um atvinnulífið, vinnustaðanámi og hvatningarkerfi.

## **4) Nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð, sérkennslu**

Í hópnum eru nemendur með sértæka námsörðugleika.

Væntanlega er þessum hóp nokkuð vel sinnt en mikilvægt er að finna þennan hóp snemma, vinna með nemendum og foreldrum þeirra strax frá upphafi skólagöngu þeirra og stuðla þannig að því að sem flestir geti fylgt félögum sínum eftir í almennri skólagöngu. Fela þarf þessum nemendum verkefni við þeirra hæfi, hanna fleiri einingabær námstækifæri og bjóða styttri námsleiðir á einingaformi, sem gæti gagnast þeim sem upphaf að lengra námi.

## **5) Nemendur sem hætta af sjálfsdáðum, sáttir (t.d. vegna vinnu)**

Líklegt má teljast að hér séu tvenns konar aðstæður fyrir því að nemendur hætta námi. Þó að ekki liggi fyrir athugun á því er líklegt að hluti hópsins hafi valið sér nám sem hann eftir á uppgötva að hentaði ekki. Hinn hópurinn hefur ákveðna sérstöðu því þar eru nemendur sem eru ekki endilega ósáttir við skóla eða nám en hætta vegna annarra tækifæra sem bjóðast. Sveigjanleiki íslenska skólakerfisins er hluti af skýringunni því þessi hópur er líklegur til að stefna á að halda áfram námi síðar. Hætt er þó við að ákvörðun um að hætta námi sé ekki alltaf tekin að vel athugðu máli. Þótt stundum sé það jákvætt að nemendur sem ekki hafa fundið sér farveg í námi taki sér frí frá náminu þá reynist þessum aðilum oft erfiðara að setjast aftur á skólabekk.

Hér er lykilatriði að sem bestar upplýsingar um námsleiðir, námsmöguleika, störf, færni og kröfur séu aðgengilegar nemendum. Bjóða þarf fjölbreytt nám í heimabyggð nemenda.

## Starfshættir skóla

Á grunnskólastiginu þurfa nemendur að læra á sjálfa sig og gera sér grein fyrir því hverjir eru styrkleikar þeirra og hvað og hvernig þeim hentar að læra. Áhrif kennara og námsumhverfisins á nemandann eru mjög mikil á þessum tíma. Bekkjarstærð og fjölbreytni nemendahópa gera miklar kröfur til kennara. Það er þekkt að oft er það tiltölulega lítill hluti bekkjar sem krefst mikillar athygli kennara. Hætta er á að við þær aðstæður fái hluti nemenda litla athygli og þar leynast nemendur sem líkur eru á að stundi námið illa og séu í brotthvarfshættu. Auknar kröfur til skóla hljóða upp á að börn lendi ekki utanveltu og verði ekki látin afskiptalaus. Í þessu skyni þarf að endurskoða starfshætti og tryggja úrræði til handa þessum hópi. Skólinn þarf að geta beitt óhefðbundnum aðferðum og umhverfi til að ná til þeirra sem ekki falla í hópinn og þarf að hafa starfsmenn sem geta betur náð til þessara einstaklinga en hefðbundnu kennararnir. Athuga þarf hvort hægt sé að nýta þá aðferð í ríkari mæli að búa til teymi aðstandenda og meðferðaraðila til að vinna úr verstu tilfellunum.

## 4. Leiðir til úrbóta

Margar leiðir hafa verið reyndar til að koma í veg fyrir brotthvarf og sumar hafa reynst betri en aðrar. Í fjölmörgum löndum hafa verið sett á laggirnar ýmis konar stuðningskerfi til að hjálpa nemendum að ljúka námi. Þrátt fyrir mismunandi aðferðir til að koma í veg fyrir brotthvarf virðist þó vera sameiginlegur undirtónn í flestum þeirra. Í fyrsta lagi að koma auga á nemendur sem hætta er á að falli úr námi áður en þeir hætta. Í öðru lagi að virkja foreldra, kennara, skólayfirvöld og menntastofnanir til enn frekara samstarfs. Ef foreldrar taka þátt í skólafarfinu er líklegra að þeir veiti börnum sínum meiri stuðning og sýni námi þeirra meiri áhuga. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að námslegur stuðningur foreldra og væntingar þeirra til náms barna sinna eru þeir þættir sem skipta nemendum sem eru í brotthvarfshættu miklu máli. Í þriðja lagi að koma upp öflugri stuðningi innan skólanna sem felur í sér stuðningskennslu, námsráðgjöf, hóp- og einstaklingsráðgjöf, stuðningskerfi og fleiri þáttum sem gagnert stuðla að betri líðan og herra sjálfsmati nemenda.

Til að hægt sé að styrkja þá einstaklinga sem eru í brotthvarfshættu er afar mikilvægt að finna þá áður en þeir hætta námi, veita þeim stuðning og hjálpa þeim að móta framtíðarsýn sína. Hér verða nefnd nokkur atriði sem umræðuhópurinn lagði áherslu á að væri nauðsynlegt að hrinda í framkvæmd sem fyrst.

### 1) Reglubundin skimun frá upphafi skólagöngu

Greina þarf vandann fyrr, jafnvel í leikskólum, með skimunaraðferðum og leggja áherslu á að skima á 2-3 ára fresti. Mikið atriði er að greina þarfir nemenda og ekki síður sérstaka færni og styrkleika til að byggja á. Veita þarf stuðning við hæfi. Þar spila náms- og starfsráðgjafar skóla stórt hlutverk og aðrir sérfræðingar sem hægt er að leita til. Skorað er á skóla að hafa frumkvæði í þessu efni.

### 2) Stuðningur við fjölskyldur

Foreldrar og forráðamenn eru misjafnlega í stakk búnir til að styðja börn sín í náminu. Lagt er til að settir verði af stað sérstakir verkferlar, vinnuaðferðir og námskeið til að hjálpa og kenna foreldrum að taka virkari þátt í að vinna með og aðstoða börnin. Í þeim

tilfellum þar sem nemendur hafa ekki aðgang að stuðningi heima fyrir sé hugað sérstaklega að stuðningi annars staðar frá. Hér ætti skólinn að hafa verkstjórnarhlutverk en geti leitað aðstoðar og úrræða frá félagsþjónustu og víðar.

### **3) Stuttar námsleiðir**

Fyrirbyggja þarf skipbrot nemenda á skólagöngunni. Námsefni og kennsluaðferðir ættu að miðast við ólíka nemendur og útbúa þarf sér námsúrræði við hæfi. Veita þarf þeim sem ekki hentar löng formleg menntun tækifæri til að afla sér styttri viðurkenndrar menntunar sem bæði nýtist til starfa og sem upphaf að lengra námi. Gæta þarf þess að í boði sé fjölbreytt nám í heimabyggð nemenda.

### **4) Aukin starfsfræðsla**

Mikilvægt er að upplýsa nemendur um störf og hvaða færni og kröfur eru gerðar til mismunandi starfa. Þá þarf að koma upp stuðningskerfi þar sem veitt er persónuleg ráðgjöf, hópráðgjöf, fjárhagsaðstoð og leiðsögn um hvar hægt er að sækja um fjárhagsaðstoð. Náms- og starfsráðgjöf í atvinnulífinu er athyglisvert framtak og er ástæða til að styðja vel við og þróa áfram það starf. Í því starfi hefur verið lögð áhersla á að leita upp þá sem ekki hafa frumkvæði að því að leita sér aðstoðar.

### **5) Efla þverfaglegt samstarf atvinnulífs og menntamála**

Umræðuhópurinn leggur til að hin ýmsu skólastig leggi meiri áherslu á að vinna saman að því að brúa bilið á milli skólastofnana og skólastiga og fyrirtækja. Þannig fái nemendur fleiri tækifæri til að heimsækja skóla og vinnustaði og jafnvel að sækja tíma eða að prófa að vinna á þeim vinnustöðum sem nemandinn vill kynna. Jafnframt er mikilvægt að nemendum sé gert betur kleift að fara á milli skólastofnana á miðjum námstíma. Framhaldstækifæri í formi vinnustaðanáms eða náms í skólum sem bjóða aðra nálgun í námi eru of takmörkuð. Unnið verði með atvinnulífinu að því að auka framboð og kanna hvort hægt sé að virkja betur fræðslusjóði atvinnulífsins.

## **5. Viðbrögð og umræður á ráðstefnu**

### **Viðbrögð álitsgjafa**

*Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins*

Í upphafi gerði Ingibjörg að umtalsefni sínu þá „hryllingsmynd“ sem birtist í íslensku talnaefni um brotthvarf. Aukning sé meðal þeirra sem hefja nám en ljúka því ekki svo niðurstaðan hljóti að vera sú að skólinn sé ekki fyrir alla. Sé rýnt í myndina komi í ljós að brotthvarf sé úr skóla en ekki endilega úr námi; atvinnuþátttaka er hvergi meiri og mikið nám fer fram á vinnustöðunum. Mikilvægt sé að skoða styrkleika og nýta þá. Íslendingar standi sig einnig vel þegar kemur að þátttöku í símenntun af ýmsu tagi. Vandinn liggja því ekki í því að landsmenn séu ómenntaðir heldur frekar í því að meta það nám sem fer fram víðsvegar í samfélaginu. Til þess höfum við mikilvæg tæki sem eru raunfærnimat og viðmiðarammi.

Framhaldsskólinn virðist vera í samkeppni við atvinnulífið um fólk. Ingibjörg Elsa spyr hvort það væri til bóta að stytta framhaldsskólann, enn fremur hvort ástæða sé til að flýta þróun viðmiðarammans og notkun lærdómsviðmiða við að meta nám. Þá þurfi að

greina betur þá sem eru í hættu á að hverfa frá námi, finna margþættar lausnir til að mæta þörfum þeirra s.s. að efna náms- og starfsráðgjöf og auka fjölbreytni námsleiða. Þær námsleiðir ættu að halda opnum leiðum að áframhaldandi námi og jafnframt veita starfsmöguleika.

Bóklegar greinar reynast sumum hindrun, þetta kemur fram í raunfærnimatinu. Dyr skólakerfisins verði að standa fólki raunverulega opnar og að reynsla þess sé metin. Þá þarf að gæta þess að miða kennslu við hópinn, fullorðnum hentar ekki sama nálgun eða námsumhverfi og unglíngum. Framhaldsfræðslan ætti að vera jafnrétthá til einingamats og formlega námið og raunfærni tengd framhaldsskólanum. Þá sé mikilvægt að samstarf sé virkt, að unnið sé saman að lausn því sameiginlegt átak geri gæfumuninn.

## **Samantekin umræða á ráðstefnu**

### **1. Við vitum ekki nóg**

Mikil áhersla var á að betri upplýsingar um eðli og ástæður brotthvarfs væru nauðsynlegar til að geta spornað við vandanum. Fram kom að ákveðin tilfinning væri fyrir hugsanlegum áhrifaþáttum, en erfitt væri að móta stefnu og vinna að forvörnum þegar ekki lægju fyrir rökstuddar upplýsingar sem byggja mætti á. Kanna þyrfti áhrif mikillar atvinnuþátttöku á brotthvarf og námshlé ungmenna. Þá vantaði betri upplýsingar um þátt heilsufars og félagslegra aðstæðna. Rætt var um skólann og um áhrif væntinga og hvatningar í skólanum. Þarna þótti mikilvægt að kortleggja betur vísbendingar um brotthvarfshættu sem fram koma m.a. vegna fjarvista nemenda og slælegs náms-árangurs.

### **2. Ábyrgð skóla**

Mikilvægt er að skólasamfélagið í heild sé gert ábyrgt fyrir því að koma í veg fyrir brotthvarf. Fundargestir bentu á að þótt hér eigi skólar að vera fyrir alla henti menntunin ekki öllum. Hugsanlega tækist ekki nægilega vel að greina og meta styrkleika og veikleika nemenda. Vitað er að væntingar kennara hafa áhrif á árangur og iðjusemi nemenda. Þá eru skólaárin viðkvæmur tími í mótun sjálfsmýndar og sjálfsmats og því lykilateiði að nemendur fái uppbyggilega og sanngjarna endurgjöf. Nemendur í íslenskum grunnskólum og framhaldsskólum eru fjölbreyttur hópur og það felst áskorun í því að koma til móts við þarfir hvers og eins. Slíkt verkefni er varla á færi einstakra kennara og því verður teymisvinna og samstarf að koma til.

# Skýrsla umræðuhóps C

## - efling framhaldsfræðslu

---

### 1. Inngangur

Kannanir á Íslandi og erlendis hafa leitt í ljós að þeim mun lengri skólagöngu sem einstaklingar hafa að baki þeim mun líklegra er að þeir leiti sér frekari menntunar. Mikið framboð er af námskeiðum og tækifærum til menntunar fyrir fullorðna á Íslandi. Framhalds- og háskólar hafa verið opnir og sveigjanlegir og mikið framboð er af námskeiðum utan formlega skólakerfisins. Samkvæmt alþjóðlegum athugunum er almenn þátttaka fullorðinna Íslendinga í námskeiðahaldi af ýmsu tagi með því mesta í OECD löndunum. Hins vegar snýst dæmið við þegar kemur að þeim hópi fólks sem stystu skólagönguna hefur að baki. Árið 2005 hafði 31% Íslendinga á aldrinum 25-64 ára ekki lokið formlegu námi umfram skyldunám. Þetta hlutfall fólks á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu er með því hæsta sem finnst í Evrópu. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar 2008 er stefnt að því að þetta hlutfall verði komið niður í 10% árið 2020.

Í þessari samantekt er ekki hugað að áskorunum í fræðslu þeirra sem lokið hafa framhalds- eða háskólanámi. Almenn er álitid að sá hópur sækir sér símenntun eftir þörfum og mikið framboð símenntunar tryggir að allir sem áhuga hafi geti fundið sér fræðslu við hæfi. Innritun í hvers kyns nám og símenntun á þessum vetri (2008-2009) bendir til að þessu sé enn svo farið. En vel má vera að aukið atvinnuleysi breyti stöðunni, og að taka þurfi á til að ná til þeirra sem verða atvinnulausir um lengri tíma svo dæmi sé tekið. Ekki virðist tímabært að huga að þessu nú. Tillögur hópsins snúa því fyrst og fremst að þeim sem minni menntun hafa – að framhaldsfræðsluhluta fullorðinsfræðslunnar.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp (þskj. 291 - 216. mál á 136. löggjafarþingi 2008 -09) sem felur í sér skýra og einfalda lagaumgjörð fyrir þá menntun sem í frumvarpinu er nefnd *framhaldsfræðsla*. Með því hugtaki er átt við hvers konar menntun sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og ekki er skipulögð á grundvelli laga um framhaldsskóla og háskóla.

Fullorðinsfræðsla eins og hún hefur þróast undanfarin ár á vettvangi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og annarra fræðsluaðila hefur fyrst og fremst beinst að þeim sem stysta skólagöngu hafa á vinnumarkaði og hefur umfang starfseminnar aukist verulega síðustu árin. Það er mat hópsins að þegar á heildina er litið sé staða fullorðinsfræðslu á Íslandi í góðri þróun en að betur megi huga að ýmsum framkvæmdaþáttum og að sérstaklega þurfi að bæta þjónustu við ýmsa jaðarhópa, s.s. fatlaða, innflytjendur o.fl.



## 2. Staða

### Nýleg stefnumörkun á vettvangi Evrópusambandsins

Á vettvangi OECD hefur, á undanförunum árum, verið unnið að greiningu á aðgengi fullorðinna að námi, þátttöku þeirra í námi og nauðsyn þess að veita þeim meiri hvatningu til að stunda nám. Nýlega hófst vinna á vegum Evrópusambandsins (ESB) í málaflokknum þar sem gengið er út frá því að bætt menntun ófaglærðra hafi jákvæð áhrif á fyrirtæki og efnahagslífið og auki lífsgæði þeirra sem menntunarinnar njóta.

Það er samdóma álit þeirra sem fjalla um starfsnám fullorðinna að ef það á að skila tilætluðum árangri verði að afla því viðurkenningar. Raunfærnimat gegnir þar lykilhlutverki, en flest ef ekki öll nágrannaríki Íslands hafa lagt mikla áherslu á að byggja upp raunfærnimatskerfi í löndum sínum. Það er brýnt að fullorðnum standi til boða einstaklingsbundin ráðgjöf um nám og námsmöguleika, en jafnframt greining og úrræði vegna námsörðugleika þegar svo ber undir. Mikilvægt er því að fullorðnum standi til boða fjölbreytt nám sem miðast við getu og undirbúning hvers og eins.

Á vettvangi Evrópusambandsins hefur stefnumótun í framhaldsfræðslu ekki verið gert mjög hátt undir höfði fram til þessa. Þó var samþykkt aðgerðaáætlun um framhaldsfræðslu haustið 2007 og í framhaldi af því stofnaður umræðuhópur árið 2008 á vegum í Framkvæmdastjórnar ESB sem fjallar um þessa áætlun (Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, 2007a). Ísland tekur þátt í vinnu þessa hóps.

Framangreind aðgerðaáætlun beinist að þeim hópum sem hafa stysta skólagöngu að baki og standa veikast á vinnumarkaði, bæði efnahags- og félagslega. Það er mismunandi frá einu landi til annars hvaða hópar falla undir þessar skilgreiningar en meðal annars getur verið að ræða fólk með lestrarerfiðleika, innflytjendur, eldri borgara, fatlaða o.fl. Augljós þörf er fyrir aðgengilega framhaldsfræðslu í háum gæðaflokki ef þjóðir Evrópu ætla að takast á við þau vandamál sem blasa við næstu árin.

#### Fimm meginþættir áætlunarinnar eru:

1. Greina áhrif aðgerða og nýjunga í framhaldsfræðslu í öllum geirum menntakerfisins í aðildarlöndunum;
2. Auka gæði í framhaldsfræðslugeiranum;
3. Auka möguleika fullorðinna til að bæta færni og komast einu stigi ofar í skólakerfinu;
4. Hraða aðgerðum í raunfærnimati;
5. Styrkja eftirlit/mat í framhaldsfræðslu.

Ísland hefur náð góðum árangri í að uppfylla markmið Lissabon sáttmálans um þátttöku fullorðinna í framhaldsfræðslu og fimm framangreindir meginþættir Framkvæmdaáætlunar ESB eru í góðu samræmi við þær áherslur sem lagðar hafa verið hér á landi. Eftirfarandi mynd sýnir samanburð á þátttöku Evrópubúa á aldrinum 25-64 í framhaldsfræðslu á árunum 2000 og 2007 (2006 frá nokkrum löndum, þar á meðal Íslandi).



Heimild: Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, 2008. Gögn: Eurostat (ESB vinnumarkaðskannanir)  
 \* Tölur frá 2006: SE, UK, HR, IS

### Mynd 3. Þátttaka Evrópubúa á aldrinum 25-64 ára í fullorðinsfræðslu árin 2000 og 2007

Ísland er í hópi þeirra landa þar sem þátttaka í fullorðinsfræðslu er hvað mest og einnig er hér nokkur aukning á milli þeirra ára sem mælingin nær til. Í skýrslu Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er litið svo á að nám alla ævi sé orðið að veruleika hjá þeim þjóðum sem mesta þátttöku sýna. Þessar þjóðir eru Svíþjóð, Bretland, Noregur, Danmörk og Ísland. Önnur sex lönd fylgja fast á eftir en þó sýna heildartölur að einungis innan við 10% fullorðinna innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) nýta sér framhaldsfræðslu. Eins og fram kom í inngangi eru Íslendingar hins vegar á meðal þeirra þjóða þar sem hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið formlegu framhaldsnámi er hæst. Þetta skýrist meðal annars af atvinnuþátttöku fólks í framhaldsskólum sem seinkar námslokum þeirra, tiltölulega fáum styttri námsbrautum í framhaldsskóla og ólíkum skilgreiningum á milli landa á því hvenær lokaáfangi er náð.

## Þróun og skipulag á Íslandi

Árið 1992 voru sett Lög um almenna fullorðinsfræðslu, nr. 47/1992, á verksviði menntamálaráðuneytisins. Lögin voru felld úr gildi árið 1996 en tekin upp heimild í lög um framhaldsskóla fyrir rekstri öldungadeilda, endurmenntunarnámskeiða og samstarfi framhaldsskóla um fullorðinsfræðslumiðstöðvar. Árið 1992 voru einnig sett lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992. Skv. 4. gr. þeirra laga heyrir starfsmenntun í atvinnulífinu undir félagsmálaráðuneytið en starfsfræðsla í fiskvinnslu fellur undir sjávarútvegsráðuneytið. Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu eru enn í gildi og á grundvelli þeirra hafa starfsmenntasjóðir úthlutað styrkjum til ýmissa þróunarverkefna í framhaldsfræðslu og starfsmenntun. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um framhaldsfræðslu.

Margir aðilar koma að framhaldsfræðslu á Íslandi, bæði á vegum samtaka og einkaaðila. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. (FA) var stofnuð af Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) og Samtökum atvinnulífsins (SA) á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 13. desember 2001. Hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna um framhaldsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Markmiðið er að veita starfsmönnum á almennum vinnumarkaði, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Samningur FA við Menntamálaráðuneyti tekur til þróunar nýrra aðferða til að efla þekkingu og færni fólks á vinnumarkaði sem og umsjónar með framkvæmd verkefna.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar níu á landsbyggðinni voru flestar stofnaðar á árunum 1998–2000. Þær mynda net hringinn í kringum landið auk útstöðva og námsvera sem þeim tengjast. Jafnframt starfa stöðvar í Reykjavík og í nágrennasveitarfélögum s.s. Mímir – símenntun og Framvegis. Menntamálaráðuneytið hefur gert samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um ýmis þróunarverkefni og utanumhald vegna viðfangsefna sem símenntunarmiðstöðvarnar níu, Mímir og tvö fræðslusetur iðngreina annast. Þessi viðfangsefni felast meðal annars í námskeiðahaldi samkvæmt námskrám sem FA hefur unnið og staðfestar hafa verið af menntamálaráðuneytinu. Námskrá þetta má meta til eininga í framhaldsskólum og er slíkt í höndum stjórnenda viðkomandi skóla. Einnig er um að ræða náms- og starfsráðgjöf sem er veigamikill þáttur í starfsemi FA. Fyrir utan þennan samning sinna miðstöðvarnar einnig sérhæfðu námsframboði tólmstundanámi ýmiskonar og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni annast ennfremur þjónustu við háskólanemendur sem stunda fjárnám við háskóla landsins.

Auk þessa hafa fyrirtæki og stéttarfélög byggt upp öfluga starfsmenntasjóði sem veita einstaklingum og fyrirtækjum styrki til námskeiðahalds og greiningar á fræðsluþörfum.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins höfðu frumkvæði að stofnun Virk - Starfsendurhæfingarsjóðs sem hefur á stefnuskrá sinni að skipuleggja og fjármagna ráðgjöf og þjónustu fyrir starfsmenn sem veikjast til lengri tíma eða búa við skerta vinnugetu vegna slysa. Eitt meginverkefna sjóðsins er skipuleggja og hafa umsjón með störfum ráðgjafa sem starfa aðallega á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna og munu aðstoða einstaklinga sem þurfa á endurhæfingu að halda. Sjóðnum er ætlað að greiða kostnaðinn af störfum ráðgjafanna ásamt því að hafa umsjón og eftirlit með starfi þeirra og veita þeim faglegan stuðning. Snemmtæk íhlutun fyrir atbeina sjóðsins er til að reyna

að tryggja að fólk sem hefur starfsgetu hverfi ekki af vinnumarkaði heldur fái aðstoð og verkefni við hæfi (Starfsendurhæfingarsjóður, e.d.).

Fjöldi fullorðinna stundar nám við framhaldsskóla landsins og mörkuðu öldungadeildirnar tímamót að þessu leyti þegar þær voru stofnaðar. Hin síðari árin hefur dregið nokkuð úr aðsókn að öldungadeildunum en fjárnám af ýmsu tagi aukist að sama skapi.

## **Frumvarp um framhaldsfræðslu**

Í frumvarpi um framhaldsfræðslu kemur fram að markvisst skuli unnið að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar fyrir fólk sem er á vinnumarkaði og hefur takmarkaða menntun. Framlög til símenntunar og framhaldsfræðslu sem nýtist fólki á vinnumarkaði verði aukin á næstu árum.

### **Meginatriði frumvarpsins:**

Íslenskt menntakerfi hefur eflst og dafnað á síðustu árum. Nýlega samþykkti Alþingi lög um skólastigin fjögur; leik-, grunn-, framhalds- og háskóla. Verði frumvarpið um framhaldsfræðslu að lögum bætist við fimmta grunnstoð menntakerfisins. Almenn markmið frumvarpsins koma fram í 2. grein þess, en þau eru:

- að skapa viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki og auðvelda þeim að hefja nám að nýju,
- að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og bera ábyrgð á henni,
- að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna,
- að veita einstaklingum aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu,
- að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis,
- að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan formlega skólakerfisins verði metin að verðleikum og
- að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi.

## **3. Áskoranir**

### **1. Að verja og styrkja sveigjanlega framhaldsfræðslu og öflugna náms- og starfsráðgjöf**

*Aðal áskorunin er að halda ótrauð áfram því góða starfi sem hafið er þrátt fyrir kreppuna og yfirvofandi breytingar á vinnumarkaðinum. Mikilvægt er að standa vörð um sveigjanleika í framhaldsfræðslu þannig að unnt sé að bregðast við atvinnuleysi sem nú eykst hröðum skrefum. Náms- og starfsráðgjöf hefur skilað árangri. Heilmikið hefur áunnist í því að ná til þeirra sem stystu skólagönguna hafa á síðustu árum, m.a. með náms- og starfsráðgjöf fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. Umræðuhópurinn hvetur til að þessu átaki verði haldið áfram. Þá hafa starfsmenntasjóðir boðið ráðgjafa að láni og lofar sú aðferðafræði góðu. Huga þarf stöðugt að gæðum náms fyrir fullorðna á vinnumarkaði og gera það aðgengilegt. Þegar vísað er til náms sem ætlað er að auka færni starfsmanns þarf ekki síður að huga að námi sem veitir nemandanum lífsfyllingu og*

ánægju svo sem ýmiskonar tómsundanám. Það hefur meðal annars reynst vel til að fá fólk aftur í nám.

## **2. Stytttri námsbrautir**

*Tryggja þarf nægilegt framboð styttri námsbrauta.* Ein stærsta áskorunin sem blasir við í íslensku skólakerfi er að fjölga þeim sem ljúka viðurkenndu námi á framhaldsskólastigi. Markmið nýrra laga um framhaldsskóla eru í þessa veru með fleiri styttri námsbrautum en áður var. Umræðuhópurinn fagnar þessum möguleikum. Raunfærnimatið stuðlar að því að fjölga þeim sem útskrifast. Það er lykilatriði að skólakerfið og atvinnulífið gangi í takt. Stuðla þarf að því að samstarf atvinnulífs og skóla um þróun nýrra námsbrauta sé öflugt.

## **3. Að bæta þjónustu við jaðarhópa**

*Mikilvægt er að kerfið geti lagað sig að markhópnum.* Ýmsum úrræðum til að koma til móts við þá einstaklinga og hópa sem standa höllum fæti hefur verið ýtt úr vör. Stofnaðar hafa verið Starfsendurhæfingar víða um landið. Upplýsingar um stöðu þessa hóps eru ekki nægar og þarf því að greina þörfina betur. Starfskraftar innflytjenda eru ekki nýttir sem skyldi og þeim reynist erfitt að fá nám sitt frá heimalandi metið hér. Raunfærnimatið er verkfæri sem nýta mætti í þessu sambandi og einnig eru miklir möguleikar fólgnir í að tengja saman íslenskunám og starfsnám.

## **4. Aðgangur að fjarnámi**

*Öflugt og vel útfært fjarnám er mikilvægt.* Tækifæri fólks til menntunar eru misjöfn, sérstaklega í hinum dreifðu byggðum landsins. Öflugt fjarnám er þessum hópi mikilvægt. Skoða þarf aðferðafræði fjarnáms betur og útfæra það úrræði svo það henti fleirum. Unnið er að þessum málum á nokkrum stöðum og full ástæða er til að styðja vel við þá vinnu.

## **4. Leiðir til úrbóta**

Umræðuhópurinn er sammála um að mikið og gott starfi hafi verið unnið á sviði framhaldsfræðslu síðustu ár. Meginverkefni næstu ára verður að halda því verki áfram og styðja við það.

### **1. Að verja og styrkja sveigjanlega framhaldsfræðslu og öfluga náms- og starfsráðgjöf**

Styðja þarf við það kerfi sem nú þegar hefur verið byggt upp í framhaldsfræðslu. Mikilvægt er að aðlögunarhæfni og sveigjanleiki þess sé tryggður til að viðbragðstími þegar breytingar verða á vinnumarkaði sé skammur. Náms- og starfsráðgjöf hefur gefið góða raun í að styðja og hvetja þá sem minnsta menntun hafa. Raunfærnimat er gagnlegt til að taka saman og hafa yfirlit yfir það nám sem einstaklingar hafa lokið. Stöðugt þarf að leita leiða til að ná til og virkja fleiri af þeim sem minnsta formlega menntun hafa.

### **2. Stytttri námsbrautir**

Framhaldsskólinn á að bjóða upp á fleiri útskriftarleiðir úr námi með styttri námsbrautum og fjölga þeim sem ljúka viðurkenndu námi. Samhliða þarf að tryggja að þeir sem

útskrifast af styttri námsbrautum séu metnir að verðleikum. Stuðla þarf að öflugum tengslum atvinnulífs og skóla þegar námsbrautir eru þróaðar.

### **3. Að bæta þjónustu við ýmsa jaðarhópa**

Vandmeðfarnasti hópurinn í framhaldsfræðslu eru þeir sem standa höllum fæti eða eiga við ýmiskonar heilbrigðistengd vandamál að etja. Það eru um 14 þúsund öryrkjar á Íslandi og bjóða þarf stórum hluta þeirra aukin menntunartækifæri við hæfi. Búast má við að þegar Starfsendurhæfingarsjóður verður kominn á fullt skrið aukist upplýsingar um menntunarþarfir fólksins og að hægt verði að bregðast markvisst við.

### **4. Auka aðgang að fjarnámi**

Fjarnám á að vera þannig upp byggt að fleiri geti nýtt sér það. Hér er hægt að beita kennslufræði fullorðinna til að bæta kerfið. Auka þarf framboð náms á háskólastigi í dreifnámi og þjálfá kennara betur í að nýta sér fjarnámstæknina.

## **5. Viðbrögð og umræður á ráðstefnu**

### **Viðbrögð álitsgjafa**

*Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Samtökum verslunar og þjónustu*

Í umfjöllun Sigríðar Önnu tók hún undir þá almennu ályktun að framhaldsfræðslu hefði fleytt fram að undanförunu með stórauknu framboði náms hjá ýmsum aðilum vinnumarkaðarins s.s. hjá eigin samtökum. Í erindinu velti Sigríður Anna upp stöðu þeirrar fræðslu sem fram fer í atvinnulífinu og tók mið af starfsfólki í verslun og þjónustu í umfjöllun sinni. Hún taldi að þrátt fyrir aukið framboð vantaði upp á upplýsingaflæðið því það hún fyndi fyrir því í sínum geira að stjórnendur vissu ekki af þeim námsmöguleikum sem standa til boða fyrir starfsfólk. Að sama skapi skorti ákveðna hvatningu þar sem fræðsla tryggir ekki hækkun launa. Ákveðinn vandi í íslenska skólakerfinu sé námslengd sem samræmist ekki viðmiðunum í Evrópu þannig að þeir nemendur sem til dæmis ljúka tveggja ára skrifstofubrautum teljast brotthvarfsnemendur samkvæmt þeirra viðmiðun.

Líkt og margir aðrir ræddi Sigríður Anna mikilvægi þess að gefa óformlega náminu hlyti viðurkenningu og möguleika raunfærnimats í þeim efnum. Þetta myndi gagnast vel þeim sem starfa í verslun og þjónustu.

Þá fjallaði hún um áskoranir umræðuhópsins í framhaldsfræðslu. Hún tók undir þær en lagði áherslu á samstarf skólakerfis og atvinnulífs um styttri námsbrautir. Fjarnám hentaði mörgum og væri líklega mjög gagnlegt þeim sem störfuðu í verslun og þjónustu.

### **Samantekin umræða á ráðstefnu**

Ráðstefnugestir voru sammála um að staða framhaldsfræðslu hér á landi væri góð. Umræða spannst þó um nokkur atriði sem gætu bætt hana enn.

### **Þýðing framhaldsfræðslu**

Framhaldsfræðslan gegnir viðamiklu hlutverki í samfélaginu. Beinist það ekki síst að brotthvarfshópum, eftirspurn eftir námi er mikil og kerfið vel nýtt. Niðurstaðan á ráðstefnunni var því sú að Íslendingar væru með þessu úrræði að koma vel til móts við þá sem vilja hefja formlegt nám að nýju eða bæta við sig þekkingu í óformlega kerfinu. Rætt var um kostnað samfélags og einstaklinga vegna brotthvarfs frá námi og talið að leggja ætti áherslu á að ná til þessa hóps og sérsníða fyrir hann námstækifæri. Þá var rætt um mikilvægi þess að hækka þekkingarstig ófaglærðra en þar hefði framhaldsfræðslan lykilhutverk.

### **Fullorðnir nemendur**

Á ráðstefnunni komu fram nokkrar áhyggjur af því að framhaldsfræðslan miðaðist ekki alltaf nægilega vel við nemendahópinn, það er fullorðna nemendur. Á framhaldsskólastiginu stunda fullorðnir oft nám með unglingum sem er ekki alltaf jákvætt. Brýnt er að efla kennslufræði fullorðinna og jafnframt þarf að skoða fjarnám í þessu ljósi; þróa aðferðafræði og vinnubrögð þannig að það henti fullorðnum nemendum sem best.

### **Raunfærnimat**

Viðmiðarammi og lærdómsviðmið skipta miklu máli á þessu sviði. Á ráðstefnunni var rætt hvernig varpa ætti óformlega náminu inn í viðmiðarammann. Lýstu ýmsir áhyggjum af því að þetta tækist sem skyldi og lögð var áhersla á mikilvægi þess að það yrði gert á vandaðan hátt. Það hefur einkum þýðingu fyrir þá sem vilja fá óformlegt nám metið til eininga áður en nám í formlega skólakerfinu er hafið. Hingað til hefur það staðið fullorðnu fólki, sem vill bæta við sig námi, fyrir þrifum að það hefur þurft að leggja stund á "óþarfa" námsáfangu á leið sinni að settu marki. Þá er átt við nám sem passar ekki markmiðum þess eða sem það hefur áður stundað. Með raunfærnimati er komið tæki til að breyta þessu; í matinu er hægt að ákvarða hvaða námsáföngum er lokið og hverjum ekki.

# Skýrsla umræðuhóps D

## - þróun kennaramenntunar

---

### 1. Inngangur

Ný löggjöf um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla (nr.87/2008) var samþykkt frá Alþingi vorið 2008 og tók gildi 1. júlí sama ár. Nýju lögin gera próf á meistarastigi að forsendu kennsluréttinda á öllum skólastigum. Þau skulu að fullu koma til framkvæmda á þremur árum; þ.e. fyrir árið 2011. Þessar auknu menntunarkröfur til íslenskra kennara eru í samræmi við þær miklu þjóðfélagsbreytingar sem við stöndum frammi fyrir í upphafi nýrrar aldar. Þær staðfesta jafnframt að þjóðin gerir kröfur til kennarastéttarinnar, að mennta kynslóðina sem erfa mun landið og leiða hana farsællega til móts við fyrirsjáanlegar breytingar á náttúrugæðum, tækni og menningu. Við þurfum vel menntaða kennara á 21. öldinni til starfa í öllum skólum og á öllum stigum í nýju, framsæknu, fjölbreyttu og sveigjanlegu skólakerfi.

Umbætur í menntakerfinu byggja vel menntuðum og áhugasömum kennurum og því er mikilvægt að kennaramenntun haldist í hendur við breytingar á samfélaginu öllu. Á undanförunum árum hefur talsvert verið rætt um tengsl kennsluhátta og námsárangurs. Virðist mörgum sem breyttir tímar kalli á að nemandi "læri að læra". Verkefni umræðuhópsins um kennaramenntun var að fjalla um helstu áskoranir í þessu efni. Hópnun var meðal annars ætlað að ræða 1) tengsl grunnmenntunar og símenntunar kennara 2) gildi vettvangsnáms í kennaranámi 3) menntun starfsmenntakennara jafnt þeirra sem starfa innan skólakerfis og á vinnustöðum, 4) þörf á breyttum kennsluháttum raungrainakennara og 5) aukinn faglegan stuðning við kennara.

### 2. Staða

#### Stefna Evrópusambandsins um kennara og kennaramenntun

Á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Lissabon árið 2000 var ákveðið að setja stefu-mörkun í menntamálum í forgang þar sem ljóst var að menntun og rannsóknir eru lykillinn að framtíðarstefnu ESB. Í Lissabonýfirlýsingunni setti sambandið sér það markmið að gera Evrópu að samkeppnishæfasta og best búna þekkingarsamfélagi heimsins árið 2010<sup>2</sup>. Ljóst var að til að ná þessum metnaðarfullu markmiðum þyrfti að fjárfesta í menntun og auka gæði menntakerfanna. Gengið var útfrá þeirri staðreynd að löndin eru með mismunandi menntakerfi, með mismunandi áherslur og lausnir og jafnframt mislangt á veg komin. Mikilvægt þótti að samræma menntakerfin og prófskírteini sem þau veita að vissu marki, m.a. til að stuðla að frjálsum flæði vinnuafis á evrópska efnahagssvæðinu. Haft er að leiðarljósi að byggja á því sem fyrir er í hverju

---

<sup>2</sup> "The European Union must become the most competitive and dynamic knowledge-based economy in the world capable of sustained economic growth with more and better jobs and greater social cohesion" (European Council, 2000).



landi fyrir sig, skipst er á upplýsingum um lausnir sem vel hafa reynst og leitað leiða til að útbreiða þær. Í anda opna samráðsins var EES/EFTA ríkjunum boðið að taka þátt í vinnunni við eflingu menntakerfa í Evrópu.

Verkefnaáætlun í þessa veru var samþykkt á leiðtogafundi ESB í Barselóna árið 2002. Þar voru sett fram 13 markmið sem aftur er skipt upp í lyklatríði. Þessu vinnuferli verið gefið regnhlífarheitið „Menntun og þjálfun 2010“ (European Commission, e.d.).

Einn meginþátta þessarar áætlunar miðar að því að bæta starfsmenntun kennara og hafa Íslendingar tekið þátt í því starfi frá upphafi. Verkáætlunin skilgreinir fjögur lyklatríði varðandi kennaramenntun:

1. Greina hæfni kennara m.t.t. breyttra hlutverka þeirra í þekkingarsamfélaginu.
2. Bæta starfsaðstæður kennara og stuðning við þá í þekkingarsamfélagi, bæði í grunnmenntun og símenntun.
3. Huga að inntökuskilyrðum í kennarastörf, á öllum stigum og öllum greinasviðum; jafnframt því að efla fagþróun kennara og gera kennarastarfið eftirsóknarverðara.
4. Stuðla að nýliðun í kennarastétt með því að auka aðgengi fólks með reynslu af öðrum fagsviðum.

Framkvæmdastjórn ESB birti stefnu sína um kennaramenntun 3. ágúst 2007 (European Commission, e.d.). Þar er lögð áhersla á að kennarar standi frammi fyrir nýjum kröfum og hlutverkum og þurfi því að taka þátt í símenntun alla sína starfsævi. Jafnframt þurfi aðildarríkin að byggja upp kennaramenntun sem geri ráð fyrir slíkri símenntun kennara. Í kjölfarið samþykkti ráðherraráðið ályktanir um gæði kennaramenntunar, 15. nóv. 2007, þar sem einkum var lögð áhersla á stuðning við kennara í upphafi starfsferils og eflingu starfsþróunar kennara (Council of the European Union, 2007).

Þing Evrópusambandsins samþykkti 23. september 2008 ályktun um kennaramenntun (European Parliament, 2008). Þar sem þung áhersla er lögð á mikilvægi kennarastéttarinnar í þeirri samfélagsþróun sem ESB stefnir að og dregin fram fjölmörg atriði sem sambandið og einstök aðildarríki þurfa að vinna að til að efla starfsmenntun kennara, grunnmenntun og símenntun.

Undanfarin ár hafa Íslendingar tekið þátt í klasa um kennara og kennaramenntun, *Cluster on teachers and trainers*, innan verkefnisins „Menntun og þjálfun 2010“. Þar hefur verið unnið að stefnumótun í anda menntaáætlunar ESB. Auk reglulegra funda eru haldnar ráðstefnur um tiltekin þemu og til s.k. jafningjafræðsla (*Peer learning activities, PLA*). Þá bjóða einstök þátttökulönd til e.k. málstofu þar sem kynntar eru áætlanir eða nýjungar og efnt til gagnrýnnar umræðu.

Klasinn um kennara og kennaramenntun hefur rætt fjölmörg atriði sem tengjast ofangreindum ályktunum ESB um málefni kennara. Einkum hefur verið fjallað um inntak kennaramenntunar og stöðu hennar, en misjafnt er eftir löndum á hvaða skólastigi hún fer fram. Einnig hefur talsvert verið rætt um menntun starfsmenntakennara, en um verknám og starfsnám ríkir víðast hvar önnur fagmenning en um bóknám. Listnám getur svo lotið enn öðrum lögmálum. Hluti starfsmenntunar fer auk þessa fram á vinnustöðum eins og kunnugt er og því eru oft uppi sérstök sjónarmið um menntun starfsmenntakennara.

Í málstofum jafningjafræðslunnar (PLA) um kennaramenntun hefur m.a. verið fjallað um *símenntun og starfsþróun - skólann sem námssamfélag - hlutverk skólastjórnenda - samstarf skóla og fyrirtækja um vinnustaðanáám - hlutverk kennara í fjölmennings-samfélagi - raunfærnimat kennara - tengsl kennaraháskóla við skóla um æfingakennslu - stuðning við nýja kennara í starfi* (European Commission, e.d.).

Meginviðfangsefni í klasanum um þessar mundir snúast um aðlögun nýrra kennara og stuðning við þá (*induction*) og um símenntun kennara (*lifelong learning*), því menn eru sammála um að starfsmenntun kennara lýkur aldrei. Vænta má mikils af þessu samstarfi Evrópusambandsins um þróun kennarastarfsins og kennaramenntunar.

## Ný kennaramenntun

Á ráðstefnunni „*Menntun í mótun - þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi*“ sem haldin var í húsi Orkuveitu Reykjavíkur, 26. október 2006 voru m.a. kynntar niðurstöður nefndar menntamálaráðherra um framtíðarskipan kennaramenntunar (Starfshópur um framtíðarskipan kennaramenntunar, 2006). Tillögur sem þar voru settar fram lágu síðan til grundvallar endurskoðunar laga um kennaramenntun. Frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla var lagt fram á Alþingi haustið 2007 samhliða frumvörpum til laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Lögin (nr. 87/2008) voru samþykkt frá Alþingi vorið 2008 og tóku gildi 1. júlí sama ár, en skulu að fullu koma til framkvæmda á þremur árum; þ.e. fyrir árið 2011.

Með hinum nýju lögum um menntun og ráðningu kennara er lagður grunnur að róttækum breytingum á kennaramenntun og starfsumhverfi kennarastéttarinnar hér á landi. Í meginráttum gera nýju lögin ríkari kröfur til starfsmenntunar kennara. Viðamesta nýjungin felst í því að skilyrði til þess að geta fengið leyfisbréf sem leikskólakennari, grunnskólakennari og framhaldsskólakennari verður að viðkomandi hafi lokið prófi á meistarastigi frá háskóla, sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á fræðasviði til kennslu á viðkomandi skólastigi.

Nú er unnið að útgáfu reglugerða á grundvelli nýju laganna. Þar verða m.a. sett viðmið um inntak mismunandi starfsmenntunar kennara og rammur um viðurkenningaferli og útgáfu leyfisbréfa kennara. Í lögum eru ákvæði sem auðvelda kennurum að fá leyfi til kenna á fleiri en einu skólastigi. Þá er unnið í að minnsta kosti fimm íslenskum háskólum að þróun nýrra námsbrauta kennara í samræmi við nýju lögin.

Við endurskoðun kennaramenntunar héraðs og mörkun þeirrar stefnu sem birtist í nýjum lögum var höfð hliðsjón af þeirri miklu umræðu um kennaramenntun og starfsskilyrði kennarastéttarinnar sem fram hefur farið á alþjóðavettvangi. Segja má að víðsvegar um heiminn fari fram umræða um hlutverk kennara og umbótastarf í menntun kennara. Íslendingar taka t.a.m. fullan þátt í þeirri stefnumörkun um kennara og kennaramenntun sem fram fer á vettvangi Evrópusambandsins og getið er um annars staðar í þessari skýrslu.

Einnig hefur náði verið fylgst með verkefnum CERI, rannsókna og þróunarstofnunar OECD, um menntun og stefnumörkun í menntakerfinu. M.a. taka Íslendingar þátt í nýrri rannsókn TALIS (OECD, e.d.), á starfsaðstæðum kennara og kennsluháttum í 23 löndum.

Á þessu ári var gerð könnun hérlendis á grunnskólastigi þar sem kennarar og skólastjórar tjáðu sig m.a. um starf sitt og starfsþróun; skoðanir sínar á kennslu og kennsluáðferðum; starfskjör og umbun sem þeir hljóta fyrir starf sitt. Einnig var kannað ýmislegt annað sem varðar forystu, stjórnun og starfsvettvang. Unnið er úr gögnum erlendis, en fyrstu niðurstaðna er að vænta í haust (2009). Væntanlega verður nú unnt að bera starfsskilyrði íslenskra kennara á markvissan hátt saman við aðstæður erlendis. Stefnt er að sams konar könnun meðal framhaldsskólakennara árið 2011.

Þá taka Íslendingar þátt í samanburðarkönnun norrænu ráðherranefndarinnar á kennaramenntun á Norðurlöndunum. Borin eru saman lög og reglugerðir um kennara, inntökukröfur í kennaramenntun og skipan kennaramenntunar; hvort hún spannar öll svið kennarastarfsins. Reynt að greina það sem er líkt og ólíkt í norrænni kennaramenntun. Skýrsla um þennan samanburð er nýkomin út (Nordisk ministerråd, 2009) og stefnt er að áframhaldandi samstarfi Norðurlandanna á þessu sviði.

Þessar breytingar á kennaramenntun hérlendis eru því í samræmi við auknar kröfur til kennarastéttarinnar og þróun kennaramenntunar í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Nýju lög in um menntun og störf kennara hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenska leikskólakennara, en nú er starfsheiti þeirra lögverndað í fyrsta sinn. Í því felst mikilverð viðurkenning á leikskólanum sem fyrsta skólastiginu og á þýðingarmiklum störfum leiksskólakennara að efla alhliða þroska barna og undirbúa þau í upphafi skólagöngunnar. Að sjálfsgöðu er gert ráð fyrir að grunn- og framhaldsskólakennarar með leyfisbréf við gildistöku nýju laganna haldi fullum réttindum til jafns við þá sem öðlast starfsréttindi grunn- og framhaldsskólakennara samkvæmt þeim. Jafnframt því að leikskólakennarar með bakkalárpróf á sviði uppeldis- og kennslufræða frá viðurkenndri kennaramenntunarstofnun, eða annað jafngilt nám sem lokið var með prófum sem tryggðu kennsluréttindi fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda réttindum sínum.

### 3. Áskoranir

Örar samfélagsbreytingar undanfarinna ára breyta hugmyndum um nám og kennslu og gera nýjar kröfur til skólanna. Þegar umræða um kennslu, nám og menntun kennara er dregin saman virðist þrennt vera ofarlega í sinni. Nemandi þarf að verða fær um að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim með gagnrýnum hætti. Læsi (lestur og ritun) og gagnrýnin hugsun eru hér meginhugtök. Til þess þarf kennari að beita sveigjanlegum vinnubrögðum og miða starf og viðfangsefni við einstaklingsbundnar þarfir nemenda og samfélagslegt samhengi. Kennari þarf að rækta með nemandanum áhuga og þörf fyrir nám og skilning á mikilvægi þess þannig að hann verði fær um að laga sig að síbreytilegu samfélagi og jafnframt verða virkur þátttakandi í mótun þess.

Nokkur umræða er í tengslum við niðurstöður alþjóðlegra rannsókna, um slakan leskilning meðal íslenskra nemenda. Mikilvægi myndmáls í daglegu lífi er að aukast og færni í lestri kallar nú á læsi á myndmál, hljóð og samþættingu ólíkra miðla. Þörf er á að endurskilgreina eða uppfæra hugtakið læsi í ljósi þessa. Þetta kallar jafnframt á breytingu á námsefni, innihaldi kennaranáms og breytta kennsluhætti. Kennarinn þarf að hafa getu til að átta sig á því hvers konar efni hentar hverjum nemanda. Lestrarkennsla fer fram á

einn eða annan hátt í öllum tímum í grunnskóla, en þörf er einnig á að í hverjum skóla séu kennarar með lestrarkennslu sem sérsvið.

Leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli og háskóli og ólíkar námsgreinar innan skólastiga kalla á mismunandi þjálfun og hæfni kennara. Þá fer kennsla fram víða í atvinnulífinu, í símenntunargeiranum og í listnámi og starfsnámi.

Sú krafa að allir nemendur komist til einhvers þroska er áberandi, eins og hún hefur verið síðustu áratugi. Með aukinni skólagöngu foreldra verða þeir meðvitaðri um mikilvægi góðrar kennslu og gera auknar kröfur til menntunar barna sinna. Samstarf við foreldra og foreldrafélögin verður því þýðingarmeira ásamt aukinni samvinnu skóla og kennara við yfirvöld heilbrigðis og félagsmála. Leggja þarf áherslu á slíka samskiptahætti og styrka stjórnun í skólum sem styður við fjölþætta ábyrgð kennara og annarra starfsmanna.

Leggja þarf áherslu á að símenntun fyrir kennara sé þannig skipulögð að hún nýtist þeim vel í starfi. Í einhverjum tilfellum er þetta ekki raunin. Umræðan er stundum á þann veg að greint er á milli símenntunar sem miðar að því að skapa vellíðan í nemendahópnum (s.s. eineltisáætlanir) og þeirrar símenntunar sem miðar að því að efla kennarann í sinni faggrein. Áskorunin hér er að samþætta þetta tvennt því ljóst er að nemendum sem líður vel gengur betur að vinna í skólanum og öfugt. Nefna má tilraunahús (resource centre) sem gagnlegt úrræði í þessu skyni.

## 4. Leiðir til úrbóta

### 1. Standa vörð um útfærslu nýrra laga um menntun kennara

Lagt er til að útfærsla þeirrar lengingar sem löggin kveða á um verði ekki síður nýtt til að auka hagnýta menntun kennaranema.

### 2. Fjölbreyttari kennaramenntun

Í þessu felst að fá fjölbreyttari hóp til að afla sér kennaramenntunar og að skýra ólík hlutverk kennara eftir skólastigum og námsgreinum. Fjölbreytni í kennarahópnum tryggir sérhæfingu. Þá þarf að aðgreina hvaða hópi hver er að kenna: hverjar eru þarfir hvers hóps nemenda á mismunandi skólastigum og í mismunandi námsgreinum. Kallað er eftir mismunandi starfsmenntun og hæfni eftir því á hvaða skólastigi og hvaða námsgrein er kennd.

### 3. Bæta símenntun og stuðning við kennara

Gera á kröfur til kennara um að þeir taki þátt í símenntun og jafnframt að gæta þess að nægir möguleikar til þess séu í boði. Mikilvægt er að ævilangt nám sé eðlilegt og nauðsynlegt til að viðhalda og bæta eigin starfshæfni.

### 4. Stuðningur við nýja kennara sem eru að hefja störf

Leiðsagnarþátt í kennaranámi þarf að styrkja, einnig í upphafi starfsferils. Í þessu sambandi er vert að huga að kennaramenntun innan skólanna ekki síður en utan þeirra.

## 5. Samskipti við foreldra og aðstandendur

Leggja þarf áherslu á að efla og styrkja samskipta- og samstarfshæfni kennara og kennaraefna gagnvart nemendum, foreldrum eða forráðamönnum, fagstéttum, samstarfsfólki og öðrum þeim aðilum sem koma kennslu og skólasterfi.

## 5. Viðbrögð og umræður á ráðstefnu

### Viðbrögð álitsgjafa

*Gunnar Gíslason, fræðslustjóri Akureyrarbæjar*

Gunnar þótti heldur lítið koma fram í skýrslu um kennaramenntunin en benti á að vinna færi fram víða í samræmi við ný lög og lýsti ánægju með vinnu kennaramenntunarstofnana að slíkri útfærslu.

Sé rýnt í það hlutverk sem ætlast er til að kennari hafi sé í stuttu máli hægt að segja að kennarinn eigi að geta allt og vera allt. Til hans séu gerðar mjög fjölbreytilegar kröfur. Á hinn bóginn snúist þær að stórum hluta um mennska þáttinn, um samskipti kennarans við nemendur, foreldra og samstarfsfólk. Gunnar lagði áherslu á ríkulegt samstarf kennara; árangur náist frekar þegar kennari geti unnið saman að því að skila því margháttða hlutverki sem þeim sé ætlað. Samskipti kennara við foreldra veldur þeim töluverðum kvíða og sé það verulegt áhyggjuefni. Hér sé verkefni og efla þurfi kennara í samskiptatækni, viðtalstækni og öðru er lýtur að því að stýra samskiptum við foreldra.

Gunnar gerði einnig að umtalsefni sínu hvers konar markmiðum skuli stefna að í skólanum, nú sé horft til Finna þar sem árangur á alþjóðlegum prófum sé góður en í ljós hafi komið að finnskum börnum líði ekki sérlega vel. Hins vegar líði íslenskum börnum ljómandi vel í skólanum en nái ekki jafn góðum árangri. Er einungis hægt að ná árangri í öðru atriðinu?

Í lokin benti Gunnar á mikilvægi þess að kennarar hafi möguleika til að læra af eigin reynslu í starfi og velti fyrir sér hvort þeir ynnu almennt með reynslu sína.

## Samantekin umræða á ráðstefnu

### Samskipti

Á ráðstefnunni var rædd sú hæfni til faglegra samskipta sem kennari þarf að búa yfir. Fram kom að samskipti við foreldra sé sá þáttur sem valdi hvað mestum kvíða meðal kennara en velta má fyrir sér hvað veldur. Þeir eiginleikar sem ætlast er til að kennari búi yfir í starfi sínu með nemendum, samstarfsfólki og foreldrum hverfast þegar allt kemur til alls um samskipti. Hér er mikilvægt að skilja á milli þeirra samskiptafærni sem felst í að vera notalegur við aðra, taka tillit og leita sameiginlegra lausna og þeirrar víðtæku hæfni sem kennslustarf krefst af fagfólki. Kennarinn þarf að kunna að stjórna samskiptum hvort sem er inni í bekk, gagnvart foreldrum eða í samstarfi við félagan innan skólans. Lögð var áhersla á að ekki nægði að lesa sér til um góða almenna samskiptahætti heldur væri bein þjálfun á vettvangi nauðsynleg.

### **Fjölbreytni**

Á ráðstefnunni kom fram fullyrðingin „kennaranám á að vera fjölbreytt því við viljum fjölbreytta kennara“. Það kom einnig fram að í kennaramenntun hefur hingað til mest athygli beinst að bóknámi og bóknámskennurum. Nú þegar unnið er að samþættingu formlega og óformlega kerfisins skapast þörf fyrir kennslufræði fullorðinna og að huga betur að kennslufræði fyrir starfsmenntakennara.

Raunfærnimat hefur jafn mikla þýðingu fyrir kennaramenntunina og annað nám. Fram kom á ráðstefnunni að gera megri ráð fyrir að leiðbeinendur með mikla kennslureynslu komi til með að óska eftir raunfærnimati. Einnig er líklegt að raunfærnimat og gerð færnilýsinga hafi áhrif á inntak kennaramenntunar.

### **Starfsþjálfun**

Ráðstefnugestir lögðu áherslu á mikilvægi starfsþjálfunar í kennaranáminu, þ.e. vettvangsnám, og sett var fram sú ósk að um 20% hins nýja fimm ára kennaranáms færi fram á vettvangi. Umræðunni var beint að þætti skólanna og hlutverki þeirra í þjálfun nýrra kennara. Einnig var rætt um endurmenntun og símenntun og nauðsyn þess að efla skólana þannig að þeir væru vel í stakk búnir til að veita starfsþjálfun og símenntun.

# Skýrsla vinnuhóps E

## - styrking starfsmenntunar

---

### 1. Inngangur


Það hefur löngum þótt mönnum til upphafar og frama á Íslandi að vera góðir smiðir og var gjarnan tekið fram í mannlýsingum ef svo var, jafnvel þótt formllegt starf viðkomandi væri að vera biskup. Öldum saman naut verkþekking virðingar en var þó aldrei álitin standa jafnfætis latínukunnáttu og embættismennsku. Enn í dag er bóknám og starfsnám aðgreint með skýrum hætti í Evrópu. Íslenska menntakerfið á rætur sínar að rekja til þess evrópska og virðast sömu viðhorfin til bóknáms og starfsnáms ríkja hér.

Ný framhaldsskólalög og sú nýja sýn á menntun sem fylgir áherslu á lærdóm (learning outcomes) í stað tiltekins námstíma og skilgreindra prófgráða vekur von um að nú takist að endurskilgreina gildi og efla virðingu starfsmenntunar þannig að hún verði lögð að jöfnu við þekkingu í bóklegum greinum.

### 2. Staða

#### Stefna Evrópusambandsins

Skýrsla Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins *Progress towards the Lisbon objectives in education and training* frá 2008 fjallar um það hvernig gengur að ná viðmiðum sambandsins í menntun og þjálfun. Fram kemur að mörg Evrópulönd hafa aukið aðdráttarafl starfsnáms með því að greiða aðgang nemenda að háskólanámi. Stór hluti nemenda stundar þó nám á brautum sem veita einungis starfsréttindi. Eftirfarandi mynd sýnir hlutfall nemenda sem stunda starfsnám sem hlutfall af öllum nemendum á framhaldsskólastigi í löndum Evrópska efnahagssvæðisins.



Heimild: Skýrsla Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Gögn: Eurostat (UOE)

**Mynd 4. Nemendur í grunnnámi starfsmenntunar í löndum Evrópska efnahagssvæðisins árin 2000 og 2006.**

Tiltölulega lítill hluti (tæplega 37%) íslenskra námsmanna á framhaldsskólastigi stundar starfsnám árið 2006. Átta af 32 löndum standa að baki Íslandi í þessum efnum. Sá hópur nemenda sem hér er fjallað um eru á svonefndu ISCED 3 stigi, eða í framhaldsskóla (upper-secondary level). ISCED stig eru skilgreind útfrá þyngd og eðli náms en ekki aldri en gera má ráð fyrir flestir nemendur ISCED 3 í Evrópu séu á aldrinum 14/15 -17/18 ára. Meðalaldur nemenda í starfsnámi á Íslandi er hærri en í Evrópu og að jafnaði ljúka þeir námi mun síðar en starfsnámsnemar í Evrópu. Þá er flokkun starfsnáms óljós og ekki alltaf sambærileg á milli landa. Ástæða er því til að fara varlega í að túlka tölur og gera má ráð fyrir að staðan hér sé betri en myndin gefur til kynna.



Íslendingar eiga aðild að Menntaáætlun Evrópusambandsins með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og hafa verið virkir þátttakendur í Leonardó frá upphafi árið 1995. Á undanförunum árum hafa u.þ.b. 200 manns farið í starfsþjálfun í lengri og skemmri tíma til annarra Evrópulanda. Slík reynsla er gefandi fyrir þá einstaklinga sem eiga í hlut en einnig er það styrkur fyrir atvinnulífið að nemendur kynnist aðferðum sem notaðar eru í öðrum löndum.

Nokkrir framhaldsskólar hafa gert þátttöku nemenda í evrópsku samstarfi að föstum lið í starfi sínu og er mikilvægt að styrkja þann þátt verulega. Í stefnumótunum Evrópusambandsins er lögð áhersla á hreyfanleika milli landa og er aukið gegnsæi í starfsmenntun efst á baugi í því sambandi sem og aðferðir til að viðurkenna starfsnám milli landa.

## **Stefna menntamálaráðuneytis**

Ný lög um framhaldsskóla tóku gildi 1. ágúst síðastliðinn. Unnið er að innleiðingu þeirra. Með lögunum er stefnt að umtalsverðum breytingum á uppbyggingu náms í framhaldsskólum t.a.m. með þrepaskiptingu náms með áherslu á lokamarkmið og einingamat þar sem vinnuframlag nemenda er metið. Almennt er stefnt að því að efla starfsmenntun og gera henni jafnhátt undir höfði og bóknámi. Eftirfarandi áherslur laganna eiga að hafa áhrif á skipulag og framboð starfsmenntunar í þeim tilgangi:

- Í stað miðstýrðrar námskrár flyst frumkvæði í námskrárgerð til skóla og atvinnulífs.
- Með sveigjanlegri eða dreifstýrðri námskrárgerð skapast forsendur fyrir meira og fjölbreyttara framboð starfsmenntunar í samstarfi skóla og fyrirtækja. Vænta má nýrra námsbrauta með þverfaglegum viðfangsefnum til að svara breyttum kröfum atvinnulífsins.
- Skil bóknáms og verknáms dofna og stúdentspróf á grunni starfsmenntunar verða fjölbreytilegri.
- Framhaldsskólar geta boðið upp á viðbótarnám sem veitir sérstök eða aukin réttindi. Þar liggja sóknarfæri fyrir nýtt námsframboð í starfsmenntun.
- Starfsþjálfun á vinnustað eða vinnustaðanámi fær ákveðnari sess í starfsmenntuninni. Skyldur fræðsluaðila við að tryggja nemum námssamninga eru auknar.
- Atvinnulífið á að veita nemum markvissa starfsþjálfun í fyrirtækjunum.
- Styrkja skal fyrirtækin svo starfsþjálfunin uppfylli tiltekin gæðaviðmið. Leitað verður leiða til að fjármagna vinnustaðanámi.
- Raunfærnimat mun styrkja stöðu þekkingar og þjálfunar sem fengin er í atvinnulífinu.
- Samspil við lög um grunnskóla: Afnám samræmdra prófa í 10. bekk opnar leiðir fyrir nýjar áherslur í námsframboði t.a.m. að gefa nemendum kost á að hefja starfsnám í lokabekkjum grunnskóla

Stórfelldar breytingar á vinnumarkaði á undanförunum mánuðum sýna í hnotskurn þann vanda sem steðjar að starfsmenntun. Forsendur námsvals, sem byggir á væntingum um tiltekna þróun starfa, bresta. Erfitt er að tryggja nemum eðlilega námframvindu. Uppbygging náms er ef til vill of þunglamaleg og því erfitt að laga það að breyttum aðstæðum.

### 3. Brýnustu viðfangsefni

#### 1. Starfsþjálfun á vinnustað

Fyrirtæki og skólar starfa saman að málefnum starfsnáms á vettvangi starfsgreinaráða og mikilvægt er að styrkja þessa samvinnu. Leita þarf leiða til að ná fram og skerpa sameiginlega ábyrgð fyrirtækja og skóla á menntun og þjálfun nemenda. Fyrirtækin þurfa að sjá hag sinn í að koma að þessum þætti. Hagsmunir þeirra felast í tækifæri til að móta sína framtíðarstarfsmenn, kenna verklag og miðla þeim af menningu sinni. Kennsluferlið sjálft eflir þá sem annast kennslu og þjálfun nemenda. Þáttur fyrirtækja í þjálfun er mikilvægur og í mörgum tilfellum er hagkvæmast að kennsla og þjálfun fari fram í fyrirtækjunum. Þar er vélakostur til staðar, fagþekking og raunhæf verkefni sem nemandinn getur tekist á við. Í dag sjá fyrirtækin sér hins vegar ekki alltaf hag í því að taka nemendur til starfsþjálfunar. Hún er kostnaðarsöm og kallar á þjálfaða leiðbeinendur meðal starfsmanna sem ekki eru alltaf fyrir hendi. Lykilatriði í því að þessi þáttur gangi sem skyldi er nægilegt fjárhagslegt og faglegt bolmagn innan fyrirtækja auk hæfra leiðbeinanda. Í þessu skyni er mikilvægt að þjálfa þá starfsmenn sem koma að starfsþjálfun nemenda með því að bjóða námskeið fyrir leiðbeinendur í fyrirtækjunum þar sem lögð er áhersla á kennslufræði fullorðinna.

Talsverð umræða er um gæði starfsmenntunar og færni þeirra sem útskrifast. Í mörgum faggreinum er leitast við að auka gæði með atvinnulífsprófunum, sveinsprófunum, en þetta er þó ekki gert nógu víða og fulltrúar atvinnulífsins hafa áhyggjur af því að slakað verði á kröfum til þeirra sem stunda nám á stuttum námsbrautum.

#### 2. Samstarf skóla

Við lok grunnskóla hafa nemendur sjaldnast fullmótaðar hugmyndir um framtíðarnám og velja því námsleiðir sem halda flestum möguleikum opnum. Sú skoðun virðist ríkjandi meðal nemenda (og foreldra) að bóknámsleiðirnar gefi flesta möguleika. Því er mikilvægt að nemendur eigi möguleika á að prófa ólíkar leiðir í starfsnámi og eigi þess kost að skipta um skoðun og fara á milli deilda og skóla. Í nýjum lögum um framhaldsskóla er kveðið á um aukið samstarf skóla og atvinnulífs. Umræðuhópurinn fagnar þeirri áherslu og væntir árangurs í þessu efni. Undanfarið hefur áhugi aukist á hönnunar- og listnámi og skoða þarf hvort slíkt nám geti verið grunnur eða hluti af starfsnámi og framhaldsnámi í listaháskólum.

#### 3. Sýnileiki starfanna

List- og starfsnám á undir högg að sækja í grunnskólanum og því þarf að breyta. Tryggja þarf nemendum innsýn í fjölbreytileikann í listum og starfsmennt með námund og sterkri upplifun. Nauðsynlegt er að nemendur átti sig á því að til eru leiðir til að skoða heiminn frá nýjum sjónarhornum, til að takast á við óvæntar aðstæður og til að setja af stað skapandi ferli. Þessum þætti er best sinnt í samstarfi skóla og fyrirtækja.

Vinnustaðir eru ekki eins opnir börnum og ungmennum og þeir voru áður fyrr. Þau hafa því færri tækifæri til að kynnst störfum, iðn og listum af eigin raun áður en þau ákveða hvert þau stefna. Umræðuhópurinn álitur að nemendur séu ekki nægjanlega vel upplýstir um starfsnám og fái jafnvel oft villandi skilaboð og upplýsingar um tekjur, atvinnuhorfur og framhaldsmenntun. Þetta veldur því að óákveðnir nemendur velja bóknám. Gera þarf starfnámið sýnilegra og eru náms- og færnileikar ein leið til að auka áhuga nemenda. Það er mikilvægt að menntamálayfirvöld og fyrirtæki taki höndum saman um skipulag og

rekstur á námsleikum. Heimsóknir starfsmanna fyrirtækjanna í skólana geta einnig virkað hvetjandi og vakið áhuga nemenda.

#### **4. Samvinna stofnana sem standa að starfsmenntun**

Stofnanir sem koma að starfsnámi eru ekki nægilega samstilltar. Hafa ber í huga að starfsmenntakerfið er flókið þótt það standi í megindráttum aðeins á þremur stoðum; skólarnir, fyrirtækin og stjórnvöld. Innan þess er kennt til lokaprófs í tugum faggreina. Þessi mynd verður ekki einfaldari þegar ný lög um framhaldsskóla eru komin í framkvæmd. Því er mikilvægt að þeir sem sinna skipulagi, rekstri og eflingu starfsmenntunar gerist samstíga í að draga upp skýra mynd af fyrirkomulagi og möguleikum starfsmenntakerfisins sem og þeim tækifærum sem starfsnám hefur upp á að bjóða. Samstarf af þessu tagi á að taka mið af hagsmunum nemenda en ekki þrengri hagsmunum skóla, fyrirtækja eða fagstétta.

#### **5. Þverfaglegt nám**

Fjöldi brautskráða nemenda á framhaldsskólastigi frá 1996-2007 sýnir að lítil breyting hefur orðið á fjölda sveina í löggiltum iðngreinum en gríðarleg fjölgun (503% - 58 árið 1996 og 350 árið 2007) þeirra sem ljúka stúdentsprófi starfsgreina. Á sama tíma hefur þeim sem ljúka stúdentsprófi af bóknámsbrautum fjölgað um 8%. Þeim sem taka burtfararpróf úr iðn hefur fjölgað um 66% og þeim sem ljúka svokölluðu hæfnisprófi um 82%. Í síðastnefnda hópnum eru nemendur í hönnun, ferðamálum, listnámi og hljóðfæraleik. Eftir að listnám var sett inn í námskrá framhaldsskóla 1999 varð aukning á aðsókn, sérstaklega í þau fög sem hafa skilgreint sig sem skapandi greinar. Þessa auknu aðsókn má túlka sem þörf fyrir nýja valkosti aðra en bóknámsleiðina. Leiða má líkum að því að margir sem fóru í listnámið hefðu kosið starfsnám ef þeim hefði staðið til boða nægjanlega fjölbreytt úrval tækifæra sem gæfu jafnframt möguleika á framhaldsnámi.

Á tímum breytinga er mikilvægt að sveigjanleiki sé til staðar á öllum sviðum í samfélaginu og þá sérstaklega í starfsmenntuninni. Ný framhaldsskólalög opna leiðir til breytinga í starfsnámi og þá möguleika þarf að nýta á yfirvegaðan en frumlegan hátt. Að mati umræðuhópsins skortir fleiri starfsnámsbrautir svo sem í verslun og viðskiptum.

## **4. Leiðir til úrbóta**

### **1. Greiðslur fyrir starfspjálfun**

Samþætta skal nám í skóla og nám á vinnustað þannig að samfella skapist í námsferli nemenda. Lagt er til að fyrirtæki verði metin til að annast vinnustaðakennslu. Matið byggist á aðstöðu fyrirtækjanna til kennslu, hæfni starfsmanna til að annast skipulagningu og framkvæmd og vilja þeirra til að starfa náið með skóla nemenda að skipulagningu vinnustaðanáms. Mat á kennslufyrirtækjum verði sameiginlegt viðfangsefni aðila vinnu- og skóla í hverri grein. Fyrirtæki, sem standast slíkt mat, fái greitt fyrir að annast vinnustaðakennslu. Í því skyni verði settur á laggirnar sjóður fyrir slíkar greiðslur eða fyrirtækjum tryggð umbun á annan hátt t.d. með skattvildun.

### **2. Samstarf skóla**

Samstarf á milli skólastiga og innan skólastiga er mikilvægt. Ný framhaldsskólalög kveða skýrt á um slíkt samráð en tryggja þarf það í reynd. Skapa þarf grundvöll sem auðveldar

samgang, hvetur skóla til að taka frumkvæði og að námsuppbygging endurspegli samstarf.

### 3. Sýnileiki starfanna

Fyrirtæki þurfa að opna dyr fyrir nemendum, forráða- og skólamönnum og sjá hag sinn í því. Skólar geta einnig aukið skilning á störfum og glætt áhuga nemenda með ýmsum hætti. Þetta gerist einkum með þrennum hætti:

- a) Að kynna starfsemi og eðli fyrirtækja betur fyrir börnum og ungmennum með auknu samstarfi.
- b) Að fyrirtækin taki meiri þátt í þjálfun nemenda og beri meiri ábyrgð á þeim þætti.
- c) Að beitt sé fjölbreyttari leiðum í skólastarfinu við lausn verkefna. Þar skipi handverk og sjónræn úrvinnsla verðugan sess.

### 4. Samvinna stofnana sem standa að starfsmenntun

Skólar og atvinnulíf þurfa að eiga formlegan vettvang þar sem fram fer opinská og hreinskiptin umræða um samstarf þessara aðila, þróun skólastarfs og starfsmenntamála með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

### 5. Þverfaglegt nám

Umræðuhópurinn leggur til að þeir möguleikar sem ný framhaldsskólalög opna verði nýttir til samþættingar faggreina. Þannig komi fram „fjölræðingar“ sem hafa stundað nám sem ekki er rígbundið við þær fastmótuðu námsleiðir faggreina sem nú tíðkast. Nemandinn útskrifast síðan með óhefðbundna námsgráðu sem samsvarar til dæmis stúdentsprófi eða sveinsprófi.

## 5. Viðbrögð og umræður á ráðstefnu

### Viðbrögð álitsgjafa

*Halla Bogadóttir, gullsmiður*

Í upphafi máls síns greindi Halla frá sinni aðkomu að iðnmenntun, bæði frá sjónarhóli nemandans og svo síðar sem aðili að námskrárvinnu í gullsmíði. Hún reifaði þann vanda sem snýr að starfsmenntun eins og hann birtist í hennar fagi. Þar hafa sveinar ekki sótt í meistaranám sem gerir að verkum að fáir meistarar eru til staðar til að taka að sér nema. Í hennar huga hefur fjármagn einnig hamlað aðgangi nemenda í vinnustaðanámi og eru tillögur umræðuhóps um greiðslur til fyrirtækja til bóta. Eftirlit með náminu reynist torvelt því tengsl séu mikil í faginu.

Í vinnu að námskrá í gullsmíði, sem kom fyrst 2002, var því lögð áhersla á að fleiri kæmust að til námsins og að auka hlut skólanna í því þar sem tækifæri utan hans voru af skornum skammti. Enn komast of fáir að, erfitt er að velja á milli umsókna og margir bíða eða hverfa frá námi. Í gullsmíði er meðalaldur stúdenta 30 ár og margir með töluvert annað nám að baki. Nú er verið að vinna að nýjum reglum um inntöku nema og meðal annars er til skoðunar að færa námið á háskólastig.

Ályktun Höllu er sú að tvöfalda þurfi verklega kennslu í grunnskólum, þetta sé grunnatriði til að styrkja starfsmenntun. Þá þurfi að bæta kennslu kennaranema sem hyggjast leggja

fyrir sig verkmenntakennslu. Vinna þurfi að breyttu hugarfari því enn sé mjög ríkt í foreldrum að beina börnum sínum í bóklegt nám.

## **Samantekin umræða á ráðstefnu**

Í nýjum framhaldsskólalögum er lögð áhersla á „einn framhaldsskóla“ en þrátt fyrir það miðaðist umræðan á ráðstefnunni frekar við hina hefðbundnu aðgreiningu á framhaldsskólastiginu í starfsnám og bóknám. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að tölur sem kynntar voru sýna að ungt fólk sækir í auknum mæli í að ljúka stúdentsprófi af starfsgreinabrautum. Ungt fólk virðist telja fjölbreytnina og breiðan grunn mikilvægastan til að tryggja samkeppnisstöðu sína á vinnumarkaði og möguleika til áframhaldandi náms.

### **Helstu áskoranir**

Í umræðunni kom fram að helsti vandi starfsmenntakerfisins væri fólgin í litlum áhuga nemenda og brotthvarfi, fé skorti til að kaupa kennslutæki og námsefni. Starfsþjálfun og nám á vinnustað væri ekki nægilega vel skipulagt og ekki síst skorti menntaða kennara og símenntun fyrir þá. Í framhaldi af þessu var spurningum beint til Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Hvernig ætla Menntavísindasviðið að sinna þörfum þeirra sem kenna verklegar greinar í grunnskóla og framhaldsskóla? Fram kom að ekki hefur verið brugðist við þessum þörfum en að skilningur sé á þeim og verið að vinna að þeim breytingum, sem gera þarf vegna lengingar kennaranámsins.

Ráðstefnugestir virtust sammála um að grunnskólar eigi að kenna börnum að vinna með „huga og hönd“. Uppi er krafa um aukna verklega kennslu í grunnskólunum og samþættingu verklegar og bóklegar kennslu þar sem því verður við komið. Gera þurfi átak í að rétta af neikvæð viðhorf til starfsmenntunar með því að leggja það til jafns við bóknám í námi barna og nýta betur þau tækifæri sem felast í verklegu námi.

Mikilvægt þótti að horfa til þess hvers konar skilaboð ungt fólk fær frá atvinnulífinu enda sé starfi skólinn ekki í tómarúmi. Staða prófa á vinnumarkaði og samkeppni um störf hafi vissulega áhrif á ásókn í nám. Í þessu samhengi var bent var á að ef ekki komi skýr krafa frá atvinnulífinu um tiltekna fagmenntun sjái nemandinn litla ástæðu til að ljúka námi og öðlast réttindi.

### **Verkaskipting skóla og atvinnulífs**

Fyrirferðarmikill þáttur í umræðu um starfsmenntun var hvernig ætti að haga verkaskiptingu skóla og atvinnulífs. Gestir voru sammála um að betur þurfi að huga að formlegri samvinnu þessara aðila og betra skipulagi og meiri skilningi á vinnustaðanámi af beggja hálfu.

Þátttakendum fannst skólum takast almennt vel að kenna verklag og vinnubrögð. Frekar var gagnrýnt að nemendur kæmu þaðan án færni til að leysa viðfangsefni og þróa nýjar lausnir. Að þessum þætti sé betur unnið í vinnustaðþjálfuninni. Í fyrirtækjunum virðist aftur á móti í oft erfiðara að þjálfa allt verklag og vinnubrögð sem námskrá gerir ráð fyrir að nemandinn búi yfir. Þetta má ekki síst rekja til vaxandi sérhæfingar fyrirtækja í framleiðsluinaði, þjónustu, verslun og víðar. Hafa ber í huga að hér má ekki alháfa. Ofangreind gagnrýni sem skólarnir hafa fengið virðist síður eiga við um listaskólana en

Þar er áherslan á að þroska færni nemandans í gegnum verkefni. Ástæða er til að athuga hvort ekki sé hægt að yfirfæra þær vinnuaðferðir betur til verkmenntaskólanna. Hæfnin til að leysa viðfangsefni – hanna lausnir – er einn dýrmætasti eiginleiki hvers manns og eftir henni kalla flestir atvinnurekendur og vísa til þess þegar þeir gagnrýna skólana fyrir að nemendur „séu ekki nógu góðir“. Ætla má hér sé að finna orsakir þess að atvinnulífið hefur vantrú á stuttum námsbrautum sem kenna einfalda, sérhæfða tækni og handverk. Af sömu rót eru aðfinnslur atvinnulífsins þegar fullyrt er að unga iðnaðarmenn og aðra sem numið hafa í starfsmenntakerfinu skorti faglegan skilning, stolt og metnað fyrir hönd sinna greina.

Nokkurra mótsagna gætti í umræðunni um hver á að annast vinnustaðanám og almennt um hvert hlutverk þeirra sem koma að starfsmenntun á að vera. Umræðan til þessa hefur einkennst af áherslu á einstök tilvik og dæmi, hugtök eru á reiki, skilgreining ábyrgðar óljós og ekki virðist full sátt um hver sé fyrst og fremst „viðskiptavinur“ starfsmenntakerfisins. Þegar rýnt er í þessar mótsagnir kemur berlega í ljós hversu vandasamt er að ætla að skapa eitt líkan sem hentar öllum þeim ólíku greinum sem eru í boði í starfsmenntun. Kerfið er fjölbreytt, greinar ólíkar og krefjast mismunandi aðbúnaðar, tækja og kennara. Fyrirkomulagið þarf því að helgast af eðli hversrar greinar. Skóli og atvinnulíf verða að vinna sameiginlega að því að greina kröfur um meiri fjölbreytni og uppfylla þær sem raunhæfar teljast. Án heildarsýnar mótast ekki tillögur um lausnir. Hætt er við, að ef ekki tekst að öðlast heildarsýn, verði tillögur í líki bútasams sem lappi í besta falli upp á verstu ágalla kerfisins.

# Helstu upplýsingaveitur umræðuhópanna

---

1. *Making a European Area of Lifelong Learning a Reality – Communication from the Commission* (COM (2001) 678 final)  
[http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2001/com2001\\_0678en01.pdf](http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2001/com2001_0678en01.pdf)
2. *Heimasíða Education & Training 2010*  
[http://europa.eu.int/comm/education/policies/2010/objectives\\_en.html#language](http://europa.eu.int/comm/education/policies/2010/objectives_en.html#language)
3. *Menntun í mótun. Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi.*  
[http://bella.stjr.is/utgafur/menntun\\_i\\_motun.pdf](http://bella.stjr.is/utgafur/menntun_i_motun.pdf)
4. *2007 National Report – Iceland. Skýrsla menntamálaráðuneytisins til framkvæmdastjórnar ESB um stöðu mála á Íslandi varðandi mótun stefnu um nám alla ævi (Lifelong Learning Strategy)*
5. *Umsókn menntamálaráðuneytisins til framkvæmdastjórnar ESB um styrk til verkefnisins "Establishment and implementation of National Lifelong Learning Strategies – Education and Training 2010"*
6. *Commission Staff Working Document: Progress towards the Lisbon Objectives in Education and Training – Indicators and Benchmarks 2007.* Sjá:  
[http://ec.europa.eu/education/policies/2010/doc/progress06/report\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/education/policies/2010/doc/progress06/report_en.pdf)  
Ársskýrsla framkvæmdastjórnarinnar 2007 um stöðu menntamála í Evrópu í ljósi Lissabonmarkmiðanna og þeirra tölfræðilegu mælistika (indicators) sem hafðar eru til hliðsjónar og samanburðar.
7. *Commission Staff Working Document: Progress towards the Lisbon Objectives in Education and Training – Indicators and Benchmarks 2008.* Ársskýrsla framkvæmdastjórnarinnar 2008 um stöðu menntamála í Evrópu í ljósi Lissabonmarkmiðanna og þeirra tölfræðilegu mælistika (indicators) sem hafðar eru til hliðsjónar og samanburðar.
8. *Efficiency and equity in European education and training systems – Communication from the Commission to the Council and to the European Parliament* (COM (2006) 481 final [http://ec.europa.eu/education/policies/2010/doc/comm481\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/education/policies/2010/doc/comm481_en.pdf))
9. *Assuring the quality of VET systems by defining expected outcomes. A cross-country analysis in seven member states.* Skýrsla frá European Centre for the Development of Vocational Training (CEDEFOP) frá 2008.
10. *Those who can?* Samantekt Institute for Public Research frá 2008.
11. *Education and training 2010 work programme. Cluster „Teachers and Trainers“.* Stefnumótun 2005-2007.
12. *The European qualifications framework for lifelong learning (EQF).* Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Education and Culture, 2008.

- 13.** *The shift to learning outcomes. Conceptual, political and practical developments in Europe.* Skýrsla frá European Centre for the Development of Vocational Training (CEDEFOP), 2008.
- 14.** *Action plan on adult learning. It is always a good time to learn.* Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, 2007



# Hugtakaskýringar

---

Formlegt nám	Færni sem aflað er í formlegu skólakerfi og viðurkennd með útskrift eða prófskírteinum frá formlegum skólayfirvöldum (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.).
Formlaust nám	Færni sem einstaklingur hefur öðlast í gegnum daglegar athafnir tengdar starfi, fjölskyldu eða frítíma. Færni sem einstaklingur býr yfir en hefur hvorki skírteini né aðra staðfestingu á að hann hafi tileinkað sér (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.).
Óformlegt nám	Færni sem aflað er utan skólakerfis, til dæmis hjá símenntunarmiðstöðvum, námsflokkum eða með námskeiðum á vinnustað. Þessi færni er oft staðfest með skírteini eða viðurkenningu á þátttöku (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.).
Framhaldsfræðsla	Hvers konar menntun sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og ekki er skipulögð á grundvelli laga um framhaldsskóla og háskóla ( <i>Frumvarp til laga um framhaldsfræðslu</i> ).
Lærdómur eða námsmarkmið (learning outcomes)	Skilgreining á færni/leikni, þekkingu og hæfni sem einstaklingur hefur tileinkað sér við námslok. Við gerð námsbrautar skulu sett fram lærdómsviðmið námsbrautar (Menntamálaráðuneyti, e.d.).
Hæfni (competence)	Felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og færni. - Færni/leikni (skills) Er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum og verklagi. - Þekking (knowledge) Safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.
Viðmiðarammi (national qualification framework)	Viðmiðarammi tekur til alls náms á framhaldsskóla- og háskólastigi. Í rammanum eru skilgreind fjögur hæfnisþrep. Hvert þrep felur í sér ákveðna hæfni sem nemandi skal búa yfir að námi loknu. Viðmið um þá hæfni hefur verið skilgreind óháð inntaki. Gera má ráð fyrir að það taki nemendur mislangan tíma að ná viðkomandi hæfni (Menntamálaráðuneyti, e.d.).
Raunfærni	Samanlögð færni sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti s.s. starfsreynslu, starfsnámi,

frístundanámi, skólanámi, félagsstörfum og fjölskyldulífi (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.)

Raunfærnimat

Staðfesting og mat á raunfærni einstaklings án tillits til þess hvernig eða hvar hennar hefur verið aflað. Markmiðið er að einstaklingur fái viðurkennda raunfærni, sem hann býr yfir á ákveðnum tíma, þannig að hann þurfi ekki að sækja nám í því sem hann kann eða öðlist framgang í starfi (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.)

Starfsmenntun/starfsnám

Allt nám sem miðar beint að undirbúningi fyrir tiltekin störf á vinnumarkaði, hvort sem það veitir formleg réttindi eða ekki og hvort sem það er verklegt eða bóklegt (Gestur Guðmundsson, 1993).

Starfsþjálfun/vinnustaðanám

Hluti skilgreindrar starfsmenntunar sem fram fer á vinnustað

## Heimildaskrá

---

- Council of the European Union. (2007). *Conclusions of the Council and of the Representatives of the Governments of the Member States, meeting within the Council, on improving the quality of teacher education*. Sjá <http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/07/st14/st14413.en07.pdf>
- European Council. (2000). *Presidency conclusions from the Lisbon European Council*. Sjá [http://www.europarl.europa.eu/summits/lis1\\_en.htm](http://www.europarl.europa.eu/summits/lis1_en.htm).
- European Union (2004). *Facing the challenge. The Lisbon strategy for growth and employment Report from the High Level Group chaired by Wim Kok*. Sjá [http://ec.europa.eu/growthandjobs/pdf/kok\\_report\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/growthandjobs/pdf/kok_report_en.pdf)
- European Commission. (e.d.). *Education and Training*. Sótt 17. Mars 2009 af [http://ec.europa.eu/education/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/education/index_en.htm)
- European Parliament. (2008). *Resolution of 23 September 2008 on improving the quality of teacher education*. Sjá <http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?pubRef=-//EP//TEXT+TA+P6-TA-2008-0422+0+DOC+XML+V0//EN>
- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. (2008). *Commission staff working document: Progress towards the Lisbon objectives in education and training. Indicators and benchmarks*. Ársskýrsla Framkvæmdastjórnar.
- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. (2007a). *Action plan on adult learning. It is always a good time to learn*. Communication from the Commission to the Council, the European Parliament, the European Economic and Social Committee and the Committee of the Regions.
- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. (2007b). *Improving the quality of teacher education*. Communication from the Commission to the Council and the European Parliament.
- Frumvarp til laga um framhaldsfræðslu* þskj. 291 - 216. mál á 136. löggjafarþingi 2008 - 09
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d.). *Raunfærni, raunfærnimat*. (Bæklingur). Reykjavík: Höfundur.
- Gestur Guðmundsson. (1993). *Þróun starfsmenntunar á framhaldsskólastigi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið og Sammennt.
- Gornitzka, A. (2006). *The Open Method of Coordination as Practice - A Watershed in European Education Policy? ARENA working papers*. Sjá [http://www.arena.uio.no/publications/working-papers2006/papers/wp06\\_16.pdf](http://www.arena.uio.no/publications/working-papers2006/papers/wp06_16.pdf)
- Hagstofa Íslands. (2008a). *Brautskráningar á framhaldsskólastigi eftir prófgráðu 1995-2007*. Sótt 5. febrúar 2008 af heimasíðu Hagstofu Íslands, [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is), skólamála, framhaldsskólar.
- Hagstofa Íslands. (2008b). *Nemendur og námslok við 24 ára aldur [vefútgáfa]*. *Hagtíðindi, skólamála*, 93 (3), 1-16.
- Hagstofa Íslands. (2008c). *Skólasókn á framhaldsskólastigi eftir kyni, aldri og landsvæðum 1999-2007*. Sótt 17. febrúar 2009 af heimasíðu Hagstofu Íslands, [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is), skólamála, framhaldsskólar.
- Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson. (2003). *Brottfall úr framhaldsskóla. Afstaða til skóla, stuðningur foreldra og bakgrunnur nemenda*. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum IV* (bls. 669-678). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

Lög um almenna fullorðinsfræðslu nr. 47/1992. Sjá  
<http://www.althingi.is/altext/stjt/1992.047.html>

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. Sjá  
<http://www.althingi.is/lagas/136a/2008092.html>

Lög um grunnskóla nr. 91/2008  
Lög um leikskóla nr. 90/2008  
Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008  
Lög um framhaldsskóla nr. 57/1988.  
Sjá <http://www.althingi.is/lagas/120a/1988057.html>  
Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996.  
Sjá <http://www.althingi.is/lagas/135a/1996080.html>

Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu nr. 19/1992.  
Sjá <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1992019.html>  
Menntamálaráðuneyti. (2007). *Menntun í mótun. Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi*. Reykjavík: Höfundur.  
Menntamálaráðuneyti. (e.d.). Ný menntastefna. Sótt 25. mars 2009 af  
<http://www.nymenntastefna.is/>

Nordisk ministerråd. (2009). *Komparativt studie af de nordiske læreruddannelser*.  
Kaupmannahöfn: TemaNord.

OECD. (2008). *Education at a glance – 2008. OECD indicators*. París: OECD  
OECD. (e.d.). *OECD Teaching and Learning International Survey*. Sjá  
[http://www.oecd.org/document/0/0,3343,en\\_2649\\_39263231\\_38052160\\_1\\_1\\_1\\_1\\_00.html](http://www.oecd.org/document/0/0,3343,en_2649_39263231_38052160_1_1_1_1_00.html)

Starfsendurhæfingarsjóður. (e.d.). *Starfsendurhæfingarsjóður, hlutverk og stefna*. Sótt  
18. febrúar 2009 af [www.virk.is](http://www.virk.is)

Starfshópur um framtíðarskipan kennaramenntunar. (2006). *Tillögur starfshóps um framtíðarskipan kennaramenntunar* [vefútgáfa]. Reykjavík: Menntamálaráðuneyti.

# Viðauki I. Dagskrá ráðstefnu

---

## Mótun stefnu um nám alla ævi

### Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi

Ráðstefna haldin í húsi Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1  
fimmtudaginn 26. febrúar 2009 kl. 9-17

#### Dagskrá

**Kl.:**

- 9-9:15 Skráning
- 9:15-9:25 Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra setur ráðstefnuna
- 9:25-9:45 *Íslensk menntastefna í evrópsku samhengi.* Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu
- 9:45-10:15 *Mýkt í menntamálum. Vangaveltur um opið samráð og mjúka og harða stjórnhætti á vettvangi Evrópusambandsins.* Ágúst Hjörtur Ingbórsson, forstöðumaður Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands
- 10:15-11:00 *Lykilhæfni og lærdómsviðmið í námskráargerð.* Björg Pétursdóttir, menntamálaráðuneytinu
- 11:00-11:15 Kaffihlé
- 11:15-13:00 Stutt kynning á meginniðurstöðum umræðuhópa sem verið hafa að störfum undanfarna mánuði
- Hópur A – viðmiðarammi um nám alla ævi - NQF*  
Samantekt: Ólafur Grétar Kristjánsson, menntamálaráðuneytinu  
Viðbrögð: Ólafur Jónsson, Iðunni
- Hópur B – brotthvarf frá námi*  
Samantekt: Sigurður Sigursveinsson, menntamálaráðuneytinu  
Viðbrögð: Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
- Hópur C – Efling framhaldsfræðslu*  
Samantekt: Stefán Stefánsson, menntamálaráðuneytinu  
Viðbrögð: Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Samtökum verslunar og þjónustu

13:00-13:30 Hádegisverður

13:30-14:30 Framhald kynningar á meginniðurstöðum umræðuhópa sem verið hafa að störfum undanfarna mánuði

*Hópur D – Þróun kennaramenntunar*

Samantekt: Sigurjón Mýrdal, menntamálaráðuneytinu

Viðbrögð: Gunnar Gíslason, Fræðsluskrifstofunni Akureyri

*Hópur E – Styrking starfsmenntunar*

Samantekt: Þórir Ólafsson, menntamálaráðuneytinu

Viðbrögð: Halla Bogadóttir, gullsmiður

14:30-16.00 *Fimm umræðuhópar yfir kaffi* með framsögumönnunum. Ráðstefnugestum gefst tækifæri til að koma fyrirspurnum til pallborðs og leggja inn í skýrslu.

16:00-17:00 *Pallborðsumræður*. Þátttakendur:

Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu

dr. Jón Torfi Jónasson, prófessors forstöðumaður Menntavísindavíðs HÍ

Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri Reykjavíkur

Baldur Gíslason, skólameistari Tækniskóla Íslands

Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Kristín Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins

Ráðstefnustjóri verður Ágúst Hjörtur Ingþórsson, forstöðumaður Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands

17:00-18:00 Ráðstefnuslit. Sólrún Jensdóttir, menntamálaráðuneytinu  
Léttar veitingar í ráðstefnulok.

## Viðauki II. Rýnifundir

---

Til að undirbúa vinnu vinnuhópana voru haldnir tveir rýnifundir þar sem reynt var að rýna í þjóðfélagsaðstæður, tæknibreytingar og samfélagsviðhorf og þau atriði sem gætu haft áhrif á mennta- og menningalíf á Íslandi. Á rýnifundunum var safnað sama athugasemdum, fullyrðingum og hugmyndum sem síðan verða nýttar sem innlegg í starf vinnuhópanna.

Annar rýnihópurinn ræddi um LLL frá sjónarhorni nemandans sem einstaklings og á rýnifundinum var áherslan á að fá fram tillögur og hugmyndir um það hvernig hægt væri að efla (empower) og styrkja nemandann:

- til að verða sjálfstæðari og betri nemandi
- í því að vera færari um að marka sér sjálfstætt leiðir og stefnu í námi og starfi
- í því að þjálfra færni í að takast á við verkefni

Hinn hópurinn fjallaði um LLL frá sjónarhorninu félagslegt umhverfi /starfsumhverfi nemandans og áherslan var á að fá fram tillögur og hugmyndir varðandi:

- Lagalega umgjörð náms á öllum sviðum
- Reglugerðir og vinnuvenjur
- Viðhorf í samfélaginu almennt

Rýnifundirnir fóru þannig fram að haft var samband við ýmsa einstaklinga sem taldir voru hafa góða sýn á viðfangsefnið. Við val þátttakenda var jafnframt reynt að ná sem mestri breidd til að fá fram sem flest sjónarmið. Brýnt var fyrir þátttakendum að þeir tækju þátt sem einstaklingar en ekki sem fulltrúar einstakra hagsmunahópa eða skoðana. Verulegur áhugi var á að taka þátt og um 20 manns tóku þátt í hvorum fundi sem tók um 3-4 tíma. Fyrir fundinn fengu fundarmenn talsverðan fjölda spurninga varðandi málefnið sem þeir vour beðnir um að hugleiða og hafa skoðun á án þess þó að svara skriflega fyrir fundinn. Á fundunum var beitt einni útfærslu hugarflugs þar sem þátttakendur skrifa sjálfir niður hugmyndir sínar og hugleiðingar varðandi málefnið. Á milli þess sem fundarmenn skrifuðu voru umræður um fullyrðingarnar til að ná fram sem flestum sjónarhornum, en jafnframt gafst fundarmönnum tækifæri til að skoða það sem aðrir höfðu skrifað, gera við það athugasemdir eða bæta við.

Á rýnifundunum var safnað saman um 600 athugasemdum, fullyrðingum og hugmyndum sem síðan voru flokkaðar. Út úr flokkuninni voru dregnir fram megin þættir og niðurstöður nýttar sem innlegg í starf vinnuhópanna.

Þótt lagt hafi verið upp með tvö sjónarhorn eða nálganir þá snérist umræðan þannig að niðurstöður beggja hópana voru mjög einsleitar þannig í greiningarvinnunni voru niðurstöðurnar settar saman og unnið úr þeim ein heild.

### **Greining á umræðunni á rýnifundunum**

Megin hlutverk rýnifundanna var að varpa ljósi á hvaða samfélags og/eða viðhorfsbreytingar eru að verða sem varða LLL og greina hvort þær breytingar kalla á kerfisbreytingar.

Jafnframt var reynt að fá hugmyndir um það hvernig er hægt að styðja við breytingar sem eru jákvæðar og í samræmi við viðhorf og vilja samfélagsins og hvernig við getum forðast breytingar sem eru á skjön við viðhorf og venjur eða og sem hamla eðlilegri þróun samfélagsins.

Fundirnir gengu báðir mjög vel og frá þeim komu samtals yfir 600 staðhæfingar varðandi LLL sem gefa mynd af þeim viðhorfum sem eru ríkjandi eða eru að formast í íslensku samfélagi í dag.

Starfsmaður verkefnisins flokkaði og greindi niðurstöðuna.

### **Samandregið úr um 600 fullyrðingum.**

#### *Almennt*

- Sviðið er stórt og margbrotið og full ástæða til þess að fara varlega í allar breytingar.
- Rannsókn er þörf og mikilvægt er að sátt sé um markmið og leiðir.
- Skoða endurmeta hvað við metum og viljum leggja áherslur á í skólastarfi og hvernig við metum það sem verið er að vinna. ( eru í gangi óraunhæfar áherslur miðað við aðstæðurnar í nútímanum)
- Fara þarf fram gagnger endurskoðun á því hvað börn þurfa að kunna og læra.
- Kennsla hefur tvíþætt hlutverk: byggja upp **þekkingu** nemandans og **þroska** nemandann. Almennt er áherslan að færast yfir á að þroska nemandann. Sú áherslubreyting gæti komið niður á þekkingarstigi nemandans sérstaklega á fyrri skólastigum og niðurstaðan litið illa út í Písa könnuninni.
- Efla þarf vísindaleg og fagleg vinnubrögð á öllum sviðum.

#### *Kennarinn*

- Verkefni kennaranna er að breytast. Meiri áhersla á leiðbeinendahlutverkið, verkstjórn, hvatningu og endurgjöf.
- Kennarinn er eftir sem áður mikilvægasti aðilinn í kerfinu og því þarf að leggja aðal áhersluna á kennarann og færni hans og starf.
- Vinna þarf með sjálfsmat kennaranna og efla þá sem starfsmenn skólanna.
- Hver hefur það hlutverk að leiðbeina kennurum og hvetja.
- Kennarinn er hluti af því teymi sem sér til þess að allir nemendur nái árangri í samræmi við getu þeirra.
- Efla þarf þekkingu og færni kennara í því að vinna saman og í teymi.
- Kennarinn er hluti af starfsumhverfi nemandans og einnig sá sem á stærstan þátt í að hanna það starfsumhverfi.

#### *Skólarnir, stoðkerfi og samskipti útávið.*

- Styrkja þarf stoðkerfin við stjórnun og rekstur skólanna og skólastarfið í heild.
- Styrkja þarf skipulag og stjórnun í skólakerfinu.
- Tryggja betur að flæðið sé gott á milli skólastiga og skólakerfa
- Samskipti skóla og foreldra verði markvissari og faglegri.
- Í skólunum verði þverfaglegt samstarf til að aðstoða þá nemendur sem eru afbrigðilegir og unnið sé markvissar með foreldrum og fjölskyldum og sérhæfðum stofnunum.
- Aðstoða þarf fjölskyldur sem þurfa að hvetja sín börn. Einnig þarf að hvetja foreldrana.
- Fyrirbyggjandi aðgerðir til að forðast brotthvarf.
- Tryggja að skólar fái nákvæmt og sanngjarnt mat þannig að þeir geti bætt sig, þegar og þar sem þarf, til að bæta árangur og einnig vegna væntanlegrar samkeppni milli skólanna.



### *Nemandinn og sjálfsmynd nemandans*

- Aðstoða nemandann við að móta sjálfsmynd sína.
- Kenna og styrkja félagsfærni nemenda.
- Rannsaka viðhorf samfélagsins og þátt foreldra í sjálfsmyndinni.
- Kenna nemendum á tilfinningar sínar, styrkleika og veikleika.
- Kenna um sjálfsmýndina, fjármál, verðmætamat, þunglyndi, námstækni, samskipti foreldra og barna og önnur atriði sem eru forsendur þess að ná árangri.
- Réttindi og skyldur foreldra og barna.
- Íta undir hóflega samkeppni jafningja samanber aðferðir íþróttanna.
- Skipta eftir getu, ekki allir í sömu deild.
- Kenna og þjálfva nemendur í að vera virkir nemendur.
- Byggja upp nemendur og íta undir sérstöðu og fjölbreytni.
- Læra að þekkja og takast á við andlegan sársauka og vonbrigði.
- Nám er breyting sem útheimtir fórn og áreynslu.
- Nemandinn þroskast best með því að læra í gegnum verkin.

### *Nýsköpun og frumkvöðlastarf.*

- Fjölga frumkvöðlum með uppeldi og kennslu.
- Hanna félagslegt umhverfi sem hvetur til náms og breytinga
- Aukinn áhersla á að efla frumkvæði nemenda.
- Horfa á verkin en ekki titla eða próf.

### *Skólar og skólastarf*

- Kallað eftir meiri stjórnunarþekkingu úti í skólunum sérstaklega meiri þekkingu í mannauðsstjórnun.
- Meiri breidd í menntun starfsmanna í skólum
- Skólarnir fá meira sjálfstæði sem aftur útheimtir meira eftirlit með þeim og meiri stjórnunarþekkingu inni í skólunum.
- Stjórnþæki skólastjórnenda eru of veik og þau þarf að styrkja.
- Skólinn umgangist nemendur sem efnivið og allir nemendur fá aðstoð við að ná þeim þroska og færni sem þeim er fært að ná
- Veikleikar nemandans kortlagðir strax í byrjun og tekist á við þá þar til að hann getur stundað námið til jafnfætis við félagana sína.
- Áhersla á fyrirbyggjandi vinnu.
- Virkt mat og endurgjöf sem aðferð til að ná betra árangri.
- Mat og endurgjöf stýri vinnu og vinnuvenjum og tryggi að nemandinn og kennarinn velji ekki bara auðveldastu leiðina.
- Fyrirbyggjandi aðgerðir til að forðast brotthvarf á síðari námsstigum.
- Gera greinamun á agastýringu og viðleitni til að ná árangri.
- Innleidd verði "færnimappa / sjóferðabók" þar sem unnin verkefni, náms og starfsferill er skráður og staðfestur af kennara eða yfirmanni.
- Þróa þarf gott matskefi, sem metur sem flesta þætti þekkingar og færni fyrir alla.
- Slíkt kerfi ætti að geta brúað bilið milli skólastiga og atvinnulífs.
- Ekki verður litið fram hjá afkastahugsuninni og kröfunni um mat og próf á öllum sviðum en finna þarf aðferðir við að staðfesta færni og getu með öðrum leiðum líka og með víðtækara mati.

### *Starfsnám (að læra í gegnum verkin og verkefni)*

- Þegar nemandi hentar starfsnám betur en bóknám þá standi það til boða jafnt og bóknámið.
- Starfsnám verði tekið upp á fleiri sviðum en í verknáms greinum þannig að nemandinn kynnist vinnunni af eigin raun.
- Leggja þarf meiri áhersla á að þjálfva upp færni nemenda í að leysa verkefni.
- Talið að nemandinn þroskist hraðast við að takast á við raunveruleg verkefni.
- Skólinn ætti ekki bara að vera skrifstofustarf.

- Meiri fjölbreytni og breytileiki í menntun nemenda.

#### *Atvinnulíf og LLL*

- Mannauðsstjórnnum er að ryðja sér hratt til rúms í fyrirtækjum með hátt þekkingarstig starfsmanna en önnur þurfa meiri aðstoð við að innleiða þá tækni.
- Starfsmannasamtöl þar sem fjallað er um þekkingar og færniuppbyggingu starfsmanna hafa fest sig í sessi hjá þeim fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru með langskólamenntun en önnur fyrirtæki eiga langt í land og þurfa á stuðningi að halda.
- Vinna þarf markvissar að því að vekja áhuga þeirra sem standa höllum fæti á því að stunda nám við hæfi.
- Forðast þarf að námskeið atvinnulífsins og almenna skólakerfið aðgreinist.
- Áhersla á að kennslan og námið sé markað frá almennu starfi.
- Aðgreina nám og starf

#### **Almennt**

Aðalatriðið hér er að við búum í mjög góðu samfélagi hamingjusamra og virkra samfélagsþegna sem almennt eru áhugasamir um að læra. Það getur verið hættulegt að raska því jafnvægi en jafnframt mikilvægt að staðna ekki.

Mikilvægt er einnig að hafa það hugfast að LLL snertir alla þætti samfélagsins og verkefnið er því mjög flókið. Við þurfum að halda því sem gott er en jafnframt að mæta breyttum kröfum og aðstæðum á frumkvæðan hátt. Ísland er meðal þeirra þjóða sem best farnast og erfitt getur verið að finna góðar fyrirmyndir sem hægt er að líkja eftir og því verðum við að þróa okkar eigin aðferðir og nálgun og setja okkar eigin markmið. Það er sérstaklega hættulegt að einblína um of á kannanir og samanburð við önnur menningarsamfélög án þess að allar breytur séu teknar til greina.

Það er fullur vilji fyrir því í samfélaginu að efla verulega virkni og gæði náms og kennslu á öllum sviðum. Það skortir heldur ekki þekkingu á því hvernig hægt er að vinna slíkt verkefni en rétt er að hafa það mjög skýrt í huga að verkefnið er bæði flókið og margþætt og mun ekki sýnilegum árangri fyrr en eftir all nokkurn tíma.

#### **Viðhorf og viðhorfsbreytingar**

Jafnræðis viðhorfið er mjög ríkt á Íslandi og jafnframt það viðhorf að einstaklingar eigi að hafa sjálfraði í sínum málum og fá að velja það sem þeir telja að sé þeim fyrir bestu og veiti þeim lífsfyllingu. Áherslan í skólasterfinu eigi fyrst og fremst að vera á að byggja upp færni og þroska nemendanna en þekkingar uppbyggingin eigi að koma í annað sæti. Á sama hátt er það einnig skoðun manna að einstaklingurinn megi vera frábrugðin meginþorra fólks og eigi ekki að líða fyrir það. Til dæmis birtist þetta viðhorf í því að gerð er sú krafa að menntakerfið eigi að mæta sértækum þörfum einstaklinga í mun ríkara mæli en nú er þannig að allir fá jöfn tækifæri til að eflast og þroskast. Þessi krafa hefur samt ekki verið krufinn þannig að ekki er ljóst hversu mikill fórnarkostnaðurinn má vera og hvar eru mörkin milli hagkvæmni og sanngirni liggja. Í rýnihópunum töldu menn almennt að ef fjölskylda nemandans eða vinnustaður þarf á aðstoð að halda þá sé það verkefni skólans eða annara samfélagsstofnana að veita þá aðstoð sem þarf til að viðkomandi einstaklingur nái þeim þroska sem hann er fær um að ná. Það ríktir jafnframt sú skoðun að þessi þjónusta eigi að vera frumkvæð þannig að það sé hlutverk skólans og eða annara stofnana að fylgjast með nemendum og bjóða fram aðstoð þegar þarf en bíða ekki eftir því að eftir henni sé óskað.

Samsvarandi viðhorfsbreyting er að eiga sér stað í atvinnulífinu. Aukinn áhersla er á skipulagt nám starfsmanna og kjarasamningar allra stéttarféлага tryggja mönnum jafnan rétt til náms. Almennt er réttur allra til LLL viðurkenndur og fé er veitt til þeirra mála en fagstéttirnar eru mjög mismunandi virkar í að stunda skipulagt nám og fyrirtækin einnig misjafnlega virk í að aðstoða eða gera starfsmönnum sínum kleift að læra. Því er mikilvægt að atvinnulífið styrki þjónustu og aðstoð við þá sem þurfa hvatningu eða beina aðstoð við að skipulegga nám sitt og aðra færniuppbyggingu.

Í rýnihópunum kom skýrt fram að verkefni skólanna og vinnustaðanna væri tvíþætt annarsvegar að kenna ákveðna þekkingar og færniþætti og hins vegar að stuðla að þroska einstaklingsins. Þátttakendur í hópunum töldu aukinn þroski ætti að vera megin markmið kennslunnar. Það kom jafnframt fram að nemandinn þarf sífellt að læra fleira og meira, kennarinn þarf sífellt að sinna fjölbreytilegri kröfum og samskipti kennara við nemendur og fjölskyldur þeirra verður sífellt tímafrekari. Það nokkuð ljóst að einstakir kennarar geta ekki leyst af hendi allt sem til er ætlast heldur verður það að vera sameiginlegt verkefni skólastofnunarinnar í heild í samvinnu við þær stofnanir sem láta sig velferð samfélagsþegnana varða.

Ný lög um grunnskóla og framhaldsskóla opna marga möguleika en færa jafnframt meiri ábyrgð á hendur skólanna. Á rýnifundunum koma fram efasemdir um að skólarnir væru almennt stjórnunarlega færir um að taka við þeirri ábyrgð sem ný lög fela þeim, nema þeir fái markvissan stuðning og leiðsögn.

Það þarf þorp til að ala upp einstakling og á sama hátt má segja að það þarf það þurfi skólastofnum til að leiða einstakling í gegnum námsferilinn. Þekkingin, reynslan og færnin er til staðar hjá menntastofnunum og tækifærin í að bæta árangurinn enn frekar eru fólgin í að ná betri tókum á að stýra samstarfi allra sem að verkefninu koma þar með talið foreldrum nemenda og vinnuveitendur. Lykillinn er hvernig eflum við stjórnunarpáttinn í kerfinu. Hvernig þjálfum við kennara í því að vinna betur saman hvernig á að skilgreina verkefnin og ábyrgð og setja markmið.

### **Verkefnin framundan, og nokkrar tillögur og spurningar frá rýnihópunum.**

*Spurningar sem þarf að svara*

- Hversu mikið vægi á að gefa þeirri kröfu að allir eigi að stunda mannbætandi starfsemi á sjálfum sér?
- Hversu langt á forsjárhyggjan að ná.
- Hversu djúpt ristir menningarmunur hópana, annarsvegar þeirra sem vilja læra og hinsvegar þeirra sem ekki sjá neina ástæðu til þess. Er hægt að greina menningarmuninn?
- Er hægt að hanna samskiptakerfi sem brúar þennan menningarmun.
- Styrkja þarf félagslega umhverfið til dæmis með því að setja upp stuðningskerfi sem styður við og stuðlar að breytingum í þá átt að fleiri vilji og geti lært.
- Draga þarf fram og fjalla á opinberum vettvangi um þau atriði sem sérstaklega þarf að ræða, þannig að vilji almennings og skoðanir og áherslur í þessum málum séu skýrar.
- Í umræðunni var áhersla lögð á að koma í veg fyrir að einstaklingar dagi uppi eða gleymist í kerfunum og fái að afplána námsdvölinu. Gert með samblandi af ytra og innra eftirliti.
- Mikilvægt að stofnanir vinni saman að því að veita þeim nemendum og fjölskyldum þeirra þá aðstoð sem þarf.

- Byggja upp stuðningskerfi fyrir starfsmenn sem ekki eru motiveraðir til að nýta sé þá þjónustu sem þeim annars stendur til boða. Unnið verði markvisst með einstaklingunum og nærumhverfi hans.
- Byggja þarf um mjög virkt kerfi til að fylgjast með framkvæmd og gæðum skólafstafsins og jafnframt þarf að vera hægt að bregðast við ef og þegar viðunnandi árangur næst ekki.
- Hvernig mælum við árangur.
- Ný lög leggja aukið sjálfræði og þar með ábyrgð á hendur skólanna skólustjórnendum og skólanefndir. Þessi breyting mun leiða til þess að skólustjórnendum þurfa að beita markvisst aðferðafræði fyrirtækja í rekstri hinna nýju fyrirtækja skólanna. Á sama hátt þarf að fylgjast með því að eðlileg samkeppni sé í gangi en verði ekki til þess að einstakir skólar bitist um að fá nemendur í það nám sem auðveldast er að hafa rekstrarhagnað af.
- Í samkeppninni verður fyrirsjáanleg dýrt að sinna sérþörfum nemenda og ekki ljóst hvernig tryggja á að það verði gert.
- Tryggja að skólarnir hanni og bjóði fram valkosti fyrir þá sem ekki eru fyrir bóknámið.
- Viðhorfsbreyting þá sem nemandinn á þekkinguna eða námið.

## **Samantekið sérstaklega fyrir hvern vinnuhóp**

### ***Þróun þrepaskiptingar náms***

- Almennt vigta þeir titlar sem skólarnir veita mjög mikið og flestir skilgreina sig út frá þeim titlum jafnvel þótt langt sé um liðið og einstaklingurinn hafi aflað sér annarrar færni og þekkingar.
- Megin athugasemdirnar eru að það er mikil þörf fyrir gegnsæi og sýnileika á öllum sviðum á hvaða þekkingu og hæfileikum einstaklingarnir búa yfir en það er jafnframt ákveðnar efasemdir um að gera hlutina of flókna.
- Oft bent á að það þurfi að vera enn öflugra kerfi í því að aðstoða og hvetja einstaklinga við að þróa sig og hæfileika sína.
- Kerfin eru sífellt að verða flóknari og flóknari þannig að það þarf betri vegvísa til að kunna að rata.
- Hvaða breytingar þarf að hanna hvað þarf að varðveita.

Aðalatriðið er:

Þetta kerfi útheimtir mikinn þróunarkostnað og einnig er talsverður kostnaður því samfara að viðhalda kerfinu og aðstoða einstaklinga við að nota kerfið. EU er að taka kerfið upp en miklar efasemdir eru um að það takist að koma kerfinu á. Spurningin er hvernig er hver á að vinna verkið og hvernig á að fjármagna það. Hér er verið að fjalla um traust og það þarf að kynna kerfið vel til að það virki og það þarf að sanna sig í raun. Það verður mikið sótt á að skrá hæfileika og getu manna og freistingin verður mikil á því að hefja upp einstaklinga sem ekki geta staðið undir væntingum þegar á reynir. Atvinnurekendur verða að geta treyst kerfinu þegar á reynir og þangað til munu gömlu aðferðirnar verða látnar gilda. Kerfið getur á hinn veginn verið mikilvægt verkfæri til að brúa samskiptagapið milli atvinnulífs og skóla og til að kerfisfesta þau samskipti. Og einnig sem verkfæri stjórnenda og starfsmanna í að skipuleggja nám í fyrirtækjum.

### ***Brotthvarf frá námi***

- Áherslan er á að þroska einstaklinginn nota sem flest tól til þess, en í gegnum verkefni talið mikilvægast.

- Ekki horfa um of á Písa tölur nema við að meta þann þátt sem snýr að því að meta þekkingar yfirfærslu hluta námsins.
- Horfa mun betur á stoðumhverfi einstaklingsins og byggja það upp.
- Horfa á kerfi til að finna strax og hægt er þá sem eru í áhættuhópnum og vinna að því að gefa þeim stuðning og aðstoð.
- Skipuleggja eftirlitskerfi til að fylgjast með því hversu vel er unnið á hverju sviði
- Horfa á skólann í heild en ekki einstaka kennara.
- Auka samstarfið við aðila utan kerfisins og heilbrigðiskerfið í heild.
- Styrkja stjórnkefi skólanna og leggja meiri áherslu á að gera þá að lærdómsfyrirtækjum.
- Fleiri tækifæri og meiri fjölbreytileiki.
- Hvaða breytingar þarf að hanna hvað þarf að varðveita.

Uppúr stendur:

Það kemur ítrekað fram í þessari umræðu að hjá mörgum kennurum eða réttar sagt í mörgum grunnskólum tíðkast að láta þá nemendur eiga sig sem eru á einhvern hátt afbrigðilegir. Þannig komast menn í gegnum grunnskólann ófærir um að takast á við framhaldsskólann og falla því út. Spurningin er því hvað er hægt að gera til að leiðrétta þetta? Strangara eftirlit með kennurum og skólum. Betra innra eftirlit í skólunum. Meiri tími fyrir kennara. Sameiginlegt átak og samvinna með utanaðkomandi aðilum. Það er annarskonar brotthvarf til staðar og það er einfaldlega val nemenda að læra ekki vegna þess að annað fýsilegra stendur til boða. Erum við of umburðarlynd?

### **Efling framhaldsfræðslu**

Samspil skólastofnanna og fyrirtækja, meiri sýnileika á þekkingunni og því sem verið er að gera í fyrirtækjunum. Ekki að vinna sitt í hvoru lagi. Aukna áherslu á sýnileika þess sem gert er í fyrirtækjunum, auka samvinnu skóla og fyrirtækja við að skipuleggja námið í fyrirtækjunum og gera það markvissara. Athuga þarf hvort hægt er að formfesta á einhvern hátt samskiptin milli fyrirtækja og skóla annars þannig að þekkingareiningar séu viðurkenndar.

Nemendamiðað nám á líka við í fyrirtækjum. Fyrirtækin þurfa að kunna eða hugsanlega skilja betur þá aðferðafræði sem þau eru í raun og veru að nota þannig að hún nýtist betur. Hvað með stuðningskerfi eins og starfsráðgjafastuðningskefi þarf ekki að búa til kerfi til að aðstoða fyrirtækin við að byggja upp markvissara starf innan fyrirtækjanna.

Lykilatriðin hér eru viðurkenning á því sem gert er og sú viðurkenning er að hluta til fólgin í að samræma starfið í fyrirtækjunum og í skólunum þannig að titlar og gráðurnar í fyrirtækjunum samsvari þeim sem skólarnir gefa:

- Krafa um aukinn fjölbreytleika
- Hvaða breytingar þarf að hanna hvað þarf að varðveita.

Stjórnunarþekkingin í fyrirtækjum er almennt að aukast og sífellt meiri áhersla á að fyrirtækin séu þekkingarfyrirtæki. Sífellt fleiri fyrirtæki eru farin að starfa eins og akademíur þannig að einstaklingarnir eru gerðir ábyrgir fyrir sínu námi innan fyrirtækjanna svo sem í gegnum starfsmannasamtöl þar sem farið er yfir hvernig starfsmaðurinn ætlar að byggja sig upp. Í þessu eru fyrirtæki og skólar að nálgast hvor annan.

Dæmi um gluggagláp og hvernig byggðir eru inn sérfræðingar inn í heildina og hvernig samanlögð þekking teymisins er hönnuð. Þessi þróun hefur einkum átt sér stað í fyrirtækjum þar sem meiri hluti starfsmanna eru með akademíska menntun og nú eru verkalýðsfélögin og FA að byrja á að ýta á félag sína og fyrirtækin til að fara að gera svipaða hluti. Spurningin er hvað er hægt að gera meira og þá hvernig. Næsta spurning er síðan eiga menn ekki að fá að vera í friði. Þurfa allir að vera að læra hvort sem þeir vilja eða ekki?

### **Þróun kennaramenntunar**

Það er ljóst að kennarinn gegnir lykil hlutverki í að koma nemandanum til "manns" eins og sagt var auk þess að tryggja að nemandinn tileinki sér þær þekkingareiningar sem kveðið er á um.

Þetta tvíþætta hlutverk er bæði flókið og vandasamt og krefst margra ólíkra þekkingareininga og reynslu sem ekki er hægt að gera ráð fyrir að einstakir kennarar ráði yfir það verður því að líta svo á að það sé sameiginlegt verkefni margra sem sé skólans í heild og í mörgum tilfellum veði það ekki gert nema með stuðningi ýmissa aðila í heilbrigðiskerfinu.

Hvað með menntun skólastjórnenda, með menntun annara svo sem fagfólks sem á að sjá um sérhæfða fagmenntun sem þarf að fara fram úti í atvinnulífinu?

Hvað með aukið hlutverk kennara í að vakta andlegt ástand nemendanna?

Kennarinn er sá sem allt stendur og fellur með.

Hvernig er hægt að:

- Gera starf kennarans árangursríkara með því að auka þekkingu hans og skilning á viðfangsefninu; skýrari markmiðssetningu og skýrari mælanlegar kröfur?
- Búa kennaranum starfsumhverfi sem tekur á erfiðum málum með honum. Virkar hvetjandi og uppbyggjandi?
- Kenna kennaranum í auknum mæli að vinna sem hluti af liðsheild?
- Krafa um aukinn fjölbreytleika og meiri breidd?
- Hvaða breytingar þarf að hanna hvað þarf að varðveita?

Uppúr stendur.

Kröfurnar og fjölbreytnin eru að aukast svo mikið að það er ekki raunhaft að gera ráð fyrir að einstaklingar, einstakir kennarar, geti ráðið við að uppfylla þessar kröfur. Kennsla nemanda er að verða samstarf margra. Til að þessir aðilar náði að vinna markvisst saman þurfa þeir að búa við stjórnkerfi sem getur samræmt vinnu þeirra og aðstandenda og metið árangur starfsins. Kennarar þurfa umfram aðra að kunna að vinna á þennan hátt.

### **Styrking starfsmenntunar**

Grunnþátturinn í nemendamiðuðu námi er að nemandinn læri í gegnum verkefni þannig að í náminu sameinist það að meðtaka einhverjar þekkingareiningar og það að byggja upp sjálftraust og færni einstaklingsins í því að takast á við ný verkefni og því að læra. Þegar verið er að reyna að ná fram tveim markmiðum samtímis þá er hætt við að hvorugt verði líst á fullkominn hátt og það getur verið ástæða þess að Ísland kemur ekki

eins vel út í Pisa og vonir stöðu til en spurningin er hvort það er ekki þess virði. Slíka ákvörðun þarf að taka meðvitað og á opinberum vettvangi.

Lykilþátturinn hér er að læra og þroskast í gegnum verkefni. Samtvinna vinnustaðanám og skólanám. Þróa upp aðferðir sem henta þeim sem þurfa að nota aðra nálgun í starfinu sem hentar betur að læra í gegnum verkefni.

Finna þarf hvernig stjórnkefi geta tekið á þessum málum. Sætta hina tvo menningarheima hefðbundið skólanám og nám í gegnum verkefni vinnu. Samantekið þarf að þróa kerfi eða aðferðir til að samþætta ólíka menningarheima sem standa undir formlegu og óformlegu námi. Það þarf að skrifa reglugerðir og koma upp sátt um samspil verkmenntaskólanna og fyrirtækjanna.

Það þarf að byggja upp fræðslu og stuðning og finna fjármögnunarleiðir til að allir sem stunda nám sitji við sama borð hvort sem þeir eru í verklegu námi eða bóklegu námi. Afla þarf verknáminu og betri stöðu og virðingar. Finna þarf leiðir til að nemandinn geti samkennt sig náminu og brjótast út úr hefðbundnum skilgreiningum. Í atvinnulífinu eru störfin gerð fjölbreytilegri til að mæta þörfunum sem menntun gerir til þess að störfin séu áhugaverð. Krafa um aukinn fjölbreytleika vekur upp spurninguna hvaða breytingar þarf að hanna hvað þarf að varðveita.

Mönnum er tíðrætt um þá ímynd sem handverkið hefur og þar með dræma aðsókn í það. Aftur á móti er augljóslega mikil ásókn í fög þar sem samsvarandi eiginleika og hæfni er krafist. Eru menn og konur að leita að stöðu í lífinu eða að gefandi verkefnum. Getur verið að hluti að vandanum sé að menningarmunur á fyrirtækjum og skólum geri samstarf þessara aðila erfitt. Gráðusæknin er afleiðing af skorti á raunhæfu og staðfestu mati á færni og þekkingu einstaklinganna.

## Viðauki III. Lykilhæfni og lærdómsviðmið

---

### Tjáning og samskipti á íslensku sem móðurmáli

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Sameiginlegt tungumál, móðurmálið tengir fólk saman og eflir samkennd þess. Tungumálið er snar þáttur í menningu þjóða. Móðurmál okkar og bókmenntaarfur tengir saman fortíð þjóðarinnar og nútíð.

Lykilhæfni felur í sér að:

- geta hlustað á talað mál og skilið merkingu þess
- geta tjáð hugsanir, tilfinningar og skoðanir bæði munnlega og skriflega
- hafa trú á eigin málkunnáttu
- geta tekið þátt í samræðum og stuðlað að málefnalegum umræðum
- geta beitt hugtökum af öryggi og notað blæbrigðaríkt mál
- búa yfir ríkulegum orðaforða
- geta lesið fjölbreytta texta sér til fróðleiks og yndisauka
- hafa skilning og vald á málkerfi og eiginleikum móðurmálsins
- gera sér grein fyrir mikilvægi góðrar íslenskukunnáttu

### Tjáning og samskipti á erlendum tungumálum

Kunnáttu í erlendum tungumálum og innsýn í menningu annarra þjóða getur lagt grunn að skilningi, virðingu og umburðarlyndi. Hún er ein af forsendum þess að geta átt farsæl samskipti og samvinnu við einstaklinga af öðru þjóðerni.

Lykilhæfni felur í sér að:

- geta hlustað á talað mál og skilið merkingu þess
- geta tjáð sig á viðeigandi hátt um ólík efni bæði munnlega og skriflega
- hafa trú á eigin málakunnáttu
- geta tekið þátt í samræðum um almenn málefni og notað viðeigandi málfar og hljóðfall
- búa yfir fjölbreyttum orðaforða daglegs lífs
- geta lesið texta á erlendum tungumálum, sér til fróðleiks og ánægju
- hafa skilning á málkerfi og eiginleikum erlendra tungumála
- gera sér grein fyrir hvernig erlend tungumál eru lykill að margvíslegum samskiptum

### Stærðfræði daglegs lífs

Stærðfræði er svo samofin menningu og þjóðfélagsháttum að lágmarkskunnáttu í henni er hverjum manni nauðsynleg til að takast á við daglegt líf og störf og skilja umheim sinn. Allir þurfa t.d. að skilja mál og vog og átta sig á fjármálum sínum. Ekki er síður mikilvægt að geta tekið afstöðu og metið upplýsingar af tölulegum toga til að geta orðið virkur þátttakandi í þjóðfélaginu. Til þess þarf þekkingu og rökvísi en umfram allt nægilegt sjálfstraust til að beita henni.

Lykilhæfni felur í sér að:

- hafa vald á tölum, mælingum og einföldum reikniaðferðum
- beita skipulegum aðferðum við leit að lausnum
- geta beitt einföldum röksemdafærslum
- gera sér grein fyrir mikilvægi röksemdafærslna í stærðfræði
- geta tjáð sig um stærðfræðileg viðfangsefni
- geta lesið tölulegar upplýsingar sem settar eru fram á myndrænan hátt
- meta réttmæti og áreiðanleika upplýsinga
- geta sett fram tölulegar upplýsingar



- geta tekist á við stærðfræðileg viðfangsefni sem koma fyrir í daglegu lífi
- geta nýtt stærðfræðiþekkingu til að efla fjármálavitund
- þekkja og skilja gildi stærðfræðinnar við ýmis störf í þjóðfélaginu, menningu og listir

### Náttúra, vísindi og tækni

Mikilvægt er að allir umgangist náttúruna af ábyrgð og virðingu í anda sjálfbærrar þróunar. Vísindi og tækni eru mannanna verk, hugmyndir í stöðugri þróun og mikilvægt að allir skilji að þeir geti haft áhrif. Áhersla er lögð á góðan skilning á náttúrufræðilegum hugtökum, vísindalegum vinnubrögðum og hugsunarhætti sem nýtist í daglegu lífi.

Lykilhæfni felur í sér að:

- gera sér grein fyrir því að maðurinn er hluti af náttúrunni og ber ábyrgð á sjálfum sér og umhverfi sínu
- geta aflað gagna, flokkað, unnið úr og miðlað upplýsingum á gagnrýnn og skapandi hátt
- geta nýtt sér margvíslega tækni í þekkingarleit og miðlun þekkingar
- geta útskýrt, túlkað og ályktað á vísindalegan hátt
- gera sér grein fyrir möguleikum tækninnar til að hafa áhrif á samfélagið og náttúruna
- vita hvernig náttúruvísindi og tækni hafa í senn áhrif á og verða fyrir áhrifum af menningu og heimsmynd mannsins
- átta sig á að kenningar í náttúruvísindum geta breyst þegar þekking eykst og tækniframfarir eiga sér stað
- geta tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra álitamála sem tengjast umhverfi og náttúru
- gera sér grein fyrir mikilvægi sjálfbærrar þróunar fyrir einstaklinginn, samfélagið og jörðina alla

### Námsleikni

Námsleikni felur bæði í sér viðhorf og vinnubrögð. Auk þekkingar á mismunandi námsaðferðum eru forvitni, trú á eigin getu og hæfileiki til að beita þekkingu sinni á margvísleg viðfangsefni, mikilvæg.

Lykilhæfni felur í sér að:

- tileinka sér jákvætt viðhorf til náms
- deila þekkingu sinni með öðrum
- þekkja eigin styrkleika og setja sér raunhæf markmið
- geta notað fjölbreyttar námsaðferðir og gögn
- geta aflað upplýsinga eftir fjölbreyttum leiðum
- nýta upplýsingar á ábyrgan hátt
- geta metið eigið vinnuframlag og annarra
- geta tekist á við áskoranir í námi
- geta skipulagt vinnutíma sinn og forgangsraðað viðfangsefnum
- gera sér grein fyrir eigin ábyrgð á námi
- geta nýtt fyrri reynslu, þekkingu og skilning við úrlausn nýrra viðfangsefna

### Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar

Hagnýting þekkingar felur í sér hæfni til að sjá möguleika á nýrri þekkingu og búa yfir færni til að virkja og hagnýta hana, hvort sem er heima fyrir, á vinnustað eða úti í samfélaginu. Í því sambandi er frumkvæði, sjálfstæði og skapandi hugsun einstaklingsins lykilatriði.

Lykilhæfni felur í sér að:

- búa yfir frumkvæði og skapandi hugsun
- vera sjálfstæður í vinnubrögðum
- geta breytt hugmynd í afurð
- geta notað fjölbreyttar aðferðir við að leysa viðfangsefni

- geta miðlað hugmyndum og útskýrt vinnuferli
- geta greint ný tækifæri í umhverfinu
- geta metið áhættu, réttmæti og mikilvægi verkefna
- búa yfir siðferðislegri ábyrgð á sköpun og hagnýtingu þekkingar
- geta hagnýtt eigin þekkingu til umbóta

### **Menning, listir og sköpunarkraftur**

Mikilvægt er að virkja og viðhalda sköpunarkrafti einstaklinga þannig að hann nýtist þeim í lífi og starfi. Jafnframt er skilningur á eigin menningu og annarra þjóða grunnur að opnu viðhorfi og áhuga á margbreytileika lífsins.

Lykilhæfni felur í sér að:

- búa yfir sjálfstrausti til sköpunar á sviði lista og handverks
- geta tjáð sig á ólíkan hátt með sköpun í gegnum ýmsa miðla
- nýta sér sköpunarkraft sinn á margvíslegan hátt í lífi og starfi
- geta notið lista og skapandi starfs á margvíslegu formi
- taka opnum huga nýjungum á sviði menningar og lista
- þekkja til helstu menningaverka innan lands sem utan
- vita hvernig menning og listir tengjast atvinnusköpun og samfélagsþróun
- meta gildi menningararfsins, hvort sem hann snýr að heimabyggð eða heiminum öllum

### **Félagshæfni og borgaravitund**

Félagshæfni og borgaravitund fela í sér vitund einstaklingsins um eigin ábyrgð og virkt lýðræði, gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og virðingu fyrir náunganum. Góð heilsa er mikilvæg fyrir einstaklinginn, fjölskyldu hans og félagslegt umhverfi sem og þekking á því að heilbrigður lífstíll stuðli að almennri vellíðan. Borgaravitund snýr að þátttöku allra í lýðræðislegu samfélagi.

Lykilhæfni felur í sér að:

- bera virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra
- geta átt uppbyggileg samskipti við annað fólk
- virða grundvallarreglur samfélagsins
- taka ábyrgð á eigin heilsu og líðan
- tileinka sér lífsvenjur sem eru uppbyggilegar fyrir líkamlegt og andlegt heilbrigði
- taka ábyrgð á eigin fjármálum
- geta lagað sig að margbreytilegum aðstæðum í lífi og starfi
- gera sér grein fyrir eigin fordómum og leitast við að vinna gegn þeim
- geta skipst á skoðunum, tekið þátt í rökræðum og fylgt málum eftir
- geta tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra álitamála
- vera virkur og ábyrgur þátttakandi í lýðræðislegu samfélagi
- virða mannréttindi og jafnrétti í öllu starfi

<h2 style="text-align: center;">ALMENN LÆRDÓMSVIÐMIÐ</h2> <h3 style="text-align: center;">Hæfniprep 1</h3>	<p><b>PREP 1</b></p> <p><b>Lærdómur áfanga</b> á þrepi 1 uppfyllir neðangreind viðmið að hluta eða öllu leyti.</p> <p><b>Lærdómur námsbrautar</b> skilar nemanda með hæfni á þrepi 1. Hann einkennist af almennum þáttum þekkingar, færni og uppfyllir neðangreind viðmið að mestu eða öllu leyti</p>
<p><b>HÆFNI</b> - felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og færni.</p> <p><b>Afla</b> felur í sér hagnýtingu og yfirfærslu þekkingar og færni. Sú athöfn gerir kröfur um siðferðisvitund, viðsýni, sköpunarmátt, umburðarlyndi og skilning nemandans á eigin getu.</p> <p><b>Greina</b> felur í sér úrvinnslu á þekkingu og færni nemandans, með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir, rökstyðja og iðgrunda/fagleg gagnrýni/gagnrýnin hugsun. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum, ábyrgðartilfinningu og hæfni í að meta aðstæður, eigið framlag og annarra.</p> <p><b>Miðla:</b> felur í sér margvísleg tjáningarform þar sem vitsmunalegri, listrænni og/eða verklegri þekkingu og færni er miðlað. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sköpunarhæfni, innsæi og frumkvæði auk hæfni til að tjá hugmyndir, skoðanir og tilfinningar.</p>	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og færni sem hann hefur <b>aflað</b> sér. Hann skal geta sýnt fram á almenna siðferðisvitund, umburðarlyndi og skilning á eigin getu.</p> <p>Nemandi skal geta <b>greint</b> og hagnýtt almenna þekkingu og færni með því að bera saman, finna samband, einfalda og draga ályktanir. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni ábyrgðartilfinningu, sýni sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum og geti beitt almennri iðgrundun.</p> <p>Nemandi skal geta <b>miðlað</b> og hagnýtt almenna þekkingu og færni þar sem vitsmunalegri, listrænni og/eða verklegri þekkingu og færni er miðlað. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sköpunarhæfni, frumkvæði og hæfni til að tjá hugmyndir og skoðanir.</p>
<p><b>ÞEKKING</b> - er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.</p> <p><b>Afla</b> felur í sér athafnirnar að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða önnur samskipti sem nýtast til öflunar þekkingar.</p> <p><b>Greina</b> felur í sér athafnirnar að ræða, flokka og bera saman þekkingu.</p> <p><b>Miðla</b> felur í sér framsetningu þekkingar með ólíkum tjáningarformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega.</p>	<p>Nemandi skal hafa <b>aflað</b> sér almennrar þekkingar í gegnum áhorf, lestur, hlustun, umræður eða önnur samskipti.</p> <p>Nemandi skal geta <b>greint</b> almenna þekkingu sína með umræðum og flokkun.</p> <p>Nemandi skal geta <b>miðlað</b> almennri þekkingu sinni með mismunandi aðferðum, skriflega, munnlega eða verklega.</p>
<p><b>LEIKNI</b> - er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum og verklagi.</p> <p><b>Afla</b> felur í sér þjálfun í aðferðum og verklagi.</p> <p><b>Greina</b> felur í sér val á aðferðum og skipulag verkferla.</p> <p><b>Miðla</b> felur í sér að miðla færni sinni með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma.</p>	<p>Nemandi skal hafa <b>aflað</b> sér þjálfunir í almennum aðferðum og verklagi</p> <p>Nemandi skal geta <b>greint</b> milli aðferða og unnið undir verkstjórn.</p> <p>Nemandi skal geta <b>miðlað</b> færni sinni með almennum vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma.</p>

<h2 style="text-align: center;">ALMENN LÆRDÓMSVIÐMIÐ</h2> <h3 style="text-align: center;">Hæfniprep 2</h3>	<p><b>PREP 2</b></p> <p><b>Lærdómur áfanga</b> á þrepi 2 uppfyllir neðangreind viðmið að hluta eða öllu leyti. Áfangi skal byggja á eða innihalda viðmið af þrepi 1.</p> <p><b>Lærdómur námsbrautar</b> skilar nemanda með hæfni á þrepi 2. Hann einkennist af sértækum þáttum þekkingar, færni og hæfni sérsviðs námsbrautarinnar og uppfyllir neðangreind viðmið að mestu eða öllu leyti</p>
<p><b>HÆFNI</b> - felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og færni.</p> <p><b>Afla</b> felur í sér hagnýtingu og yfirfærslu þekkingar og færni. Sú athöfn gerir kröfur um siðferðisvitund, viðsýni, sköpunarmátt, umburðarlyndi og skilning nemandans á eigin getu.</p> <p><b>Greina</b> felur í sér úrvinnslu á þekkingu og færni nemandans, með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir, rökstyðja og iðgrunda/fagleg gagnrýni/gagnrýnin hugsun. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum, ábyrgðartilfinningu og hæfni í að meta aðstæður, eigið framlag og annarra.</p> <p><b>Miðla:</b> felur í sér margvísleg tjáningarform þar sem vitsmunalegri, listrænni og/eða verklegri þekkingu og færni er miðlað. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sköpunarhæfni, innsæi og frumkvæði auk hæfni til að tjá hugmyndir, skoðanir og tilfinningar.</p>	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá sértæku þekkingu og færni sem hann hefur <b>aflað</b> sér. Hann skal geta sýnt fram á siðferðisvitund, viðsýni, sköpunarmátt, umburðarlyndi og skilning á eigin getu.</p> <p>Nemandi skal geta <b>greint</b> og hagnýtt sértæka þekkingu og færni með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir, rökstyðja og beita faglegri gagnrýni. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum, búi yfir ábyrgðartilfinningu og hæfni í að meta aðstæður og eigið framlag.</p> <p>Nemandi skal geta <b>miðlað</b> og hagnýtt sértæka þekkingu og færni þar sem vitsmunalegri, listrænni og/eða verklegri þekkingu og færni er miðlað. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sköpunarhæfni, innsæi, frumkvæði og hæfni til að tjá hugmyndir, skoðanir og tilfinningar.</p>
<p><b>ÞEKKING</b> - er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.</p> <p><b>Afla</b> felur í sér athafnirnar að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða önnur samskipti sem nýtast til öflunar þekkingar.</p> <p><b>Greina</b> felur í sér athafnirnar að ræða, flokka og bera saman þekkingu.</p> <p><b>Miðla</b> felur í sér framsetningu þekkingar með ólíkum tjáningarformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega.</p>	<p>Nemandi skal hafa <b>aflað</b> sér sértækrar þekkingar í gegnum áhorf, lestur, hlustun, umræður eða önnur samskipti.</p> <p>Nemandi skal geta <b>greint</b> almenna og sértæka þekkingu sína með umræðum, flokkun og samanburði.</p> <p>Nemandi skal geta <b>miðlað</b> almennri og sértækri þekkingu sinni með mismunandi aðferðum, skriflega, munnlega og verklega.</p>
<p><b>LEIKNI</b> - er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum og verklagi.</p> <p><b>Afla</b> felur í sér þjálfun í aðferðum og verklagi.</p> <p><b>Greina</b> felur í sér val á aðferðum og skipulag verkferla.</p> <p><b>Miðla</b> felur í sér að miðla færni sinni með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma.</p>	<p>Nemandi skal hafa <b>aflað</b> sér þjálfunir í sértækum aðferðum og verklagi.</p> <p>Nemandi skal geta <b>greint</b> milli aðferða, valið og skipulagt sértækt verklag.</p> <p>Nemandi skal geta <b>miðlað</b> færni sinni með því að beita sértækum vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum.</p>

<h2>ALMENN LÆRDÓMSVIÐMIÐ</h2> <h3>Hæfniprep 3</h3>	<p><b>PREP 3</b></p> <p><b>Lærdómur áfangs</b> á þrepi 3 uppfyllir neðangreind viðmið að hluta eða öllu leyti. Áfangi skal byggja á eða innihalda viðmið af fyrri þrepum.</p> <p><b>Lærdómur námsbrautar</b> skilar nemendum með hæfni á þrepi 3. Hann einkennist af sértækum þáttum þekkingar, færni og hæfni undirgreina sérsviðs námsbrautarinnar og uppfyllir neðangreind viðmið að mestu eða öllu leyti.</p>
<p><b>HÆFNI</b> - felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og færni.</p> <p><b>Afla</b> felur í sér hagnýtingu og yfirlærslu þekkingar og færni. Sú athöfn gerir kröfu um siðferðisvitund, viðsýni, sköpunarmátt, umburðarlyndi og skilning nemandans á eigin getu.</p> <p><b>Greina</b> felur í sér úrvinnslu á þekkingu og færni nemandans, með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir, rökstyðja og ígrunda/fagleg gagnrýni/gagnrýnin hugsun. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum, ábyrgðartilfinningu og hæfni í að meta aðstæður, eigið framlag og annarra.</p> <p><b>Miðla:</b> felur í sér margvísleg tjáningarform þar sem vitsmunalegri, listrænni og/eða verklegri þekkingu og færni er miðlað. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sköpunarhæfni, innsæi og frumkvæði auk hæfni til að tjá hugmyndir, skoðanir og tilfinningar.</p>	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu og sértæku þekkingu og færni sem hann hefur <b>aflað</b> sér. Hann skal geta sýnt fram á siðferðisvitund, viðsýni, sköpunarmátt, umburðarlyndi og skilning á eigin getu í tengslum við sérsvið og undirgreinar þess.</p> <p>Nemandi skal geta <b>greint</b> og hagnýtt almenna og sértæka þekkingu og færni með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir, rökstyðja og beita faglegri gagnrýni. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum, ábyrgðartilfinningu og hæfni í að meta aðstæður og eigið framlag í tengslum við sérsvið og undirgreinar þess.</p> <p>Nemandi skal geta <b>miðlað</b> og hagnýtt almenna og sértæka þekkingu og færni þar sem vitsmunalegri, listrænni og/eða verklegri þekkingu og færni er miðlað. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi búi yfir gagnrýni hugsun, sköpunarhæfni, innsæi, frumkvæði, hæfni til að tjá hugmyndir, skoðanir og tilfinningar í tengslum við sérsvið og undirgreinar þess.</p>
<p><b>ÞEKKING</b> - er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.</p> <p><b>Afla</b> felur í sér athafnir að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða önnur samskipti sem nýtast til öflunar þekkingar.</p> <p><b>Greina</b> felur í sér athafnir að ræða, flokka og bera saman þekkingu.</p> <p><b>Miðla</b> felur í sér framsetningu þekkingar með ólíkum tjáningarformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega.</p>	<p>Nemandi skal hafa <b>aflað</b> sér almennrar og sértækrar þekkingar á undirgreinum sérsviðs í gegnum áhorf, lestur, hlustun, umræður eða önnur samskipti.</p> <p>Nemandi skal geta <b>greint</b> þekkingu sína með umræðum, flokkun og samanburði og tengt hana undirgreinum sérsviðs.</p> <p>Nemandi skal geta <b>miðlað</b> þekkingu sinni með mismunandi aðferðum og ólíkum tjáningarformum.</p>
<p><b>LEIKNI</b> - er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum og verklagi.</p> <p><b>Afla</b> felur í sér þjálfun í aðferðum og verklagi.</p> <p><b>Greina</b> felur í sér val á aðferðum og skipulag verkferla.</p> <p><b>Miðla</b> felur í sér að miðla færni sinni með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma.</p>	<p>Nemandi skal hafa <b>aflað</b> sér þjálfunar í almennum og sértækum aðferðum og verklagi undirgreina sérsviðs.</p> <p>Nemandi skal geta <b>greint</b> milli aðferða, valið og skipulagt almennt og sértækt verklag sérsviðs og undirgreina þess.</p> <p>Nemandi skal geta <b>miðlað</b> færni sinni með því að beita almennum og sértækum vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum undirgreina sérsviðs.</p>

<h2>ALMENN LÆRDÓMSVIÐMIÐ</h2> <h3>Hæfniprep 4</h3>	<p><b>PREP 4</b></p> <p><b>Lærdómur áfangs</b> á þrepi 4 uppfyllir neðangreind viðmið að hluta eða öllu leyti. Áfangi skal byggja á eða innihalda viðmið af fyrri þrepum.</p> <p><b>Lærdómur námsbrautar</b> skilar nemendum með hæfni á þrepi 4. Hann einkennist af sértækum þáttum þekkingar, færni og hæfni undirgreina sérsviðs námsbrautarinnar og uppfyllir neðangreind viðmið að mestu eða öllu leyti.</p>
<p><b>HÆFNI</b> - felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og færni.</p> <p><b>Afla</b> felur í sér hagnýtingu og yfirlærslu þekkingar og færni. Sú athöfn gerir kröfu um siðferðisvitund, viðsýni, sköpunarmátt, umburðarlyndi og skilning nemandans á eigin getu.</p> <p><b>Greina</b> felur í sér úrvinnslu á þekkingu og færni nemandans, með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir, rökstyðja og ígrunda/fagleg gagnrýni/gagnrýnin hugsun. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum, ábyrgðartilfinningu og hæfni í að meta aðstæður, eigið framlag og annarra.</p> <p><b>Miðla:</b> felur í sér margvísleg tjáningarform þar sem vitsmunalegri, listrænni og/eða verklegri þekkingu og færni er miðlað. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sköpunarhæfni, innsæi og frumkvæði auk hæfni til að tjá hugmyndir, skoðanir og tilfinningar.</p>	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og færni sem hann hefur <b>aflað</b> sér.</p> <p>Nemandi skal geta <b>greint</b> og metið eigið vinnuframlag og annarra, brugðist við breytilegum aðstæðum og komið með úrræði. Hann skal geta próað aðferðir á skapandi hátt.</p> <p>Nemandi skal geta <b>miðlað</b> og hagnýtt sérhæfða þekkingu og færni, leiðbeint og stjórnað öðrum á jákvæðan hátt.</p>
<p><b>ÞEKKING</b> - er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.</p> <p><b>Afla</b> felur í sér athafnir að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða önnur samskipti sem nýtast til öflunar þekkingar.</p> <p><b>Greina</b> felur í sér athafnir að ræða, flokka og bera saman þekkingu.</p> <p><b>Miðla</b> felur í sér framsetningu þekkingar með ólíkum tjáningarformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega.</p>	<p>Nemandi skal hafa <b>aflað</b> sérhæfingar í gegnum áhorf, lestur, hlustun, umræður eða önnur samskipti.</p> <p>Nemandi skal geta <b>greint</b> þekkingu sína með umræðum, flokkun og samanburði og tengt hana sérhæfingu sinni.</p> <p>Nemandi skal geta <b>miðlað</b> þekkingu sinni með mismunandi aðferðum og ólíkum tjáningarformum.</p>
<p><b>LEIKNI</b> - er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum og verklagi.</p> <p><b>Afla</b> felur í sér þjálfun í aðferðum og verklagi.</p> <p><b>Greina</b> felur í sér val á aðferðum og skipulag verkferla.</p> <p><b>Miðla</b> felur í sér að miðla færni sinni með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma.</p>	<p>Nemandi skal hafa <b>aflað</b> sér þjálfunar í aðferðum og verklagi sem tengjast sérhæfingu hans.</p> <p>Nemandi skal geta <b>greint</b> aðstæður og brugðist við á viðeigandi, raunhæfan og skapandi hátt.</p> <p>Nemandi skal geta <b>miðlað</b> sérhæfðu færni sinni með því að beita almennum og sértækum vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum.</p>

## Viðauki IV. Listi yfir ráðstefnugesti

---

Gunnar Gíslason	Akureyrarbær - skóladeild
Jónína Ágústsdóttir	Akurskóli
Karitas Kvaran	Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins
Halldór Grönvold	Alþýðusambandi Íslands
Ólafur Sigurðsson	Borgarholtsskóli
Gunnar Einarsson	Bæjarstjóri Garðabæjar
Atli Lýðsson	Eflingu stéttarfélagi
Kristín Jónsdóttir	Endurmenntunarstofnun H.Í.
Bryndís Þráinsdóttir	Farskóla Norðurlands vestra
Jóhann Ingólfsson	Farskóli Norðurlands vestra
Heimir Jón Guðjónsson	Fjölbrautaskólanum í Breiðholti
Gísli Ragnarsson	Fjölbrautaskólanum við Ármúla
Leifur A. Ísaksson	Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Guðmunda Smáradóttir	Framvegis - miðstöð um símenntun í Rvk
Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Sigrún Jóhannesdóttir	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Halla Bogadóttir	Gullsmiður
Ari Ólafsson	Háskóli Íslands
Guðmundur Kristmundsson	Háskóli Íslands
Jón Torfi Jónasson	Háskóli Íslands
Guðrún Geirsdóttir	Háskóli Íslands
Allyson Macdonald	Háskóli Íslands
Ágúst Þór Árnason	Háskólinn á Akureyri
Þóra Sigurðardóttir	Hönnunar- og handverksskólinn
Gylfi Einarsson	Iðan fræðslusetur
Hildur Elín Vignir	Iðan fræðslusetur
Ólafur Jónsson	Iðan fræðslusetur
Þór Pálsson	Iðnskólanum í Hafnarfirði
Jóhannes Einarsson	Iðnskólanum í Hafnarfirði
Þór Pálsson	Iðnskólanum í Hafnarfirði
Ingibjörg Jónasdóttir	Kaupþingi banka
Björg Bjarnadóttir	Kennarasambandi Íslands
Elna Katrín Jónsdóttir	Kennarasambandi Íslands
Kristín Jónsdóttir	Kvöldskóli Kópavogs
Dóra Stefánsdóttir	Landskrifstofa Menntaáætlunar ESB
Guðrún Ebba Ólafsdóttir	Laugalækjarskóla
Guðjónína Sæmundsdóttir	Leikn
Björg Birgisdóttir	Listaháskóla Íslands
Ingibjörg Kristinsdóttir	Listaháskóla Íslands
Arnór Guðmundsson	Menntamálaráðuneyti
Björg Pétursdóttir	Menntamálaráðuneyti
Katrín Jakobsdóttir	Menntamálaráðuneyti

Ólafur Grétar Kristjánsson	Menntamálaráðuneyti
Sigurður Sigursveinsson	Menntamálaráðuneyti
Sigurjón Mýrdal	Menntamálaráðuneyti
Sólrún Jensdóttir	Menntamálaráðuneyti
Stefán Stefánsson	Menntamálaráðuneyti
Þórir Ólafsson	Menntamálaráðuneyti
Rósa Gunnarsdóttir	Menntamálaráðuneyti
Hildur Skarphéðinsdóttir	Menntamálaráðuneyti
Ragnar Þorsteinsson	Menntasvið Reykjavíkurborgar
Hulda Ólafsdóttir	Mímir símenntun
Ingibjörg Jóhannsdóttir	Myndlistaskólinn í Reykjavík
Júlíus Björnsson	Námsmatsstofnun
Aðalheiður Jónsdóttir	Rannís
Ágúst H. Ingþórsson	Rannsóknþjónusta H.Í.
Ástríður Guðlaugsdóttir	Rannsóknþjónusta H.Í.
Eyrún Rúnarsdóttir	Rannsóknþjónusta H.Í.
Sigurður Guðmundsson	Rannsóknþjónusta H.Í.
Guðfinna Harðardóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga
Svandís Ingimundardóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga
Sigurður Albert Ármannsson	Sambandi íslenskra bankamanna
Guðrún Eyjólfsdóttir	Samtök atvinnulífsins
Jónína Gissurardóttir	Samtök atvinnulífsins
Jón Steindór Valdimarsson	Samtök iðnaðarins
Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Samtök verslunar og þjónustu
Kristín Guðmundsdóttir	Sjúkraliðafélag Íslands
Birna Ólafsdóttir,	Sjúkraliðafélag Íslands
Þóra Björk Jónsdóttir	Skólaskrifstofa Skagfirðinga
Kristín Hreinsdóttir	Skólaskrifstofa Suðurlands
Hulda Anna Arnljótsdóttir	Starfsmennt
Baldur Gíslason	Tækniskólinn
Jón B. Stefánsson	Tækniskólinn
Stefanía Magnúsdóttir	Verslunarmannafélagi Reykjavíkur
Vigdís Þyri Ásmundsdóttir	